

Hnúturinn herðist

KJARAMÁL Útspil stjórnvalda fékk dræmar viðtökur hjá leiðtogum verkalyðshreyfingarinnar og er ekki til þess fallið að liðka fyrir viðræðum. „Ég er hissa á væntingum um að til staðar væri svigrúm til skattalækkana upp á tugmilljarða króna,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra. „Það ætti ekki að koma á óvart hvert umfang þessara aðgerða er.“ – sar / sjá síðu 4



Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra kynnti tillögur stjórnvalda um skattkerfisbreytingar í gær. Tillögurnar fengu misjafnar viðtökur hjá leiðtogum verkalyðshreyfinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rannsaka fjárdrátt á Ísafirði

Lögreglan á Vestfjörðum rannsakar meintan fjárdrátt starfsmanns velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar. Talið er að starfsmaðurinn hafi dregið sér nokkrar milljónir af reikningum skjólstaðinga bæjarins.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Vestfjörðum rannsakar nú meintan fjárdrátt starfsmanns velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar. Guðmundur Gunnarsson, bærarstjóri á Ísafirði, segir málið litið grafalvarlegum augum.

Meint brot áttu sér stað á þriggja ára tímabili og komust upp við innra eftirlit bæjarins um mitt ár í fyrra. Upphæðirnar hlaupa á nokkrum milljónum króna. Talið er að starfsmaðurinn hafi dregið sér fé af reikningum skjólstaðinga velferðarsviðs, reikningum sem viðkomandi hafði aðgang að í gegnum störf sín fyrir sveitarfélagið. Guðmundur segir að búið sé að bæta þessu fólki tjónið og það sé nú í höndum bæjarins að sækja bætur.

Rannsóknin mun vera vel á veg komin. Karl Ingi Vilbergsson, lögreglustjóri á Vestfjörðum, staðfesti við Fréttablaðið að lögreglan væri með fjárdráttarmál til rannsóknar sem sneri að starfsmanni velferðarsviðs bæjarins. Aðeins einn aðili væri til rannsóknar og að meint brot hafi átt sér stað á árunum 2015 til 2018. Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, vildi ekki ræða málið þegar eftir því var leitað.

Guðmundur segir að bæjaryfirvöld hafi gripið til aðgerða um leið og málið komst upp. Starfsmanninum var vikið úr starfi og málið kært til lögreglu fyrir hönd skjólstaðinganna, en um er ræða við-

Þetta eru þannig fjárhæðir að málið er litið grafalvarlegum augum.

Guðmundur Gunnarsson, bærarstjóri á Ísafirði



kvæman hóp sem þarf á þjónustu sveitarfélagsins að halda. „Frá okkar bæjardyrum séð var aldrei neinn vafi á að grípa til tafarlausra aðgerða og kæra málið fyrir hönd okkar þjónustuþega til lögreglu.

Brotin áttu sér stað á löngu tímabili og þetta eru þannig fjárhæðir að málið er litið grafalvarlegum augum,“ segir Guðmundur.

Málið komst upp við innra eftirlit bæjarins og segir Guðmundur að málið hafi orðið til þess að breytingar voru gerðar á verkferlum.

„Við hefðum viljað sjá málið koma upp fyrr og það er sá spegill sem við settum á okkur í kjölfarið, að fara þá oftar í innra eftirlit. Við breyttum líka ferlunum til að vakta þetta með reglulegra millibili. Fyrir hönd Ísafjarðarbæjar þá getum við verið stolt af því að vita að innra eftirlitið virkar. Viðbrögðin voru líka eins og maður hefði viljað sjá við mál af þessu tagi.“ – ab

Kunni að hafa bakað Primera Air tjón

VIÐSKIPTI Rannsóknir skiptastjóra þrotabús Primera Air á Íslandi, sem var í eigu Andra Más Ingólfssonar, hafa „leitt í ljós að mögulegt sé að fyrirsvarsmenn félagsins hafi bakað því tjón“ í að minnsta kosti tveimur tilvikum. Þá hefur skiptastjóri það til skodunar „hvernig staðið var að reikningsskilum þrotamannsins að öðru leyti“. Þetta kemur fram í skýrslu skiptastjóra sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Athugun skiptastjóra á reikningsskilum flugfélagsins kunni að leiða til þess að þrotabúið geti sótt frekari fjárkröfur á hendur þeim sem báru ábyrgð á reikningsskilunum. Þá hyggst skiptastjóri höfða riftunarmál fyrir dómstólum, meðal annars á hendur Andra persónulega, vegna tveggja ráðstafana Primera Air að fjárhæð samtals 520 milljónir.

– hae / sjá Markaðinn

Settu punktinn yfir ferðalagið

PUNKTAR

PENINGAR

Air Iceland Connect



Veður



Austan 15-25 m/s, hvassast syðst. Rigning eða slydda á láglandi en hriðarveður til fjalla um landið norðan- og austanvert. Hlýnar í veðri, fyrst sunnan til. Suðlæg átt 5-13 síðdegis, úrkomulítið og kólnar aftur. **SJÁ SÍÐU 14**

Hættur að reykja



Þessir harðduglegu iðnaðarmenn héldu áfram niðurrifi gamla Landsímahússins við Austurvöll í miðborginni í gær. Verið var að rífa strompinn á húsinu þegar ljósmyndari Fréttablaðsins átti þar leið hjá í gær og má því segja að húsið sé loksins hætt að reykja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Dæmt í „shaken baby“ máli í dag

DÓMSMÁL Dómur verður kveðinn upp í máli Sigurðar Guðmundssonar í Hæstarétti klukkan 9 í dag. Fallist var á endurupptöku málsins árið 2015 en Sigurður var dæmdur í apríl árið 2003 fyrir manndráp af gáleysi fyrir að hafa hrist níu mánaða gamlan dreng, sem hann hafði í dag-gæslu, þannig að hann lést. Í málinu er helst tekist á um tilvist svokallaðs „shaken baby“ heilkennis.

Ríkissaksóknari krefst frávísunar málsins vegna bæði form- og efnisgalla á úrskurði endurupptökunefndar. Sigurður fer fram á að verða sýknaður enda hafi ekki verið sýnt fram á með vísindalegum gögnum að drengurinn hafi látist af „shaken baby“ heilkenninu. – aá

Gunguskapur að fella ekki

REYKJAVÍK Meirihluti borgarstjórnar breytti í gær tillögu minnihlutans um að sveitarstjórnarráðuneytinu yrði falið að skoða bréfa- og skilaboðasendingar til kjósenda í aðdraganda kosninga síðasta árs og samþykkti breytta tillögu sem kvað á um að „farið yrði yfir reynslu af verkefnum undanfarinna kosninga“ og að „leggja línur til framtíðar í samráði við viðkomandi stofnanir, ráðuneyti og frjáls félagasamtök og gera tillögur um með hvaða hætti er fært að hvetja til þátttöku í kosningum“.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir í samtali við Fréttablaðið að það hafi verið gunguskapur hjá meirihlutunum að „þora ekki að fella tillöguna ef þau vilja ekki gera þetta“.

„Þau koma sér undan því að taka afstöðu til málsins þannig að



Eyþór Arnalds.

við munum fara með þetta sjálf inn í sveitarstjórnarráðuneytið og óskum eftir því að málið verði skoðað þar,“ segir Eyþór um hina samþykktu, breyttu tillögu.

Hann bætir því við að viðvör-unarbjöllurnar hafi verið margar. „Dómsmálaráðuneytið skrifaði bréf um málið, Póst- og fjarskipta-stofnun veitti ekki heimild til að senda óumbeðin SMS og Persónuvernd fékk villandi upplýsingar frá borginni. Þannig að það voru þrjár stofnanir sem blikkuðu ljósum.“ – þea

Brýnt að foreldrar setji mörk um leikjaspilun

Óheft aðgengi að tölvuleikjum á borð við Fortnite getur raskað geðheilsu barna. Dæmi eru um að börn allt niður í átta ára geri fátt annað utan skóla en að spila leikinn. Skólastjóri segir foreldra þurfa að þora að hefta aðgang.

SAMFÉLAG Dæmi eru um að börn á grunnskólaaldri hafi óheftan aðgang að tölvu og geri fátt annað utan veggja skóla en að spila tölvuleikinn Fortnite. Viðmælendur Fréttablaðsins eru sammála um að foreldrar eigi ekki að hika við að setja mörk.

„Það eru dæmi um að börn hætti að mæta á íþróttæfingar eða hætti að fara út með vinum sínum því þau eru alltaf að spila þennan leik,“ segir Björn Hjálmarsson, barna- og unglingageðlæknir á BUGL. „Þau eru þá að missa af mikilvægri þroskahvetjandi virkni. Skjátími getur verið þroskahvetjandi þegar honum er stillt í hóf, en slæmur og þroskaletjandi í óhófi,“ segir Björn.

Hann segir mikla spilun geta haft slæm áhrif á félagslegan þroska og samskiptafærni barna. Þegar um er að ræða tilfelli þar sem barn hefur spilað í óhófi árum saman eigi það á hættu að verða greint með leikjarskun.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir mikla umræðu meðal foreldra um leikinn. Það þurfi hins vegar ekki að hafa áhyggjur af því að börn spili leiki sem ætlaðir eru þeirra aldurshópi ef þau sinna námi, vinum, borði hollt og sofi nóg. „Um leið og börn eru farin að fela notkunina ítrekað, gera sér upp veikindi til að spila og vanrækja þessa grunnþætti þá þarf að grípa í taumana.“

Arndís Steinþórsdóttir, skólastjóri Háteigsskóla, segir að þar hafi margir áhyggjur af óheftum aðgangi barna að tölvuleikjum og netinu utan skólans. Dæmi séu um að börn allt niður í átta ára spili leikinn án eftirlits. „Þetta er samt



Nemendur í Háaleitisskóla fóru að spila borðspil eftir að skólastjórnendur bönnuðu tölvuleikjaspilun á bókasafni skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Skólastjóri Háaleitisskóla segir aðeins hafa þurft leiðbeiningar til að snúa nemendum frá tölvuleikjum.

bara einn angur af stóru máli sem varðar oft óheftan aðgang barna að neti og tölvuleikjum og þar þurfum við fullorðna fólkið að vera meðvituð,“ segir Arndís.

Í Háaleitisskóla komust skólastjórnendur að því nýverið að börn voru í leikjum í tölvunum á bókasafninu. Í kjölfarið voru settar upp leiðbeiningar við tölvurnar um að þær séu aðeins ætlaðar til verkefnavinnu. Hanna G. Birgisdóttir, skólastjóri Háaleitisskóla, segir að það hafi skipt sköpum. „Það var eins og nemendurnir hefðu orðið fegnir þegar við bönnuðum tölvuleikina. Þau fóru öll að spila borðspil og við þurftum að auka við spilasafnið.“ Segir hún að börn vilji að þeim séu sett mörk. „Við trúðum þessu ekki. Eitt lítið spjald og við erum hætt að sjá þau spila tölvuleiki. Fullorðna fólkið þarf að setja sig í stellingar og þora að taka afstöðu með börnunum og gegn óheftum aðgangi að tölvuleikjum.“ arib@frettabladid.is

HVAR ENDA ÞÍN ÁHRIF?

Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanagerur. Ökum allsgáð.

Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á WWW.BILALAND.IS

Ný og ómótstæðileg
tilboð daglega!

LAGGER SALA

AFSLÁTTUR
900.000 KR.



Rnr. 145342

HYUNDAI Santa Fe III Style
Nýskr. 05/17, ekinn 84 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 5.490.000 kr.

TILBOÐ!
4.590.000 kr.

AFSLÁTTUR
600.000 KR.



Rnr. 430293

PEUGEOT 508 Allure
Nýskr. 11/16, ekinn 22 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.390.000 kr.

TILBOÐ!
2.790.000 kr.

AFSLÁTTUR
600.000 KR.



Rnr. 145550

SUBARU Outback Premium
Nýskr. 05/16, ekinn 101 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
Verð 3.790.000 kr.

TILBOÐ!
3.190.000 kr.

AFSLÁTTUR
600.000 KR.



Rnr. 391538

RENAULT Kadjar Zen 2wd
Nýskr. 12/15, ekinn 55 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.590.000 kr.

TILBOÐ!
1.990.000 kr.

AFSLÁTTUR
400.000 KR.



Rnr. 145453

RENAULT Clio Zen Sport Tourer
Nýskr. 03/17, ekinn 33 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 2.290.000 kr.

TILBOÐ!
1.890.000 kr.

AFSLÁTTUR
500.000 KR.



Rnr. 144870

NISSAN Note Acenta
Nýskr. 11/14, ekinn 38 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 1.690.000 kr.

TILBOÐ!
1.190.000 kr.

AFSLÁTTUR
900.000 KR.



Rnr. 391607

NISSAN Qashqai Acenta 4wd
Nýskr. 01/16, ekinn 70 þ.km,
dísil, beinskiptur.
Verð 3.290.000 kr.

TILBOÐ!
2.390.000 kr.

AFSLÁTTUR
800.000 KR.



Rnr. 121611

HYUNDAI i30 Classic
Nýskr. 05/17, ekinn 63 þ.km,
bensín, beinskiptur.
Verð 2.690.000 kr.

TILBOÐ!
1.890.000 kr.

LAGERSALA BÍLALANDS ER Í FULLUM GANGI!

Nýlegir notaðir bílar á tilboðsverði
sem slær allt annað út.

- VETRARDEKK
- ÁSTANDSSKOÐUN
- ALLT AÐ 80% LÁN
- FJÁRMÖGNUN Á STAÐNUM



www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Opið frá kl. 9-18 alla virka daga
og laugardaga frá kl. 12-16

Bilaland - Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar - Kaupúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is

bilaland

Boða forsvarsmann RFF á fund út af styrkjamáli

MENNING Niðurstaða er komin í athugun menningar- og ferðamála-sviðs Reykjavíkurborgar á styrkveitingu til Reykjavíkur Fashion Festival (RFF) sem aldrei fór fram á síðasta ári. Arna Schram sviðsstjóri segir að til standi að funda með Kolfinnu Von Arnardóttur, forsvarsmanni hátíðarinnar, á næstu dögum.

Fréttablaðið greindi frá því í síðasta mánuði að menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkurborgar gerði athugasemd við



Arna Schram, sviðsstjóri menningar- og ferðamála-sviðs Reykjavíkurborgar.

úthlutun til RFF upp á eina milljón króna í fyrra þar sem hátíðin hafi ekki farið fram. Til stóð að hátíðin fengi eina og hálf milljón í ár en ráðið frestaði þeirri úthlutun

meðan málið yrði skoðað. Nú er komin niðurstaða en Arna vill ekki upplýsa um afstöðu borginnar áður en hún hefur verið kynnt Kolfinnu.

Hún ítrekar þó að almennt séu styrkjareglur borgarinnar skýrar að því leyti að borgin áskilji sér rétt til að krefjast endurgreiðslu hafi styrkþegi ekki staðið við sinn hluta samningsins.

Kolfinnu Von tjáði sig um málið á Facebook þar sem hún sagði að borginni hefði verið tilkynnt um að hátíðinni hefði verið frestað til

vors og að óskað hafi verið eftir því að styrkumsóknir 2018 og 2019 yrðu sameinaðar. Slíkt væri alvanalegt.

Arna kannast þó ekki við nein dæmi um slíkt.

„Almennt get ég líka sagt að það er alls ekki hægt að ganga að því sem vísu að styrkir séu færðir á milli ára, það hefur verið gert í einstökum undantekningartilvikum, og eftir að sýnt hefur verið fram á, fyrir tiltekin tímamörk, og með sannfærandi hætti að viðburður

hafi frestast af óviðráðanlegum orsökum og að hann muni þrátt fyrir það fara fram samkvæmt samningi. Þá þekki ég engin dæmi þess að styrkúthlutanir tveggja ára hafi verið sameinaðar í eina, en hafi slíkt verið gert fyrir mína tíð, þá hefur það verið undantekning á reglunum,“ segir Arna sem verið hefur sviðsstjóri síðan í apríl 2017.

Afsvörum Örnú að dæma verður að teljast líklegt að forsvarsmenn RFF verði krafðir um endurgreiðslu á styrknum. – smj

Játaði á þriðja tug afbrota

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri, Ingólfur Ágúst Hjörleifsson, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í liðinni viku dæmdur í átján mánaða óskilorðsbundið fangelsi fyrir á þriðja tug brota. Ingólfur játaði öll brot sín greiðlega.

Fyrstu brotin áttu sér stað í ágúst 2017 en brotahrinunni lauk í desember síðastliðnum þegar maðurinn var úrskurðaður í gæsluvarðhald. Líklegt þótti þá að hann myndi halda brotum sínum áfram yrði hann látinn laus.

Meðal brota sem Ingólfur var sakfelldur fyrir var fjöldi þjófnaðarbrot þar sem vinnuverkfærum, tölvum og tölvuskjám var stolið. Einnig braust hann inn í bílskúra, bifreiðar og íbúðarhús og hafði meðal annars á brott veiðigræjur, útivistarfatnað, reiðhjól, hjólavagna og hljóðfæri. Þá játaði hann einnig líkamsárás, hótunarbrot og brot gegn fikniefnalöggjöfni.

Með brotum sínum rauf Ingólfur skilorð dóms sem hann hlaut í júní 2016 vegna fikniefnalagabrots. Við ákvörðun refsingar var það metið honum til málsbóta að hann játaði brot sín og aðstodaði lögreglu við að upplýsa brotin. Í ljósi skilorðsrofsins og fjölda brota þótti ekki unnt að binda refsinguna skilorði. – jõe

FRÉTTABLAÐIÐ Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á www.frettabladid.is/nyskraning. Það kostar ekkert.

Skattaútspil stjórnvalda ekki nóg fyrir verkalýðsfélögin

Verkalýðshreyfingin telur útspil stjórnvalda í skattamálum mikil vonbrigði og ekki til þess fallið að liðka fyrir kjaraviðræðum. Framkvæmdastjóri SA telur tillögurnar hins vegar ríma við þau fyrirheit sem stjórnvöld hafi gefið og svari kalli verkalýðshreyfingarinnar um sérstakar kjarabætur til hinna lægst launuðu.

KJARAMÁL „Ég er hissa á væntingum um að til staðar væri svigrúm til skattalækkana upp á tugmilljarða króna. Það ætti ekki að koma á óvart hvert umfang þessara aðgerða er,“ segir Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra um skattatillögur stjórnvalda sem hann kynnti í gær.

Samkvæmt tillögum verður bætt við nýju skattþrepi sem verður neðsta þrep kerfisins. Þannig munu tekjur upp að 325 þúsund krónum á mánuði bera 32,94 prósent skatt.

Fyrir þann sem er með 325 þúsund krónur í mánaðarlaun auka breytingarnar tekjur um rúmlega 6.700 krónur.

Munu þessar breytingar kosta ríkissjóð um 14,7 milljarða á ári. Með hækkun barnabóta og persónuafsláttar sem tók gildi um áramót er kostnaðurinn um 18 milljarðar.

„Þetta verður ekki til að liðka fyrir kjaraviðræðum. Við vorum að vonast til að það kæmi eitthvað til að liðka fyrir viðræðum þannig að það væri raunverulega hægt að spýta í lófana og klára samninga. Þetta verður ekki þannig,“ segir Drífa Snædal, forseti ASÍ.

Bjarni segir að stjórnvöld séu áfram reiðubúin í viðræðum og að samtal sé enn í gangi um ýmis atriði eins og húsnæðismálin.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir þau fyrirheit sem búið var að gefa inn í kjarasamninga hljóti að grundvallast á stjórnarsáttmálanum.

„Þar voru gefin fyrirheit um lækkun tekjuskatts um eitt pró-



Aðeins tveir af forsetum ASÍ sátu kynningu stjórnvalda á tillögum til enda. Vilhjálmur Birgisson fékk nóg og yfirgaf fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

/// Einstætt foreldri með 2 börn, annað yngra en 7 ára

Mánaðartekjur	Hækkun barnabóta	Lækkun skatta	Alls áhrif
300.000	114.400	81.100	195.500
500.000	106.900	81.100	188.000
900.000	200	79.600	79.800

/// Foreldrar í sambúð með 2 börn, annað yngra en 7 ára

Samanlagðar mánaðartekjur	Hækkun barnabóta 2019	Lækkun skatta	Alls áhrif
600.000	114.400	162.200	276.600
1.000.000	106.900	162.200	269.100
1.800.000	200	159.200	159.400

sentustig. Það er það sem ég hafði reiknað með inn í þessar viðræður. Síðan kemur í ljós í þeim tillögum sem fjármálaráðherra kynnti að þar er skattbyrðin lækkuð hlutfallslega mest á þá sem minnst bera úr bítum á vinnumarkaði.“

Halldór segist því ekki sjá betur

en að tillögurnar svari kalli verkalýðshreyfingarinnar um sérstakar kjarabætur til þeirra lægst launuðu og rími einnig ágætlega við fyrri yfirlýsingar stjórnvalda. „Ég hefði því haldið að þetta væri jákvætt innlegg í þessar kjaraviðræður.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, for-

maður Eflingar, tekur undir með Drífu Snædal og segir tillögurnar vonbrigði. „Ég batt vonir við að stjórnvöld áttuðu sig betur á þeirri stöðu sem lágaunafólk er í og væru tilbúin að hefja með okkur þá vegferð að snúa af braut þessarar stóru skattatilfærslu. Þannig að ég er ekki mjög glöð.“

Samninganefnd ASÍ fundaði um tillögurnar í gær og segir Sólveig Anna að þar hafi ríkt mikill samhljómur. „Þetta var ekki langur fundur einfaldlega vegna þess að fólk var mjög sammála um að þetta væri fyrir neðan allar hellur.“

Varðandi framhald kjaraviðræðna segir Sólveig Anna að það sé ekki bjart yfir og staðan sé mjög alvarleg.


„Viðræður okkar við SA voru komnar á mjög erfiðan stað. Það er mín skoðun að það sem komi frá stjórnvöldum frii SA ekki undan því að greiða fólk laun sem duga til þess að komast af. Ég held að SA séu ekki tilbúin til að hækka sitt boð og þá hlýtur að vera ljóst hvert stefnir.“

Í dag verða haldnir fundir víða í verkalýðshreyfingunni þar sem næstu skref verða rædd. Næsti fundur í deilu SA og fjögurra stéttarfélaganna hjá Ríkissáttasemjara verður á morgun og þar gæti dregið til tíðinda.

sighvatur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS Meira á +Plús síðu Fréttablaðsins.



TUNGUMÁL HJARTANS

„Gangverk er heillandi ljóðabók eftir ungt skáld með merkilega lífsreynslu að baki ... veitir einstaka innsýn í líf og líðan ljóðmælanda.“

ÚR UMSÖGN BÓKMENNTARÁÐGJAFNA
MIÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

+PLÚS



Sýnt á spilin

Kjaraviðræðurnar tóku á sig nýja mynd í gær þegar stjórnvöld sýndu á spilin. Viðtökurnar voru dræmar, og nú tekur við enn einn samningafundurinn þar sem framtíð viðræðnanna verður í húfi.



SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - VERÐ

MIKIÐ ÚRVAL AF TILBÚNUM RÉTTUM FRÁ REMA 1000



BIXIE
MEÐ KARTÖFLUMÚS
530 kr.



GÚLLAS
MEÐ KARTÖFLUMÚS
555 kr.



DÖNSK
BUFF
563 kr.



STEIKTUR
KJÚKLINGUR
992 kr.



KJÖTBOLLUR
Í KARRÝ
348 kr.



PASTA
CARBONARA
225 kr.



RISOTTO
MEÐ SVEPPUM
312 kr.



KJÚKLINGA
SÚPA
304 kr.



KJÖTBOLLUR
Í KARRÝ
1.517 kr.



PASTA
CARBONARA
1.286 kr.




RISOTTO
MEÐ SVEPPUM
1.401 kr.









LASAGNE
BOLOGNESE
225 kr.

MODENA PIZZA
399 kr.
HÁGÆÐA ÍTALSKAR
PIZZUR



STÓRLÆKKAD VERÐ Í FEBRÚAR

ALLT AÐ **85%** LÁNSHLUTFALL **ergo**
50% AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM

<p>440.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>KIA Sportage GT Line Árgerð 2017, ekinn 27 þús. km, bensín, 177 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð áður: 5.190.000 kr.</p> <p>Verð nú 4.750.000 kr. Útborgun frá 715 þ. kr.</p>	<p>500.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>VOLVO S80 Árgerð 2007, ekinn 196 þús. km, bensín, 200 hó, sjálfskiptur, framhjóladrifinn. Verð áður: 1.490.000 kr.</p> <p>Verð nú 990.000 kr.</p>
<p>500.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>MITSUBISHI Pajero Árgerð 2012, ekinn 163 þús. km, dísil, 200 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð áður: 3.690.000 kr.</p> <p>Verð nú 3.190.000 kr. Útborgun frá 480 þ. kr.</p>	<p>200.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>KIA Picanto LX Árgerð 2015, ekinn 49 þús. km, bensín, 66 hó, beinskíptur, framhjóladrifinn. Verð áður: 1.290.000 kr.</p> <p>Verð nú 1.090.000 kr. Útborgun frá 165 þ. kr.</p>
<p>500.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>MERCEDES-BENZ A-Class 180 Árgerð 2017, ekinn 16 þús. km, dísil, 115 hó, sjálfskiptur, framhjóladrifinn. Verð áður: 4.190.000 kr.</p> <p>Verð nú 3.690.000 kr. Útborgun frá 555 þ. kr.</p>	<p>500.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>VOLKSWAGEN Golf Variant Árgerð 2016, ekinn 47 þús. km, dísil, 110 hó, beinskíptur, fjórhjóladrifinn. Verð áður: 2.690.000 kr.</p> <p>Verð nú 2.190.000 kr. Útborgun frá 330 þ. kr.</p>
<p>600.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>PEUGEOT 5008 Style Árgerð 2015, ekinn 59 þús. km, dísil, 115 hó, sjálfskiptur, framhjóladrifinn. Verð áður: 2.850.000 kr.</p> <p>Verð nú 2.250.000 kr. Útborgun frá 340 þ. kr.</p>	<p>1.300.000 kr. AFSLÁTTUR</p>  <p>MERCEDES-BENZ ML 350 Bluetec 4MATIC Árgerð 2013, ekinn 129 þús. km, dísil, 259 hó, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn. Verð áður: 6.290.000 kr.</p> <p>Verð nú 4.990.000 kr. Útborgun frá 750 þ. kr.</p>

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli



**NOTAÐIR
BÍLAR**

Kletthálsi 2 • 110 Reykjavík • 590 2160 • notadir.is

Opið:
Fim-Fös 10-18
Laugardag 12-16



Launahækkunir Landsbankastjóra hafa vakið hörð viðbrögð og voru tilefni mótmæla í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Launahækkun forsenda þess að hæft fólk fengist

Bankaráð Landsbankans hafði áhyggjur af því að ekki yrði hægt að ráða hæfasta bankastjórann á þeim kjörum sem fyrrverandi bankastjóri var á. Formaður ráðsins telur að hófs hafi verið gætt með tilliti til starfskjarastefnu.

KJARAMÁL Hefðu laun bankastjóra Landsbankans ekki verið hækkuð um 1,2 milljónir króna á mánuði árið 2017 hefði verið erfiðara að finna hæfustu manneskjuna í starfið. Þetta segir formaður bankaráðs Landsbankans sem telur að í samanburði við aðra bankastjóra séu launin augljóslega ekki leiðandi og því hófleg upp á 3,8 milljónir króna á mánuði.

Bankaráð Landsbankans svaraði í gær erindi Bankasýslu ríkisins sem óskað hafði skýringa á 82 prósentu hækkun launa Lilju Bjarkar Einarsdóttur á tímabilinu 1. júlí 2017 til 1. apríl 2018. Bankaráðið itrekar í svari sínu að í starfskjarastefnu bankans sé kveðið á um að laun skuli vera samkeppnishæf en ekki leiðandi. Í ljósi þess að laun annarra bankastjóra séu verulega hærri en Landsbankastjóra, þá hafi launaákvæðanir verið í samræmi við þá stefnu.

Aðspurð hvort óttast sé að missa bankastjórann ef ekki sé hægt að bjóða honum það sem álitid er samkeppnishæf laun í þessu samhengi segir Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, að starfskjarastefnan snúist um að laða að sér hæfasta starfsfólkið.

Það er síðan tilviljun að við erum í ráðningarferli þegar lögnum er breytt. Það setti okkur auðvitað þrengri ramma.

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs



„Þess vegna er talið eðlilegt að við greiðum samkeppnishæf laun, en ekki leiðandi,“ segir Helga Björk.

Steinþór Pálsson, forveri Lilju Bjarkar í bankastjórastóli, var um tíma með lægri laun en undirmenn hans og margfalt lægri laun en aðrir bankastjórar. Hann og bankaráðið gerðu itrekaðar athugasemdir við kjörin, sem þá heyrði undir kjaraáráð, en þrátt fyrir þetta starfaði Steinþór í sex og hálf ár sem bankastjóri. Þar varð enginn atgervisflótti. En er staðan öðruvísi núna? Helga Björk segir að vonir hafi

staðið til að það tæki styttri tíma að færa ákvörðunarvald launa frá kjararáði til stjórnanna.

„Það er síðan tilviljun að við erum í ráðningarferli þegar lögnum er breytt. Það setti okkur auðvitað þrengri ramma. Við auglýstum eftir nýrri manneskju og sáum það að við gætum kannski ekki ráðið hæfasta fólkið ef það teldi sig vera að fá laun sem væru undir framkvæmdastjórum bankans og langt undir samanburðarfyrirtækjum eins og Íslandsbanka og Arion banka á þeim tíma. Þess vegna var þetta erfið ákvörðun og við þurftum að taka þetta í skrefum. Við litum svo á að við værum að nálgast starfskjarastefnuna í ársbyrjun 2017 og að 3,25 milljónir á mánuði væri að koma til móts við hana, væri hóflegt og alls ekki leiðandi,“ segir Helga Björk. Tíu mánuðum síðar kom til önnur launahækkun upp á 550 þúsund krónur á mánuði líkt og greint hefur verið frá.

Aðspurð um árlega endurskoðun launa bankastjórans 1. apríl næstkomandi segir Helga Björk að vel geti verið að starfskjarastefnan breytist á komandi aðalfundi bankans, áður en til þeirrar endurskoðunar komi. mikael@frettabladid.is

Fá ekki afslátt á hitaveitunni

ORKUMÁL Veitur ætla ekki að verða við áskorun sveitarstjórna í Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra um að lækka hitaveitureikninga íbúa á svæðinu.

„Sveitarstjórn harmar að Veitur skuli ekki samþykkja að koma til móts við íbúa sem þurftu að greiða margfalda hitaveitureikninga vegna vandræða Veitna við afhendingu á heitu vatni undanfarið og skorar á Veitur að endurskoða þá ákvörðun,“ bókar sveitarstjórn Rangárþings ytra vegna málsins.

Segist sveitarstjórnin leggja mikinn þunga á að Veitur setji mun meiri kraft í öflun á heitu vatni fyrir vaxandi byggð. „Skóða ber alla möguleika í þeim efnum m.a. að sækja heitt vatn frá vesturbakka



Frá Laugalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VEITUR

Þjorsár þar sem nægar uppsprettur virðast vera.“

Á fundi fulltrúa sveitarfélaganna með fulltrúum Veitna kom fram að eftirspurn eftir heitu vatni jókst um 9 prósent milli 2017 og 2018. Ekki hafi gengið vel að anna þess-

ari eftirspurn. „Á fundinum kom fram að Veitur munu ekki taka á sig hluta kostnaðar vegna hærri reikninga sem hluti íbúa fékk síðastliðið haust,“ segir í minnisblaði af fundinum.

Sveitarfélögin segja ástæðu hækkandi heitavatsreikninga meiri notkun vegna lækkandi hitastigs á vatninu en Veitur segja ástæðuna fyrst og fremst kaldara veður í fyrra en árið 2017.

„Í Rangárþingi miða Veitur við að lágmarkshiti til afhendingar í dreifbýli sé 50 gráður en 55 gráður í þéttbýli. Hitastig í Reykjavík inn í hús er að minnsta kosti 60 gráður en misjafnt eftir hverfum, hiti út úr kerfi í Reykjavík er um 80 gráður,“ segir í minnisblaðinu. –gar

VILTU NÁ TIL ERLENDRA FERÐAMANNA?

Visitor's GUIDE

www.visitorsguide.is

YOUR GUIDE TO REYKJAVÍK & ICELAND

STÆRSTA UPPLAG BÓKAR Á ÍSLANDI: 130.000 EINTÖK
Inniheldur allar helstu upplýsingar fyrir ferðamenn

Af hverju að auglýsa í bókinni og á www.visitorsguide.is

FRÁBÆR DREIFING. Bókinni er dreift í 130.000 eintökum yfir 12 mánaða tímabil sem gerir hana að mest dreifðu ferðabókinni á Íslandi. Samkvæmt könnunum RRF má áætla að 450.000 - 470.000 aðilar nýti sér bókina á ársgrundvelli.

FRÍ PLATINUM VEFSÍÐUSKRÁNING OG VEFAUGLÝSINGAR á ferðavef okkar fylgir með auglýsingum í bók.

AFSLÁTTARMIÐAR "COUPONS". Við bjóðum áhugasömum viðskiptavinum að setja inn afsláttarmiða (Discount Coupons) í bók og vef á hagstæðum kjörum.

FAGLEG AUGLÝSINGAHÖNNUN. Við aðstoðum þig við að setja upp flotta og faglega auglýsingu þér að kostnaðarlausu.


ALLT Í EINNI BÓK

Bókin kom fyrst út árið 2000 og hefur verið gefin út árlega síðan. Hún varð fljótlega eitt vinsælasta ritið á Íslandi á meðal ferðamanna. Efni bókarinnar er að hluta til byggt á ábendingum frá ferðaþjónustuaðilum og könnunum á meðal ferðamanna. Þá var nýr glæsilegur landsbyggðarkafli unninn í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna.

Bókinni er skipt í 6 kafla: menningu, veitingahús, krár og næturlíf, verslun, afþreyingu og landsbyggðina. Hverjum kafla fylgir götukort, þá er einnig í henni flettanlegt Íslands- og Reykjavíkurkort. Bókinni fylgir líka aðgangur að öflugum ferðaappi með upplýsingum um 3.000 staði. Það gildir því einu hvort ferðamaðurinn þarf upplýsingar á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi.

Á árinu 2016 urðu eigendaskipti á útgáfunni er Vegahandbókin keypti hana. Síðan þá hefur markvisst verið unnið að því að bæta þessa góðu bók með ýmsum nýjungum ásamt glæsilegri heimasíðu.

TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS!



Bókaðu upplýsingafund með markaðsráðgjafa okkar með því að senda tölvupóst á netfangið info@visitorsguide.is eða hringja í síma 697 6867 / 893 1091.

Helgur staður?



Ólöf Skaftadóttir
olo@frettabladid.is

Á horni Adalstrætis og Kirkjustrætis fyrir aftan Landsímahúsið stendur Víkurgarður, einn elsti almenningsgarður í Reykjavík, sem í daglegu tali kallast Fógetagarðurinn. Garðurinn stendur þar sem hin forna Reykjavíkurkirkja stóð allt frá árinu 1200. Síðasta kirkjan þar var rifin 1789 en kirkjugarðurinn var enn í notkun til 1839, þegar hann var afhelgaður.

Garðurinn hefur undanfarin örfá ár verið helst nýttur sem lifandi torg þar sem hægt er að fara á kaffihús og á bar, matarvagnar hafa þar starfað og matarmarkaðir settir upp á tyllidögum. Þessi skemmtilega þróun er þó tiltölulega nýleg. Meðal annars hefur svæðið áður verið nýtt undir einkabilastæði Landsbankastjóra á malbikuðu plani og fleira miður skemmtilegt.

Í húsinu við hliðina á Víkurgarði á að rísa hótél, auk þess sem NASA verður endurgerður í upprunalegri mynd. Fyrirhuguð er uppbygging veitingastaða, íbúða og menningartengdrar starfsemi á reitnum, sem nefnist Landsímareiturinn.

Eflaust þykir mörgum nóg um hótéluppbyggingu í borginni. Hægt er að færa ágætis rök fyrir því. Þau sjónarmið eru líka góð og gild, að huga þurfi vel að minjum í borginni. Um þetta hefur verið deilt í kringum byggingu hótelsins. Þar hefur farið fremst í flokki félagskapur sem kallar sig Varðmenn Víkurgarðs. Þeir hafa sagt að með uppbyggingu á reitnum verði grafarró 600 manns raskað, en af byggingarlóðinni sjálfri hafa þó allar minjar verið fjarlægðar með samþykki Minjastofnunar.

Ekki er að sjá að Víkurgarðsmenn hafi látið garðinn sjálfan sig nokkru varða undanfarna áratugi, þegar honum var meira og minna öllum raskað með greftri um hann þveran og endilangan í framkvæmdum á seinni hluta síðustu aldar og upphafi þeirrar sem nú liður.

Nú liggur ljóst fyrir að lóðarhafar á Landsímareitnum hafa komið til móts við sjónarmið Minjastofnunar Íslands um vernd menningarminja í Víkurgarði sem voru sett fram í friðlýsingartillögu sem stofnunin hafði beint til Lilju Alfreðsdóttur menningarmálaráðherra. Rökstuðningur fyrir tillögu Minjastofnunar stóð og féll með staðsetningu inngangs, sem átti að vera gegnt Víkurgarði en liggur nú fyrir að verði færður út fyrir mörk garðsins samkvæmt tillögu lóðarhafa. Var tillagan því dregin til baka og ráðherraum þar með forðað frá því að taka erfiða ákvörðun, hvernig sem hún hefði orðið, á elleftu stundu.

Ætla mætti að þessi niðurstaða yrði til þess að Varðmenn Víkurgarðs gætu vel við unað þar sem niðurstaðan tryggir að umferð gangandi inn á jarðhæð nýbyggingarinnar, sem hýsa á veitinga- og kaffihús í opnu rými, verður ekki um Víkurgarð. Svo virðist hins vegar ekki vera, þar sem harðlinumenn úr þeim hópi hafa þegar lýst yfir andstöðu og frekari mótmælum. Þessi afstaða vekur upp spurningar um hvort blaðaskrif og mótmælaaðgerðir undanfarna mánaða hafi í raun snúist um eitthvað allt annað en Víkurgarð og vernd hans.

Má vera að málið snúist frekar um ihaldssemi og fortíðarþrá en áhuga á því að vernda menningarminjar? Hinna látnu á að minnast, en þeir mega ekki trompa lífið í borginni.



Má vera að málið snúist frekar um ihaldssemi og fortíðarþrá en áhuga á því að vernda menningarminjar?

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Fylgstu með á frettabladid.is

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Halldór



Frá degi til dags

Að telja lækni

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra fylgdi skattkerfisbreytingum og ýmsum meintum kjarabótum stjórnarinnar eftir á Facebook í gær þar sem undirtektir voru blendnar. Að kveldi dags hafði 89 tilfinningatáknum verið splæst á stöðufærsluna. Þar af voru 65 „læk“, meðal annars frá flokks- og blóðbræðrum Katrínar. Reiðir hausar voru tíu og jafnmargir felldu tár. Fjórir voru skellihljændi en öljóst hvort þeim finnist tillögurnar alger brandari eða alveg æðislegar. Athugasemdirnar eru öllu skýrari en þar var meðal annars talað um „dapurlegt undanhalð“ og hrópað hástöfum: „VIÐ ERUM SVÖNG. HLUSTAÐU!!!“

0 Michelin-stjörnur

Þessi matseðill ríkisstjórnarinnar mun tæpast fá Michelin-stjörnu og ljóst að verkalýðsforingjarnir hafa ekki lyst á þeim traktoringum. Drifa Snædal, formaður ASÍ og fyrrverandi flokkssystir forsætisráðherra, sagði í gær að tillögur ríkisstjórnarinnar um skattkerfisbreytingar væru ekki til þess fallnar að liðka henni kjara-viðræðum. Kemur fyrir sennilega ekki á óvart þar sem hún sagði sig úr VG þegar flokkurinn myndaði þessa ríkisstjórn og kvaddi með þeim orðum að þetta verði „eins og að éta skit í heilt kjörtímabil“. Og það er ekki einu sinni komið að eftirréttinum. thorarinn@frettabladid.is

Skattar og jöfnuður



Oddný Harðardóttir, þingflokksformaður Samfylkingarinnar

Alþýðusamband Íslands hefur í rúm 100 ár barist fyrir mikilvægum jöfnunar- og velferðarmálum í samfélagi okkar. Í því sambandi má nefna almannatryggingar, orlofsrétt, atvinnuleysisstryggingar, fæðingarorlof, vökulögin, launajafnrétti og margt fleira sem sátt er um að telja sjálfsögð réttindi, en þurfti svo sannarlega að berjast fyrir. Í yfirstandandi kjarabaráttu leggur ASÍ áherslu á að skattkerfinu verði beitt til aukins jafnaðar, að barnabótakerfið verði styrkt og að á húsnæðisvandanum verði tekið af festu með aðgerðum sem virka.

Skattabreytingar undanfarna ára hafa verið launafólki með lágar- og meðaltekjur í óhag. Það sýna öll gögn. Að sama skapi hefur hátekju- og stóreignafolk hagnast verulega á þeim sömu breytingum. Bótakerfin hafa líka markvisst verið veikt. Upphæðin sem ríkisstjórnarflokkarnir samþykktu að verja til barnabóta í ár er að raungildi tæplega sú sama og samþykkt var fyrir árið 2013, síðasta ár síðustu vinstri stjórnar hér á landi. Á undanförunum sex árum hafa vel á annan tug þúsunda fjölskyldna dottið út úr kerfinu vegna grimma tekjutenginga og skerðinga og enn fleiri hafa dottið út úr vaxtabótakerfinu. Ríkisstjórnarflokkarnir hæla sér af því að um 2.000 fleiri fjölskyldur fái barnabætur í ár en í fyrra. Það er dropi í hafið og skammarlega lítið skref. Nauðsynlegt er að gera miklu betur, enda fá fjölskyldur með meðallaun engar barnabætur. Og fæðingum fækkar á meðan eldra fólk fjölgar.

Samfylkingin styður skattahugmyndir ASÍ. Verði unnið eftir þeim við útfærslu breytinga á skattkerfinu mun jöfnuður aukast á Íslandi. Það er ekki aðeins til góðs fyrir láglauna- og meðaltekjufolk sem fær fleiri aura í veskið og ekki aðeins gott fyrir ungar fjölskyldur og þá eldri sem þurfa að reida sig á greiðslur Tryggingastofnunar – heldur mun allt samfélagið hagnast og verða betra og réttlátara. Rétt eins og aðrar samfélagsbætur hafa gert sem ASÍ hefur barist fyrir og siglt í höfn.



Samfylkingin styður skattahugmyndir ASÍ. Verði unnið eftir þeim við útfærslu breytinga á skattkerfinu mun jöfnuður aukast á Íslandi.

Óprúttir bankar



Þorsteinn Víglundsson
varaformaður
Viðreisnar

Ég á tvo vini sem eru afbragðs prúttarar. Borga aldrei uppsett verð. Ég er eiginlega viss um að þeir fái afslátt hjá skattinum. Oft bregður mér að sjá hversu háa afslátt er hægt að kreista út. Segir kannski eitthvað um álagninguna í þessu landi fákeppinnar.

Sjálfur er ég heldur lélegur í þessu og borga oftast uppsett verð. Mér leiðist að þurfa alltaf að gráta út afslátt. Leiðist að þurfa að bjóða út tryggingar heimilisins árlega til að koma í veg fyrir að þær rjúki upp í verði. Ég skil ekki reikningana frá símafyrirtækinu eða hvers vegna þarf að senda mér þrjá reikninga á mánuði til að dekkja þjónustuna. Hvað þá orkureikninginn sem alltaf er að klofna upp í fleiri kvíslar og hækkar eins og enginn sé morgundagurinn.

Það sem ég skil þó síst er bankinn minn. Verðskrár þriggja stærstu bankanna telja 8 síður og það í letri sem krefst lesglæraugna fyrir miðaldra mann. Virðast samt vera sama skjalið ljósritað á bréfsefni hvers banka um sig. Ég verð að viðurkenna að ég dáist að hugmyndaauði bankanna yfir því sem rukkað er fyrir. Ef við tökum lán borgum við bankanum þóknun

fyrir að meta hversu mikið hann vilji lána okkur, auk hinna himinháa vaxta. Svo greiðum við lán-tökugjald, gjald fyrir skjalagerð, og svo auðvitað gjald fyrir að fá að greiða afborganir, jafnvel þó þær séu skuldfærðar og allur pappír afþakkaður. Ef við viljum greiða hraðar inn á lánið kemur þóknun á það.

Það kemur því kannski ekki á óvart að einstaklingar greiddu stærstu viðskiptaböndkunum þremur 15 milljarða króna í þóknunir fyrir þjónustu þeirra á síðasta ári til viðbótar við 42 milljarða króna í vexti.

Þóknana gleðinni er þó ekki lokið barna. Við greiðum t.d. 3-4% þóknun fyrir millifærslur í gegnum greiðsluöpp á netinu, ef tekið er út af kreditkortu. Þá smyrja kortafyrirtækin 3-5% ofan á gengið ef við notum kreditkortin okkar erlendis, sem samsvarar um 6 milljörðum króna á ári.

Of dýrt og ósamkeppnishæft bankakerfi

Hvítbók ríkisstjórnarinnar sýnir okkur svart á hvítu að við erum með dýrt og ósamkeppnishæft bankakerfi. Munurinn á innláns- og útlánsvöxtum er 3%, nær þrefaldur á við Norðurlöndin. Við það bætist svo að krónan okkar ber um 4% hærra vexti en gjaldmiðlar nágrannalanda okkar. Hvert prósent í lákkun sparar 20 milljarða á ári eða um 140 þúsund á hverja fjölskyldu miðað við heildarskuldir heimilanna.

Helstu ástæður þessa eru

þrjár. Í fyrsta lagi er það auðvitað gjaldmiðillinn. Þrátt fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir þrjú tali endalaust um kosti krónunnar eru vextir hennar og hafa alltaf verið miklu hærra en í nágrannalöndum okkar. Auk þess er gjaldmiðillinn eins og tollvernd fyrir bankakerfið. Erlendir bankar hafa engan áhuga á að starfa hér á landi í krónu-umhverfinu og fyrir vikid er samkeppnin engin.

Í öðru lagi er það síðan eignarhald ríkisins á bankakerfinu. Stjórnvöld nú hafa meiri áhuga á arðgreiðslum bankanna en þjónustu þeirra við landsmenn. Ríkið er ekki göður eigandi á þorra bankakerfisins og ætti að losa um eignarhlut sinn með það sérstaklega að markmiði að örva samkeppni.

Í þriðja lagi er síðan gjaldtaka hins opinbera og stífar eiginfjárkröfur til bankanna. Skattar á fjármálakerfið eru hér mun hærra en annars staðar og eiginfjárlutfall sömuleiðis mun hærra. Það gerir bankana ósamkeppnishæfa.

Gríðarlegur kostnaður bankakerfisins verður ekki leystur með því að heimta afslátt. Jafnvel fyrrnefndum vinum mínum verður þar ekkert ágengt. Ósamkeppnishæft bankakerfi sem ekki þjónar þörfum heimila og fyrirtækja er hætt að þjóna tilgangi sínum. Það leiðir af sér ósamkeppnishæft atvinnulíf og kostar heimilin í landinu einfaldlega allt of mikið.

Við þurfum alþjóðlega samkeppni í bankaþjónustu til að þessi staða breytist. Við þurfum annan gjaldmiðil.

Velferðarvaktin



Siv Friðleifsdóttir

Velferðarvaktin er 10 ára, en hún var stofnuð 17. febrúar 2009 af Ástu R. Jóhannesdóttur, fyrrverandi félags- og tryggingamálaráðherra, í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Hefur vaktin starfað í tíð sex ráðherra félagsmála, þ.e. Ástu, Árna Páls Árnasonar, Guðbjarts Hannessonar, Eyglóar Harðardóttur, Þorsteins Víglundssonar og nú Ásmundar E. Daðasonar. Vaktin hefur í gegnum tíðina fylgst með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur og heimili í landinu, metið aðgerðir sem gripið hefur verið til og lagt fram tillögur til úrbóta. Í skipunarbréfi segir að hún sé ráðgefandi fyrir ráðherra sem og stjórnvöld og skuli huga „að velferð og afkomu efnalitilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni.“ Formenn vaktarinnar hafa verið tveir frá upphafi, fyrst Lára Björnsdóttir og síðan greinarhöfundur. Í henni eiga nú sæti um 40 fulltrúar frá frjálsnum félagasamtökum, aðilum vinnumarkaðarins, stofnunum, sveitarfélögum og nokkrum

ráðuneytum, allt aðilar með inn-sýn í aðstæður þeirra sem minna mega sín.

Störf Velferðarvaktarinnar hafa þróast með tímanum í takt við nýjar áskoranir. Hún hefur staðið fyrir rannsóknum um sára fátækt og stendur nú fyrir rannsókn á börnum sem búa við fátækt. Hún hefur beitt sér fyrir bættum aðstæðum einstæðra foreldra sem fá fjárhagsaðstoð og barna þeirra. Hvatningar og tillögur sem vaktin hefur lagt fram til stjórnvalda hafa borið árangur sem sjá má m.a. í bættu aðgengi barna að skólamáltíðum, fríum námsgögnum fyrir grunnskólabörn og auknum áherslum stjórnvalda í málefnum flóttamanna og utangarðsfólks. Þá hefur vaktin lagt fram tillögur sem miða að því að draga úr brotthvarfi framhaldsskólanema og stendur nú fyrir könnun á skólasókn grunnskólabarna m.t.t. skólaforðunar.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru mikilvæg og munu hafa áhrif á störf Velferðarvaktarinnar með tilliti til markmiða sem lúta að fátækt, hungri, heilsu og vellíðan, menntun og auknum jöfnuði. Heimsmarkmiðin eru nýtt tæki sem vænta má að skili árangri innanlands sem utan. Vaktin mun vinna í anda þeirra og skipunarbréfs síns.

Þótt almennt gangi betur nú en fyrst eftir efnahagshrunið þarf áfram að vakta velferð samfélagsins og bæta stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Velferðarvaktin mun standa þá vakt áfram.

www.renault.is

NÝR RENAULT CLIO GÓÐUR FERÐAFAÉLAGI



RENAULT
Passion for life

ENNEEM / SIA / NM92148



Renault Clio

Verð frá: 2.550.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyri
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Flestar umsóknirnar að utan

Golfsambandið gerir ráð fyrir að ráða næsta landsliðsþjálfara á næstu tveimur vikum. Það búrast fjórutíu umsóknir um starfið þegar GSÍ auglýsti það og komu flestar umsóknirnar að utan.

GOLF Jussi Pitkänen lét af störfum sem afreksstjóri GSÍ í byrjun febrúar eftir rúmlega tveggja ára starf en Golfsamband Ísland er að vinna við að finna eftirmann Finnans. Síðasta verkefni Jussi sem tók við landsliðinu af Úlfari Jónssyni árið 2016 var að velja landsliðshópa GSÍ fyrir árið 2019 sem hann tilkynnti í byrjun febrúar og fór hann í æfingabúðir með afrekskylfingum í janúar.

Haukur Örn Birgisson, forseti Golfsambands Íslands, staðfesti í samtali við Fréttablaðið að Jussi hefði lokið störfum fyrir Golfsambandið þann 1. febrúar síðastliðinn en hann þáði starf sem þjálfari finnska landsliðsins í golfi.

Golfsambandið auglýsti eftir nýjum þjálfara, bæði á erlendum vettvangi og innlendum, fyrir áramót og var mikill áhugi á starfinu. Haukur Örn segir að ráðningarferlið standi yfir þessa dagana og átti von á því að komist yrði að niðurstöðu á næstu vikum.

„Við auglýstum starfið bæði innan- og utanlands og það var mikill áhugi. Það búrast um fjórutíu umsóknir og stærstur hluti þeirra kom að utan. Þetta tekur allt saman tíma en er í ferli og við vonumst til þess að klára ráðninguna á næstu tveimur vikum,“ sagði Haukur sem sagði Íslendinga sem og erlenda þjálfara koma til greina.

„Það er ekkert skilyrði hjá okkur að ráða útlendan eða íslenskan



Jussi, hér lengst til hægri, ásamt kvennasveit Íslands á Evrópumótinu í golfi árið 2017. MYND/GSÍ/SIGURÐUR ELVAR

þjálfara. Það eru allar umsóknir jafnar og ráðað er eftir hæfnisröð. Eftir viðtöl við þá sem koma til greina vonumst við til að finna rétta manneskju öðrum hvorum megin við mánaðamótin.“

Jussi sem hætti formlega störfum í byrjun febrúar hefur þó verið GSÍ innan handar á meðan leitinn að næsta landsliðsþjálfara stendur yfir.

„Hann hefur formlega lokið störfum en hann er okkur innan handar á meðan við erum að ganga frá ráðningu næsta landsliðsþjálfara. Þegar hann var landsliðsþjálfari vann hann með góðu fólki sem sér um að halda boltanum á lofti á meðan við göngum frá ráðningunni á næsta landsliðs-

Við auglýstum starfið bæði innan- og utanlands og það búrast 40 umsóknir, flestar þeirra að utan.

Haukur Örn Birgisson, forseti GSÍ



þjálfara. Síðasta verkefni hans var í samstarfi við GSÍ að velja landsliðshópinn fyrir þetta ár,“ sagði Haukur sem sagði að starfið innihéldi vinnu sem landsliðsþjálfari og sem afreksstjóri sambandsins.

„Þetta verður sami starfstíll og Jussi var með, afreksstjóri og landsliðsþjálfari á sama tíma. Það var ákveðið að halda því óbreyttu.“

Næsta verkefni landsliðsins er ekki fyrr en í sumar sem gefur GSÍ nægan tíma þrátt fyrir að markmiðið sé að næsti landsliðsþjálfari verði ráðinn á næstu vikum.

„Sem betur fer erum við ekki í tímaþröng. Næstu landsliðsverkefni eru ekki fyrr en í sumar svo að við höfum nægan tíma.“ kristinnpall@frettabladid.is

Nýjast

Coca Cola-bikar karla



ÍBV - ÍR 31-33

ÍBV: Kristján Ö. Kristjánsson 11, Hákon D. Styrmisson 5, Dagur Arnarsson 3, Fannar Þ. Friðgeirsson 3, Magnús Stefánsson 2, Róbert Sigurðarson 2, Kári K. Kristjánsson 2, Grétar Þ. Eypörsson 2, Elliði S. Viðarsson 1. **ÍR:** Pétur Á. Hauksson 10, Sturla Ásgeirsson 9, Bergvin Þ. Gíslason 5, Björgvin Þ. Hólmgeirsson 3, Kristján Ö. Jóhannsson 3, Þrándur Gíslason 2, Sveinn A. Sveinsson 1.

Afturelding - FH 26-29

Afturelding: Tumi S. Rúnarsson 5, Finnur I. Stefánsson 5, Birkir Benediktsson 5, Elvar Ásgeirsson 4, Einar I. Hrafnsson 3, Júlíus Þ. Stefánsson 2, Árni B. Eyjólfsson 1, Gunnar Kristinn Þórsson 1.

FH: Birgir Már Birgisson 6, Ásbjörn Friðriksson 5, Ágúst Birgisson 5, Jakob M. Ásgeirsson 4, Bjarni Ö. Valdimarsson 3, Einar Ö. Sindrason 2, Eypör Ö. Ólafsson 1, Davíð S. Reynisson 1, Benedikt E. Skarphéðinsson 1, Arnar F. Ársælsson 1.

Fjölnir - Þróttur 33-19

Fjölnir: Breki Dagsson 7, Bergur E. Rúnarsson 6, Brynjar Loftsson 5, Brynjar Ö. Kristjánsson 4, Hafsteinn Rocha 2, Arnar M. Rúnarsson 2, Þórir B. Traustason 2, Björgvin Þ. Rúnarsson 2.

Þróttur: Öttar F. Pétursson 4, Aron Valur Jóhannsson 4, E. Mikalónis 3, Jón Hjálmarsson 3, Styrmir Sigurðarson 3, Arnór Róbertsson 1, Aron Heiðar Guðmundsson 1.

Coca Cola-bikar kvenna



Haukar - Stjarnan 22-23

Haukar: Maria Pereira 6, Ramune Pekar-skyte 5, Ragnheiður Sveinsdóttir 4, Hekla Rún Ámundadóttir 2, Karen Helga Diönu-dóttir 2, Berta Rut Harðardóttir 2.

Stjarnan: Þórey A. Ásgeirsdóttir 7, Stefania Theodórsdóttir 7, Þórhildur Gunnarsdóttir 5, Laufey Á. Guðmundsdóttir 2, Dagný Huld Birgisdóttir 1, Kristín Guðmundsdóttir 1.

Meistaradeildin



Liverpool - Bayern 0-0

Lyon - Barcelona 0-0

Taktu vel á móti vetri í Volkswagen jeppa á lægra verði.

Volkswagen jeppar á lægra verði.

Volkswagen er með breiddina í jeppum sem fást allir fjórhjóladrifnir og tilbúnir fyrir veturinn. Nú mætum við hvaða færð sem er og lækkum verðið á öllum jeppum frá Volkswagen. Komdu í HEKLU og náðu þér í einn á lægra verði. Hlökkum til að sjá þig!



Sýningarsalurinn okkar á netinu er opin allan sólarhringinn. Skoðuðu úrvalið! www.hekla.is/vwerslun



Volkswagen





**GÓÐU
BAKTERÍURNAR
ELSKA ZENDIUM***

**STYRKTU
NÁTTÚRULEGAR
VARNIR MUNNSINS**

**MEÐ NÁTTÚRULEGUM
ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM**

FÉLAG
ÍSLENSKRA
TANNFRÆÐINGA
MÆLIR MEÐ
ZENDIUM
TANKREMI

*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara
tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

TÍMAMÓT



Elskulegur bróðir okkar,
Arnþór K. Jónsson
frá Möðrudal,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold
föstudaginn 15. febrúar.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju
föstudaginn 22. febrúar kl. 15.00.

Systur hins látna og fjölskyldur.



Elsku eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,
Þorsteinn B. Hjaltason

lést föstudaginn 8. febrúar á
Landsþítalanum Fossvogi.
Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju
föstudaginn 22. febrúar kl. 15.00.

Jónína Katrín H. Arndal
Hjalti Þorsteinsson **Sigrún Hjálmarasdóttir**
Þórunn Þorsteinsdóttir
Helgi Arndal
og barnabörn.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Raket Sjöfn Ólafsdóttir

lést á dvalarheimilinu
Grund þann 6. febrúar.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Guðrún J. Tómasdóttir **Lúðvík B. Ægisson**
Þorbjörg B. Tómasdóttir **Magnús Axel Hansen**
Tómas Tómasson
barnabörn og langömmubörn.



Systir mín,
Ingibjörg (Ima) H. Dinusson

lést á heimili sonar síns í Davenport,
Iowa, USA, 8. febrúar sl. á 101. aldursári.
Bálför hefur farið fram en
minningarathöfn verður haldin síðar
með vorinu í Fargo, Norður-Dakóta.

Fyrir hönd aðstandenda á Íslandi,
Þórhallur Hermannsson



Elskulegur bróðir minn,
mágur og frændi,
Guðmundur Heiðar Erlendsson
Hljóðalind 6,
Kópavogi,

lést 13. febrúar. Útförin fer fram
frá Kópavogskirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 11.00.

Sólveig Erlendsdóttir **Sigurjón Geir Þórðarson**
Dagur Árni og Jökull Logi Sigurjónssynir



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Páll Sigurgeirsson
Fróðengi 3, Reykjavík,
frá Hlíð, A-Eyjafjöllum,

lést í faðmi fjölskyldunnar
föstudaginn 15. febrúar. Útförin fer fram
frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 21. febrúar kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á að láta Landsbjörg njóta þess.

Þórhildur Margrét Guðmundsdóttir
Guðjón Þór Pálsson **Dolores Mary Foley**
Sigurgeir Pálsson **Sus Kirk Holbech**
Anna Dóra Pálsdóttir **Hrafn Sveinbjarnarson**
börn og barnabörn.

Hver dagur þakkarverður

Ólöf Kolbrún óperusöngvari er sjötug í dag. Í tónlistarveislu í Langholtskirkju laugardaginn 23. febrúar verður í fyrsta sinn veitt úr minningarsjóði manns hennar Jóns Stefánssonar.

Ég ákvað að halda tónleika í tilefni sjötugsafmælisins um næstu helgi. Ætla þó ekki að syngja sjálf, heldur hef safnað saman góðum kröftum til að koma fram. Ég hef kennt svo mörgum söngvurum gegnum tíðina og margt af þessu fólki vann með Jóni líka í kórnum hans," segir Ólöf Kolbrún Harðardóttir óperusöngvari sem á sjötugsafmæli í dag. Þegar eiginmaður hennar, Jón Stefánsson organisti, dó fyrir þremur árum var lagður grunnur að minningarsjóði um hann sem er ætlaður til að styrkja efnilegt tónlistarfólk á háskólastigi sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda. Því segir Ólöf Kolbrún eiga vel við að safna í minningarsjóðinn hans með tónleikum í tilefni afmælis hennar og líka veita úr honum í fyrsta sinn. „Það er í anda Jóns og þannig vil ég hafa það," segir hún og bætir við að sterkur hópur hafi myndast sem kalli sig Jónsavinafélagið, hann hittist reglulega og syngi saman. „Svo koma kórar Langholtskirkju fram, enda eru tónleikarnir í kirkjunni.“ Ólöf Kolbrún kennir bæði við Söngskólann í Reykjavík og söngdeild Listaháskólans og lætur vel af því. „Ég ætla að halda áfram að vinna meðan ég er með „fulde fem!“ Finnst ég vera lukkunnar þamfill að fá að vinna við það sem mér þykir vænst um að gera og kann best. Ég er í grunninn kennari og var við almenna kennslu í fimm ár. Síðan fór ég í framhaldsnám í tónlist til Vínarborgar á sínum tíma, eftir það fór boltinn að rúlla og ég söng mörg hlutverk í Þjóðleikhúsinu og Óperunni – einhvern veginn eru



„Þetta eru skemmtileg tímamót og ekki má gleyma að þakka fyrir heilsuna," segir hin siunga Ólöf Kolbrún sem fagnar sjötugsafmæli með stæl. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

allt í einu 50 ár í starfi bara liðin.“ Spurð um eftirminnlegasta hlutverkið svarar Ólöf Kolbrún. „Violetta í La Traviata var það fyrsta stóra en á hverjum tíma er það hlutverkið sem maður er að glíma við sem stendur hjartanu næst. Mér finnst líka gaman að upplifa að þegar ég hlusta á óperu núna sem ég hef sungið, þá dett ég inn í hana. En í raun hefur þetta verið samfellt, viðburðaríkt, fallett líf, að minnu mati, eitthvað til að þakka fyrir. Hver afmælisdagur og í raun hver dagur er

þakkarverður. En á stórum tímamótum eins og nú þá staldrar maður við og mér fannst þau vera þess virði að minnast starfs okkar hjóna í sameiningu.“

Hún þvertækur fyrir að ætla að taka lagið sjálf. „Ég get alveg notað röddina mína en ég er hætt að troða upp," segir hún ákveðin. „Maður getur ekki bæði verið að framleiða söngvara og taka af þeim vinnuna. Það er ekki viðeigandi! Ég er alveg laus við að þurfa að eiga sviðið.“
gun@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

Málfríður Finnsdóttir

hjúkrunarfræðingur,
frá Hvilft í Önuðarfirði,
síðast til heimilis að Efstaleiti 14,
Reykjavík,

lést á Hrafnistu miðvikudaginn 13. febrúar.
Útförin fer fram frá Grensáskirkju fimmtudaginn
21. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar
er bent á ABC barnahjálp.

Guðm. Stefán Mariasson **Kristín Jónsdóttir**
Áslaug Mariasdóttir **Skúli Lýðsson**
Bryndís H. Mariasdóttir **Kristján Einarsson**
Árni Mariasson **Guðrún Oddsdóttir**
Hildur Mariasdóttir **Þórður Oddsson**
barnabörn og barnabarnabörn.



Elsku móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
Svanhildur Friðriksdóttir

Sólbergi,
Svalbarðsströnd,

lést þriðjudaginn 12. febrúar.
Útförin fer fram frá Svalbarðskirkju
mánudaginn 25. febrúar kl. 14.00.

Rúnar Arason **Inga Jóhannsdóttir**
Ásdís Jóhannsdóttir
Úlfar Arason **Larisa Seleznyova**
Edda G. Aradóttir **Halldór Arinbjarnarson**
og fjölskyldur.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,
Rögnvaldur Egill Sigurðsson

lést mánudaginn 18. febrúar að
Lögmanshlíð. Jarðarför auglýst síðar.

Jóhanna Rögnvaldsdóttir
Gústaf Jóhannsson
Sigurður Rögnvaldsdóttir
Elín E. Magnúsdóttir
Sigurlaug Rögnvaldsdóttir
Sigurður Pálsson
Agla Rögnvaldsdóttir
Karl Emil Sveinsson
og fjölskyldur.



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma okkar og langamma,
Guðrún Beta Grimsdóttir
Böoarsgötu 17,
Borgarnesi,

andaðist í Brákarhlíð Borgarnesi,
sunnudaginn 17. febrúar. Hún verður
jarðsöngin frá Borgarneskirkju, föstudaginn
22. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er
bent á björgunarsveitina Brák – netfang:
jakob.gudmundsson310@gmail.com.
Hjartans þakkir til starfsfólks Brákarhlíðar fyrir
einstaklega góða umönnun og notalegheit.


María Jóna Einarasdóttir **Hreggviður Hreggviðsson**
Einar Guðmar Halldórsson **Halla Kristjánsdóttir**
Magnús Hreggviðsson **Fía Ólafsdóttir**
Guðrún Jóna Hreggviðsdóttir **Sigurður Hjalti Magnússon**
Sesselja Hreggviðsdóttir
og langömmubörn.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. febrúar 2019

7. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DATEJUST 41

MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is



Innviðir eru í sigti fjárfesta

Baldvin Björn Haraldsson, eigandi BBA Legal, segir lögmannsstofuna aldrei hafa haft meira að gera en á árunum eftir hrun. Nú þegar endurskipulagningu fjármálakerfisins er lokið sér stofan tækifæri í ráðgjöf á orkumarkaði. Baldvin segir erlenda fjárfesta hafa gríðarlegan áhuga á innviðaverkefnum á Íslandi. »8-9



»2
Stjórnendur kunni að hafa bakað Primera tjón

Rannsókn skiptastjóra hefur leitt í ljós að forsvarsmenn félagsins hafi mögulega valdið því tjóni í tveimur tilvika. Til skoðunar hvernig staðið var að reikningsskilum. Reynir að endurheimta 520 milljónir.

»4
Segir hækkanir skaða samkeppnishæfni

Raforkuverð hækkar á sama tíma og verð í Evrópu lækkar að sögn sérfræðings hjá SI. Það geti skaðað samkeppnishæfni landsins en erfitt sé að meta það þar sem skortur sé á gagnsæi. Landsvirkjun segist bjóða raforku á samkeppnishæfu verði.

»14
Gengið á höfuðstólinn

„Með gríðarlegum launahækkunum í kólnandi hagkerfi og án þess að nokkur hvalreki sé í augnsýn verður gengið á höfuðstólinn. Á því töpum við öll,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í aðsendri grein.

SAINT LAURENT

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Módel: Brynja Dan

Kominn með um sex milljarða hlut í Marel

Fjárfestingasjóður í stýringu evrópska vögunarsjóðsins Teleios Capital heldur áfram að bæta verulega við sig í Marel en í síðustu viku keypti sjóðurinn tæplega fimm milljónir hluta, að virði um 2.300 milljónir króna, í félaginu. Teleios Capital hefur á aðeins nokkrum vikum eignast samtals 1,8 prósent hlut í Marel, sem gerir sjóðinn að ellefta stærsta hluthafa fyrirtækisins, en miðað við núverandi gengi bréfa félagsins er markaðsvirði eignarhlutar sjóðsins rúmlega 5,7 milljarðar króna.

Þá hefur bandaríski fjárfestingasjóðurinn Smallcap World Fund, sem er í stýringu American Funds, bætt við sig um 1,5 milljónum hluta, að virði um 700 milljónir, og á núna orðið 2,2 prósent hlut í Marel.

Fjöldi íslenskra lífeyrissjóða, sem eiga núna samanlagt um 41 prósent alls hluthafafjár í Marel, hafa minnkað lítillega við hlut sinn í Marel á undanföllum vikum og þá hafa einnig tveir hlutabréfasjóðir í stýringu Stefnis selt sem nemur samtals 0,7 prósent hlut í félaginu frá því um miðjan janúar.

Teleios Capital, sem var stofnaður 2013, var með eignir upp á samtals

1,8%

er eignarhlutur Teleios Capital í Marel.

» Marel er langsamlega verðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni með markaðsvirði upp á rúmlega 319 milljarðar króna.

um einn milljarð Bandaríkjadala, jafnvirði um 120 milljarða íslenskra króna, í stýringu síðastliðið haust en sjóðurinn fjárfestir einkum í skráðum evrópskum félögum í Norður- og Norðvestur-Evrópu.

Hlutabréfaverð Marel hefur hækkað um liðlega 26 prósent frá áramótum. Félagið er langsamlega verðmætasta fyrirtækið í Kauphöllinni með markaðsvirði upp á rúmlega 319 milljarða króna. – hae

Ólíklegt að hluthafar CCP fái bónus

Ólíklegt er að seljendur tölvuleikjafyrirtækisins CCP muni fá greiddar árangurstengdar greiðslur við kaup suðurkóreska tölvuleikjaframleiðandsands Pearl Abyss á félaginu. Þetta kemur fram í greiningu singapúrka bankans DBS frá því í haust.

Pearl Abyss keypti CCP fyrir 225 milljónir dollara, jafnvirði 26,8 milljarða króna síðastliðið haust. Auk þess var möguleiki á árangurstengdum greiðslum fyrir allt að 200 milljónir dollara, jafnvirði 23,8 milljarða króna á tveimur árum. Miðað við núverandi gengi gjaldmiðla gat kaupverðið numið allt að 50,6 milljörðum króna.

Rekstrarhagnaður CCP þarf að vera meiri en 25 milljónir dollara í ár til að það komi til árangurstengdra greiðslna fyrir árið. Greinendur bankans reikna með að rekstrarhagnaður muni nema 22,2 milljónum dollara í ár. Á næsta ári



Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP.

þarf sá hagnaður að vera meira en 40 milljónir dollara til að ákvæðið virkist. Ekki kemur fram í verðmatinu hvað reiknað er með að rekstrarhagnaðurinn muni verða á næsta ári.

Novator, fjárfestingafélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, og tengdir aðilar áttu 43 prósentu í CCP. Félagið varð stærsti hluthafi fyrirtækisins árið 2005. Aðrir hluthafar voru New Enterprise Associates með 23,1 prósent, General Catalyst með 21,3 prósent og Hilmar Veigar Pétursson forstjóri átti 6,5 prósent hlut. – hvj

Kunni að hafa bakað Primera Air tjón

Rannsókn skiptastjóra sýnt að forsvarsmenn félagsins hafi mögulega valdið því tjóni í tveimur tilvika. Til skoðunar hvernig staðið var að reikningsskilum. Hyggst höfða riftunarmál og reyna að endurheimta um 520 milljónir króna.

Rannsóknir skiptastjóra þrotabús Primera Air á Íslandi, sem var í eigu Andra Más Ingólfssonar, hafa „leitt í ljós að mögulegt sé að forsvarsmenn félagsins hafi bakað því tjón“ í að minnsta kosti tveimur tilvika. Þá hefur skiptastjóri þrotabúsins, Eiríkur Elís Þorláksson hæstaréttarlögmaður, það til skoðunar „hvernig staðið var að reikningsskilum þrotamannsins að öðru leyti“.

Þetta kemur fram í skýrslu skiptastjóra sem var lögð fram á skiptafundi þrotabús Primera Air ehf. í gær og Markaðurinn hefur undir höndum. Rekstur Primera Air og erlendra dótturfélaga stöðvaðist í október í fyrra þegar félögin voru tekin til gjaldþrotaskipta. Lýstar kröfur í búð nema rúmlega 10 milljörðum króna og af þeim nema kröfur frá Arion banka samtals um 4,8 milljörðum.

Í skýrslunni segir meðal annars að athugun skiptastjóra á reikningsskilum flugfélagsins kunni að leiða til þess að þrotabúð geti sótt frekari fjárkröfur á hendur þeim sem báru ábyrgð á reikningsskilunum. Endurskoðendur Primera Air voru frá ráðgjafarfyrirtækinu Deloitte.

Í umfjöllun Markaðarins í nóvember kom fram að endurskoðendur sem höfðu rýnt í ársreikninga félaga innan Primera-samstæðunnar fyrir 2017 teldu vafa leika á því að þeir væru í samræmi við lög, reglur og góða endurskoðunarvenju. Töldu þeir til að mynda vandséð að víkjandi lán sem Primera Air var veitt frá tengdum aðila geti talist til eigin fjár félagsins en án lánsins hefði eigið fé þess verið neikvætt um 16,3 milljónir evra, jafnvirði 2,2 milljarða króna, í árslok 2017. Þá sögðu þeir óvíst hvort félaginu hafi verið heimilt að innleysa 13,3 milljóna evra söluhagnad á árinu 2017 vegna endursölu á Boeing-flugvélum sem voru enn í smíðum og yrðu afhentar í apríl árið 2019.

Andri Már, sem var aðaleigandi Primera-samstæðunnar, hafnaði því að ranglega hafi verið staðið að gerð ársreikninga félaga innan ferðaþjónustusamstæðunnar.

Í lok nóvembermánaðar lýsti skiptastjóri yfir riftun á tveimur ráðstöfunum Primera Air að fjárhæð samtals um 520 milljónir króna, að því er fram kemur í skýrslunni. Þeim riftunum hefur báðum verið mótmælt en skiptastjóri þrotabúsins hyggst



Andri Már Ingólfsson, fyrrverandi eigandi Primera Air á Íslandi.

4,8

milljörðum nema lýstar kröfur Arion banka í búð.

höfða riftunarmál, meðal annars á hendur Andra Má persónulega, og láta reyna á endurheimt þeirra verðmæta fyrir dómstólum.

Á skiptafundi Primera Air í gær var ákveðið að Arion banki, sem stærsti kröfuhafi búðsins, fengi frest til tveggja vikna til að taka afstöðu um hvort höfða eigi riftunarmál, samkvæmt heimildum Markaðarins. Bankinn þurfti að færa niður tæplega þrjú milljarða króna í ábyrgðum og lánveitingum vegna gjaldþrots Primera í fyrra.

Í skýrslu skiptastjóra segir að komið hafi fram við skýrslutökur að töluverð seinkun hafi orðið á afhendingu Airbus flugvéla til Primera á árinu 2018. Það hafi kostað félagið umtalsverða fjármuni að leigja aðrar vélar í staðinn til að sinna áætlanarflugi. Engar bætur hafi fengist vegna þessara tafa og fram kemur í skýrslunni að skiptastjóri hafi leitast við að fá upplýsingar frá stjórnendum Primera svo hægt sé að meta hvort grundvöllur geti verið fyrir skaðabótakröfu. Erfiðlega hafi hins vegar gengið að fá þær upplýsingar.

Samþykktar lýstar veðkröfur í búð – frá Arion banka og Landsbankanum – eru samtals 1.975 milljónir og af þeim nema kröfur Arion banka 1.755 milljónum. Fram kemur í skýrslu skiptastjóra að stærstur hluti viðurkenndra veðkrafna Arion banka muni enda sem almenn krafa þar sem undirliggjandi veðtrygging bankans dugar ekki til fullnustu veðkrafanna.

Samtals nema almennar kröfur, án tillits til veðkrafna Arion banka, um 7.080 milljónum króna. Arion banki er einnig stærsti almenni kröfuhafinn með lýstar kröfur upp á rúmlega 2,5 milljarða en aðrir stórir kröfuhafar eru Primera Travel Group, sem hélt utan um ferðaskrifstofurekstur sem Andri keypti í október í gegnum nýtt eignarhaldsfélag, með 1.478 milljóna kröfu og þá hefur félag í eigu dönsku ferðaskrifstofunnar Bravo Tours lýst kröfu í búð að fjárhæð tæplega 1.400 milljónir króna. Eftirstæðar kröfur í þrotabúð nema samtals um 1.019 milljónum króna. Ekki hefur verið tekin afstaða til almennra og eftirstæðra krafna að svo stöddu.

Í skýrslunni segir að að teknu tilliti til falllins óreiðningsfærðs skiptakostnaðar upp á 12 milljónir, sem og kostnaðar sem mun falla til við þær aðgerðir skiptastjóra sem hann hyggst ráðast í, muni ekki fást neitt upp í almennar kröfur nema búð endurheimti þá fjármuni sem aðgerðir skiptastjóra miða að að verði sóttir. hordur@frettabladid.is

Seðlabankinn segir forsendur til þess að lækka bindiskylduna í núll prósent

Seðlabanki Íslands telur að forsendur geti verið fyrir því að lækka verulega, jafnvel niður í núll prósent, hina sérstöku bindiskyldu á innflæði erlends fjármagns á sama tíma og aflandskrónur eru losaðar. Þetta kemur fram í umsögn bankans um frumvarp Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, sem mun heimila eigendum aflandskróna að skipta þeim yfir í erlendan gjaldeyri og flytja úr landi. Bindiskyldan var sem kunnugt er lækkuð úr 40 prósentum í 20 prósent í nóvember síðastliðnum.

Í umsögn Seðlabankans er rík

84

milljarðar króna er heildarumfang aflandskróna.

áhersla lögð á að frumvarpið verði samþykkt áður en gjalddagi tiltekins flokks ríkisbréfa renni upp þann 26. febrúar næstkomandi. Bankinn bendir á að þá muni umfang aflandskrónueigna í lausu fé aukast um 25 milljarða króna ef frum-

varpið verði ekki orðið að lögum.

„Við það eykst hættan á að stórir aflandskrónueigendur, sem átt hafa sín bréf í samfelldu eignarhaldi frá því fyrir höft og taldir hafa verið líklegir til að endurfjærfa í íslenskum skuldabréfum þegar þeir koma á gjalddaga þann 26. febrúar, muni í stað þess leita út þegar þeir losna af bundnum reikningum,“ segir Seðlabankinn.

Ef sú verði raunin muni bankinn þurfa að eyða mun meiri gjaldeyrisforða til þess að koma í veg fyrir gengisfall krónunnar þegar aflandskrónur verða losaðar. – kij

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5000

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

VIÐ ERUM GÓÐIR Í VARMA



Vatnshitablaðsáttur

- Sérlega hentugur fyrir hitaveituvatn
- Element með stálrorum
- Afköst frá 7 kW upp í 75 kW
- Eins fasa og þriggja fasa
- Fáanlegir í 10 stærðum
- Hljóðlátir



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071
vov@vov.is www.vov.is



ÞÚ VEIST HVAÐ ÞIG VANTAR VIÐ FJÁRMÖGNUM



PiparTBWA | SÍA



Ármúla 1 | 108 Reykjavík | lykill.is | lykill@lykill.is | 540 1700

 **Lykill**
fjármögnun

Segir hækkunar skaða samkeppnishæfni

Fákeppni á raforkumarkaði hefur leitt til verðhækkana að mati sérfræðings hjá Samtökum iðnaðarins. Þróunin sé á hinn veginn í Evrópu. Landsvirkjun segir heildsöluverð sem hluti af raforkureikningi notenda hafa lækkað. Verðlagningin sé samkeppnisfær.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Raforkuverð á Íslandi hækkar á sama tíma og verð í Evrópu lækkar að sögn sérfræðings hjá Samtökum iðnaðarins. Það geti skaðað samkeppnishæfni landsins en erfitt sé að meta það þar sem skortur sé á gagnsæi. Landsvirkjun segist bjóða raforku á samkeppnisfæru verði. Heildsöluverð sem hluti af raforkureikningi notenda hafi farið lakkandi.

„Markmið raforkulaganna sem voru sett árið 2003 hafa ekki náðst að öllu leyti. Í stað þess að samkeppni lækki kostnað þá virðist fákeppni á markaðinum leiða til hækkandi raforkuverðs,“ segir Lárus M. K. Ólafsson, viðskiptastjóri á framleiðsluvið Samtaka iðnaðarins, í samtali við Markaðinn. Hann vísar til fréttar sem birtist á vef Landsnets fyrr í mánuðinum.

Í fréttinni kom fram að meðalverð raforku vegna flutningstapa fyrir 2. ársfjórðung 2019 lægi fyrir en samið var á grundvelli rafræns útboðs sem fram fór í janúarmánuði. Þegar borin væru saman raforkuverð frá sama ársfjórðungi 2018 kæmi í ljós að verðin hefðu hækkað um 4,4 prósent.

„Núna horfum við á áframhaldandi hækkunar inn í sumarmánuðina á þessu ári og vetrarverðin hafa ekki lækkað á móti. Í þessu tilliti er því ekki hægt að tala um strúkturbreytingu heldur hreina hækkun. Til lengri tíma litið veldur þetta hækkunum á heildarkostnaði okkar og þar með hærri kostnaði fyrir alla raforkunotendur,“ birti Landsnet sem kunnir engar skýringar á hækkuninni.

Lárus segir það hafa komið sér á óvart að sjá Landsnet stíga svona

hart fram. Yfirlýsing Landsnets endurspeglar gagnrýni Samtaka iðnaðarins sem tók heils hugar undir hana. Hann bendir á að staða lóna sé í hámarki.

„Öll lón eru full og ættu þá að leiða af sér jafnt eða lækkandi raforkuverð. En þvert á móti er það að hækkar. Fyrirtæki í svona góðri stöðu hefur mikið svigrúm til að jafna út sveiflur. Okkur finnst sérstakt að sjá hvernig verðið fer hækkandi.“

Bendir Lárus á að verðupplýsingar frá Íslandi séu ekki aðgengilegar og því ekki með í verðsamanburði Eurostat. Sé það ein birtingarmynd á ógagnsæi markaðarins. Hins vegar sé ljóst að meðalverð á raforku í Evrópu hafi lækkað á síðustu árum og þannig sé Ísland að missa samkeppnishæfni sína.

„Þegar það er skortur á gagnsæi þá er erfitt að meta hver raunveruleg samkeppnishæfni okkar er í samanburði við önnur lönd,“ segir Lárus.

Þá tekur hann fram að það sé óvenjulegt að stórnotendur geti ekki varið sig fyrir flutningstöpum. Þeir séu ekki að fá umsamda vöru. „Þú ert að fá 98% prósent af vörinni sem þú ert búinn að semja um en þarft síðan að greiða viðbótartöpin. Það er lítið svigrúm í samningunum til að verja sig þessum töpum.“

Flutningstöpin aðeins 15%

Í svari við fyrirspurn Markaðarins segir Landsvirkjun að verðhækkunar, sem Landsnet minnst á, hafi ekki átt sér stað fyrir tilstuðlan fyrirtækisins. Hlutur Landsvirkjunar hafi numið 26 prósentum og farið minnkandi í útboðunum.

„Landsvirkjun býður rafmagn á samkeppnisfæru verði en gætir þess um leið að það sé ekki undir markaðsverði,“ segir í svari Landsvirkjunar sem getur þess að flutningstöpin séu aðeins 15 prósent af heildarflutningskostnaði hjá Landsneti.




Lárus segir óvenjulegt að stórnotendur geti ekki varið sig fyrir flutningstöpum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá segir Landsvirkjun styðja verðgagnsæi og stuðla að því að meðal annars með því að birta á hverju ári meðalverð til stóridju og heildsölu í sínum ársreikningum. Bent er á að Orkustofnun sjái um samskipti og birtingu íslenskra raforkuverða hjá Eurostat. Landsvirkjun afhendir þau gögn sem Orkustofnun óskar eftir hverju sinni til þess að birta hjá Eurostat.

„Að auki hefur margt varðandi verð komið fram á raforkumarkaðsfundum Landsvirkjunar undanfarin misseri. Hægt er að nálgast efni þessara funda á vef Landsvirkjunar. Á þessum fundum hefur meðal annars komið fram að verð Landsvirkjunar á heildsölu hefur frekar farið lakkandi sem hluti af raforkureikningi notenda,“ segir í svarinu.

Verð á flutningstöpum

Verð á flutningstöpum hefur farið hækkandi Meðalverð raforku vegna flutningstapa (kr./MW.h)



Samtök fjármálafyrirtækja leita að lögfræðingi

Í starfinu felst fjölbreytt samstarf við aðildarfélög SFF svo sem vegna innleiðingar EES-gerða á fjármálamarkaði, gerð umsagna um þingmál og stjórnvaldsfyrirmæli og samskipti við eftirlits- og stjórnsýslustofnanir fyrir hönd aðildarfélaga. Í starfinu felst einnig þátttaka í undirbúningi stefnumótunar samtakanna í ýmsum málum og aðkoma að alþjóðlegu samstarfi.

Menntunar- og hæfniröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði.
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku. Þekking á einu Norðurlandamáli er kostur.
- Sveigjanleiki, sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum.
- Nákvæmni, vandvirkni og metnaður.
- Þekking á lagaumhverfi fjármálafyrirtækja, þ.m.t. váttryggingafélaga, er kostur.
- Þekking á samkeppnisrétti er kostur.
- Starfsreynsla úr fjármálafyrirtæki þ.m.t. váttryggingafélagi, stjórnsýslu eða á öðrum vettvangi sem nýtist í starfi er kostur.
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi er kostur.

Upplýsingar veitir Jóna Björk Guðnadóttir, yfirlögfræðingur SFF, í síma 591 0400.

Umsóknir berist á skrifstofu SFF í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík eða í tölvupósti á jona@sff.is.

Umsóknarfrestur er til 15. mars nk.

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

SFF eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja á Íslandi. Aðildarfélög samtakanna eru 27 talsins. Tilgangur og meginverkefni samtakanna er að vera málsvári fjármálafyrirtækja og stuðla að því að starfskilyrði þeirra séu samkeppnishæf. SFF eru málsvári aðildarfélaga samtakanna gagnvart stjórnvöldum, eftirlitsstofnunum, almenningi og atvinnulífi og aðstoða þau við að byggja upp heilbriggt og traust fjármálakerfi. SFF eiga aðild að bæði Evrópsku bankasamtökunum (EBF) og Samtökum evrópskra tryggingarfélaganna (IE). Hjá SFF starfa sex starfsmenn sem búa yfir margvíslegri sérfræðingum.



Sigurður Viðarsson, forstjóri TM. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Yfir 50 prósent ávöxtun

Fjárfesting TM í Arnarlaxi skiladi tryggingafélaginu árlegri ávöxtun upp á ríflega fimmtíu prósent. Þetta kemur fram í fjárfestakynningu sem félagið gaf út í lok síðustu viku í tilefni af uppgjöri þess fyrir síðasta ár.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í liðinni viku hefur TM selt allan 3,9 prósentu hlut sinn í laxeldisfyrirtækinu til norska laxeldisísans SalMar fyrir um 790 milljónir. Um leið keypti SalMar allan 8,4 prósentu hlut Fiskisunds, sem er í eigu Einars Arnar Ólafssonar, stjórnarmanns í TM, Höllu Sigrúnar Hjartardóttur og Kára Þórs Guðjónssonar, í Arnarlaxi fyrir um 1,7 milljarða króna. Hyggst norska laxeldisfyrirtækið í fram-

haldinu gera kauptilboð í allt félagið.

TM fjárfesti fyrst í Arnarlaxi fyrir ríflega 200 milljónir króna í desember árið 2014 og hefur síðan þá verið einn af stærstu hluthöfum laxeldisfyrirtækisins. Heildarfjárfesting tryggingafélagsins á síðustu fjórum árum nemur um 540 milljónum króna, að því er fram kemur í fjárfestakynningunni, og er árleg ávöxtun um 51 prósent.

Með kaupunum í síðustu viku jók SalMar við hlut sinn í Arnarlaxi í 54,2 prósent úr 42 prósentum. Kaupverðið var samtals 180 milljónir norskra króna, jafnvirði 2,5 milljarða króna, en miðað við það er íslenska laxeldisfyrirtækið metið á um 21 milljarð króna. – kj

VINSÆLUSTU LÚXUSBÍLAR Á ÍSLANDI 2018

VOLVO XC60 AWD HANNÆÐUR FYRIR ÞIG

Volvo XC60 AWD er sannarlega einstakur bíll. Hann var valinn heimsbíll ársins 2018 af World Car Awards og öruggasti billinn hjá Euro NCAP árekstrarprófunarstofnuninni. Hann var einnig valinn jeppi ársins 2018 af Bandalagi íslenskra bílblaðamanna og hefur hlotið fjölda annarra verðlauna.

Volvo XC60 AWD er skandinavísk nútímahönnun að innan og utan og sænsk gæðaframleiðsla beint frá Gautaborg sem byggð er á náttúrulegum gæðaeftum sem gera hverja ökuferð að einstakri upplifun.

XC60 AWD dísil verð frá: 7.490.000 kr.
XC60 AWD T8 tengivinn verð frá: 8.790.000 kr.

VOLVO XC90 AWD OKKAR SÝN Á LÚXUS

Volvo XC90 AWD hefur verið hlaðinn lofi frá því hann kom fyrst á markað sem endurspeglast í meira en 65 alþjóðlegum verðlaunum. Hann var kynntur sumarið 2015 á Íslandi og valinn Bíll ársins á Íslandi 2016 og skömmu síðar Jeppi ársins í Bandaríkjunum. Honum hefur hlotnast fjöldi annarra verðlauna m.a. öruggasti billinn og öruggasti stóri jeppinn af Euro NCAP og hlaut Top Safety Pick af Bandarísku umferðaröryggisstofnuninni (IIHS).

Volvo XC90 AWD er skandinavískur lúxus beint frá Gautaborg hlaðinn búnaði og þægindum.

XC90 AWD dísil verð frá: 8.990.000 kr.
XC90 AWD T8 tengivinn verð frá: 10.690.000 kr.

VOLVO XC40 AWD TÍMAMÓTABÍLLINN

Það eru breyttir tímar. Meira er ekki lengur allt. Volvo XC40 AWD hefur allt sem þú þarft. Engu er ofaukið. Framúrsteftuleg hönnunin og nýstárleg tæknin gera þennan jeppa alveg einstakan. Svo einstakan að hann var valinn Bíll ársins í Evrópu 2018 og að auki fékk hann fimm stjörnur í árekstrarprófunum Euro NCAP. Skandinavískur lúxus í nýstárlegum búningi.

XC40 AWD dísil verð frá: 6.490.000 kr.
XC40 AWD bensín verð frá: 6.990.000 kr.

**Komdu og skoðu þessa vinsælu verðlaunajeppa
í nýjum glæsilegum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6**



V O L V O

Volvo á Íslandi | Brimborg

volvocars.is

Brimborg Reykjavík | Bíldshöfða 6 | Sími 515 7000 Brimborg Akureyri | Tryggvabraut 5 | Sími 515 7050

Ég vil reka sterkar hverfisverslanir

Stofnandi Super1 segir að á meðan aðrir séu að opna æ stærri verslanir vilji hann fara í öfuga átt og bjóða viðskiptavinum að kaupa allt sem þarf innan hverfis. Vörumerkið Super1 kemur frá danskri heildsölu. Fær lyklna að Smiðjuvegi og Faxafeni eftir mánuð.

Helgi Vífill
Júliusson
helgivifill@frettabladid.is



Ég vil reka sterkar hverfisverslanir," segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson, stofnandi matvöruverslunarinnar Super1 á Íslandi. „Borgaryfirvöld þrýsta á að meiri þjónusta verði veitt í hverfum og leggja minni áherslu á einkabíla. Á meðan aðrir eru að opna æ stærri verslanir vil ég fara í öfuga átt og bjóða viðskiptavinum að kaupa allt sem þarf innan hverfis.“

Sigurður Pálmi stofnaði og seldi hlut sinn í Sports Direct á Íslandi og er annar eigandi vefverslunarinnar Boxins. Hann keypti þrjár Bónusverslanir af Högum í því skyni að opna þar matvöruverslanir Super1. Verslunin á Hallveigarstig var opnuð á laugardag. Húsnæðið á Smiðjuvegi og í Faxafeni verður afhent eftir mánuð. „Við munum koma þeim í rekstur eins fljótt og auðið er. Það er mikilvægt að fá inn tekjur til að standa straum af leigunni. Það á eftir að koma í ljós hvað þarf að gera við rýmið áður en starfsemin getur hafist.“ Rétt er að taka fram að hann er sonur Ingibjargar Pálmadóttur, útgefanda Fréttablaðsins.

Verða minni verslanir nægilega stórar til að vera arðbærar og bjóða góð verð?

„Já, ef plássíð er nýtt vel. Það er hægt að gera ótrúlega hluti við lítið pláss ef viljinn er fyrir hendi.“

Verslunin er í samstarfi við dönsku heildsöluna Arctic Group sem er með einkaleyfi fyrir vörum REMA 1000 á Íslandi, í Færeyjum og á Grænlandi. „Heildsalan hefur boðið kaupmönnum að nota vörumerkið Super1 og gefið þeim nokkuð frjálssar hendur um hvernig þeir haga sínum rekstri. Til samanburðar er ramminn um rekstur REMA 1000 verslana í föstum skorðum. Það er sníllt að fá að nota vörumerkið Super1, það sparar tíma og peninga við að þróa eigið merki. Vörurval okkar byggir mjög á vörum REMA



„Á meðan netverslun er enn að festa sig í sessi er gott að reka hefðbundnar verslanir," segir Sigurður Pálmi Sigurbjörnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

1000. Þær eru ódýrari kostur við þekkt merki.“

Að sögn Sigurðar Pálma er REMA 1.000 stærsta verslunarkerja Noregs og umsvifamikil í Danmörku. Vörumerkið þeirra leggj ríka áherslu á umhverfisvernd, minni þakkingar og lífrænar vörur. „Viðskiptavinir kaupa því einungis það sem þeir þurfa, ekkert fer til spillis og auðvelt er að halda á þeim heim ef viðskiptavinir eru fótgangandi.“

Hver er verðstefna Super1?

„Ég er samkeppnishæfur í verðum. Ég vil að fólk hafi ástæðu til að sækja verslunina bæði vegna úrvals og verðs.“

Þannig að þú ætlar að keppa við ódýrari verslanir í verðum?

„Ég er með sambærileg verð.“

Fram kom í frétt á erlendri fagsíðu að þið munið kaupa 25-50 prósent af vörum frá Arctic Group. Hvað getur þú sagt mér um það?

„Við kaupum afar mikið af Arctic Group. Það á eftir að koma í ljós hvert umfangið verður nákvæmlega. Við getum ekki keypt kjöt og mjólkurvörur frá þeim. Annað fæst þar. Það er með öðrum vörum að ekki sé hægt að kaupa slíkar vörur erlendis frá. Ég hef aðgang að gæðavörum frá Danmörku en ýmist er skattlagning þeirra yfirþyrmandi eða það er einfaldlega bannað að flytja vöruna inn. Ef það viðgengist meira frjálssræði hérlendis gæti ég til dæmis boðið tíu egg í bakka á frábæru verði. Landsmenn myndu njóta góðs af frjálssræði með landbúnaðarvörur. Það sést

Að mínu mati glíma margar keðjur við stefnuleysi og vita ekkert hvert þær eru að fara.

glögglega á því að við getum boðið upp á sambærileg verð á þurrvöru og tíðkast í Danmörku. Sömu sögu er ekki að segja af ferskvöru. Hún er dýrari hér á Íslandi.“

Stefnulausir keppinautar

Hvert er viðskiptafærið, hvað hugsadrið þegar verslanirnar voru auglýst til sölu?

„Það er tækifæri í rekstri matvöruverslana. Að mínu mati glíma margar keðjur við stefnuleysi og vita ekkert hvert þær eru að fara. Margar af stóru keðjunum eru að missa tenginguna við viðskiptavinum. Þær eru í vaxandi mæli að ákveða hvað fólk á að borða og fá viðskiptavinum til að falla í sitt mót í krafti stærðar sinnar á markaði. Að sama skapi eru dæmi um að þekkt vörumerki hafi dottið úr hillunum hjá stórum verslunum. Þetta veldur óánægju hjá viðskiptavinum. Slík kaupmennska, ef kaupmennska skyldi kalla, er ekki góð. Það er mikilvægt að stjórna þessu í tengslum við viðskiptavinum og séu á gólfinu. Ég er á gólfinu og var að enda við að panta Lavazza-kaffi og stevíu því viðskiptavinir báðu mig um það.“

Langar þig að vera með fleiri verslanir en þrjár?

„Já. Auðvitað langar mig að reksturinn vaxi og dafni. En það er ekki hægt að stækka nema yfirmaðurinn, viðskiptavinurinn, sé sáttur. Ef viðskiptavinir eru ánægðir og versla hér skapast tækifæri til að stækka. Þá get ég opnað fleiri búðir.“

Þú átt líka matvöruverslunina Boxið sem selur bara á netinu. Verður samstarf á milli Super1 og Boxins?

„Boxið mun njóta góðs af innkaupsverði og vörurvali Super1. Samhliða mun vöruverð Boxins lækka. Yfirstandandi er vinna við að tvinna saman reksturinn.“

Þetta er síðasta þúslíð sem vantaði í Boxið. Á meðan netverslun er enn að festa sig í sessi er gott að reka hefðbundnar verslanir. Ég hef gríðarlega trú á netinu og veit að þetta mun verða verslunarmáti framtíðarinnar.

Það þarf hins vegar að sýna ofboðslega þolinmæði og vera í stakk búinn fyrir taprekstur í einhvern tíma. Það hefur reyndar verið lítið tap af Boxinu. Það má einkum rekja til þróunarkostnaðar við vefsíðu og aðra innviði. Stór hluti af innkaupum í náinni framtíð mun eiga sér stað á netinu. Verslunarhættir eru að breytast. Þeir sem eru í kringum 17 ára aldurinn taka æ sjaldnar bílpróf á meðan margir jafnaldrar mínir – ég þar með talinn – biðu á hurðarhúningum á lögreglustöðinni á miðnætti til að fá bílpróf.“

Ekki Range Rover hjá öllum

Sumir tala um að kaupmenn okri á neytendum. Hvernig horfir þad við þér?

„Vöruverð er herra hérlendis en tíðkast erlendis. Það er meðal annars vegna tollastefnu, eins og ég kom inn á áðan. En það nægir ekki að bera saman verð hér á landi og erlendis. Það þarf að rýna í ársreikninga til að átta sig á því hvort verð sé að okra. Þar leynist sannleikurinn. Framlegð er ekki hærri hér en tíðkast erlendis. Mér þykir sérstaklega ósamngjarnt þegar smærri kaupmenn eru gagnrýndir með þessum hætti. Ég hvet gagnrýnendur til að stofna verslun til að átta sig á hvernig landið liggur. Það er dýrt að reka fyrirtæki, sérstaklega þar minni sem njóta ekki magnafsláttar og viðskiptavinir vilja að allt sé til á lager. Það er kostnaðarsamt. Margar litlar verslanir halda uppi einni fjölskyldu og það er ekki Range Rover í hláðinu hjá þeim öllum. Það þarf að horfa á heildarmyndina.“

Þú hefur stofnað þrjú fyrirtæki á skömmum tíma; opnaðir Sports Direct hér á landi, stofnaðir Boxið og nú Super1. Viltu frekar stofna fyrirtæki en kaupa þau?

„Ég er enginn fjárfestir. Það er ekki mitt. Kannski verður maður það einhvern tímann. En ég hef gaman að því að vasast í rekstri. Það er fátt skemmtilegra en að fara í búðir skoða og pæla. Á kvöldin er ég yfirleitt á netinu að reyna að fá hugmyndir um hvað hægt sé að gera betur og reyna að skilja betur þarfir viðskipta-

Novator fjárfestir í tísku

Novator leiddi 52 milljóna dollara, jafnvirði 6,2 milljarða króna, fjármögnun fyrir tæknifyrirtækið Rebag, sem rekur verslanir þar sem hægt er að kaupa og selja notaðar lúxushandtöskur fyrir konur. Á meðal hluthafa er General Catalyst. Þetta kemur fram í erlendum fjölmiðlum.

Nýta á fjármagnið til vaxtar. Rebag rekur fimm verslanir í New York City og Los Angeles og er stefnt að því að fjölga þeim í 30 til meðallangs tíma. Enn fremur verður fjárfest til að bæta leiðir til að verðmeta töskurnar.

Rebag býður meðal annars upp á að hægt sé að kaupa notaða tösku, eiga hana í



Björgúlfur Thor Björgúlfsson, aðaleigandi Novators.

allt að sex mánuði og skipta fyrir inn eign sem nemur um 70 prósentum af kaupverðinu.

Birgir Ragnarsson, meðeigandi í Novator, segir að þetta muni bylta viðskiptaháttum og sé til hagsbóta fyrir umhverfið. Mikil vaxtartækifæri séu fölgín í endursölu á lúxusvörum. Neytendur líti á gæðatöskur sem fjárfestingu. Rebag bjóði upp á leið inn á markaðinn og vettvang til að eiga viðskipti með töskurnar. „Endursala mun verða einn af hornsteinum lúxusmarkaðarins þegar vörumerki og verslanir sjá samlegðina," segir hann í tilkynningu í lauslegri þýðingu. – hvj

Maritech fjárfestir í Sea Data Center

Norska hugbúnaðarfyrirtækið Maritech hefur keypt um helming hlut í íslenska sprotafyrirtækinu Sea Data Center. Sea Data Center er alþjóðleg upplýsingaveita fyrir sjávarútveg, þar er til dæmis að finna nýjustu upplýsingar um þróun á mörkuðum, það er þróun hrávöruverðs, útlutningsverð og smásöluverð hjá verslanakerjum til dæmis í Bretlandi. Þar er líka að finna upplýsingar um veiði og kvótanýtingu auk eigin greiningar og annarra ásamt hlekkjum á sjávarútvegsfréttir.

„Samningurinn felur í sér að Maritech, sem er eitt stærsta hugbúnaðarfyrirtækið fyrir sjávarútveg, mun meðal annars selja gögn frá okkur í sínu kerfi. Við stefnum á að viðskiptavinir geti borið eigin gögn saman við markaðsupplýsingar



Anna B. Theodórsdóttir hjá SDC og Oddvar Husby hjá Maritech.

til að bæta ákvarðanatöku. Þetta verður stórt skref inn í framtíðina fyrir sjávarútveg," segir Anna Björk Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri Sea Data Center, í samtali við Markaðinn.

Hún segir að Sea Data Center muni einnig fá aðgang að stærsta teymi forritara í lausnum fyrir sjávarútveg og því muni þróun kerfa fyrirtækisins ganga hraðar fyrir sig. Auk þess hafi Maritech átta manna greiningarteymi sem muni leggja þeim lið.

Jafnframt muni Sea Data Center verða umboðsaðili fyrir Maritech á Íslandi. „Þeir hafa áður rekið fyrirtæki hér á landi og eru því komnir aftur á markaðinn," segir Anna Björk.

Sea Data Center var stofnað fyrir um ári en starfsemin hafði áður verið rekin af greiningardeild ráðgjafarfyrirtækisins Markó Partners. Maritech er með skrifstofur í Noregi, á Spáni, í Kanada og nú á Íslandi. – hvj

IÐNÞING 2019

Íslenskur iðnaður í fortíð, nútíð og framtíð

Silfurberg í Hörpu fimmtudaginn 7. mars kl. 14.00

Íslenskur iðnaður hefur verið órjúfanlegur hluti af sögu Íslands. Á Iðnþingi 2019 verður þess minnst að 25 ár eru liðin frá stofnun Samtaka iðnaðarins. Á þinginu verður horft á það sem áunnist hefur í árunna rás, varpað verður upp myndum af stöðu dagsins í dag, auk þess sem rýnt verður í framtíðina sem er rétt handan við hornið. Forkólfar íslensks iðnaðar segja frá sinni sýn á framtíðina.



Skráning á www.si.is

25
ára
1994
2019



Samtök
iðnaðarins



Baldvin Björn og Ásgeir stofnuðu stofuna, sem síðvar varð BBA Legal, árið 1998. Sumum kollegum þótti undarlegt að sérhæfa sig einungis í fyrirtækjalögfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Aldrei haft meira að gera en eftir hrun

BBA Legal byggði upp öflugna ráðgjöf í orkumálum þegar verkefnum tengdum endurskipulagningu fjármálakerfisins tók að fækka. Baldvin Björn Haraldsson eigandi segir stofuna hafa fengið fjölda fyrirspruna frá erlendum fjárfestum vegna innviðaverkefna.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Fá eru þau mál, er varða umsvif erlendra fyrirtækja og fjárfesta á Íslandi, sem lögmannsstofan BBA Legal kemur ekki að. Verulegur hluti tekna BBA Legal kemur frá útlöndum en stofan var sú fyrsta hér á landi til að sérhæfa sig í fyrirtækjalögfræði þegar hún var stofnuð fyrir rétt rúmum 20 árum.

Baldvin Björn Haraldsson, einn stofnenda og eigenda BBA Legal, rekur sögu stofunnar í ýtarlegu viðtali við Markaðinn, og sókn hennar í orkumálum en BBA Legal hefur meðal annars verið falið að semja heildstæða jarðvarmalöggjöf í Djíbúti fyrir stjórnvöld þar í landi.

Baldvin segir erlenda fjárfesta hafa sýnt íslenskum innviðaverkefnum mikinn áhuga og nefnir stækun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Borgarlínuna og nýja Laugarðalsvöllinn. Stjórnvöld þurfi að vera opnari gagnvart einkafjárfestingu í innviðum, bæði innlendri og erlendri.

Þá segir hann að breyta þurfi lagaumgjörðinni þannig að eignarhald lögmannsstofa lúti sömu lögumálum og eignarhald annarra fyrirtækja. Núverandi löggjöf hamli því að íslenskar lögmannsstofur geti stækkað og boðið ráðgjöf á fleiri sviðum.

Þegar Baldvin Björn og Ásgeir Á. Ragnarsson héldu til náms erlendis, Baldvin til Frakklands og Ásgeir til Bandaríkjanna, hétu þeir því að þegar heim væri komið myndu

Atkvæðamikil í orkugeiranum

BBA Legal var umsvifamikil í ráðgjöf vegna jarðvarmaverkefna fyrir hrun. Nú hefur stofan aftur hafið sókn inn á orkumarkaðinum að sögn Baldvins.

„Á árunum 2006 – 2008 vorum við úti um allan heim í ráðgjöf fyrir íslensk fyrirtæki sem vildu nýta jarðvarma á erlendri grundu, en verkefnaflæðið stöðvaðist að miklu leyti árið 2007 þegar pólitískt umrót átti sér stað í Orkuveitunni. Eftir endurskipulagningu fjármálakerfisins byggðum við aftur upp þessa ráðgjafarstarfsemi. Við stóðum til dæmis að útgáfu bókar á árinu 2017 sem fjallaði um samanburð á jarðvarmalöggjöf í 16 löndum. Við fengum til liðs við okkur fimmtán erlendar lögmannsstofur til verksins, sem eru margar af stærstu stofum í heimi. Þetta var fyrsta sóknin aftur inn á þennan markað.“

Á meðal nýlegra verkefna í

orkumálum BBA er lögfræðileg ráðgjöf fyrir Corbetti Geothermal, sem sérhæfir sig í þróun jarðvarma á heimsvísu, vegna jarðvarmalöggjafar í Eþíópíu. Þá starfar BBA Legal að þróun jarðvarmaverkefna í Tyrklandi og í Strassborg í Frakklandi, í samstarfi við önnur íslensk fyrirtæki. Nú hefur stofunni verið falið að semja heildstæða jarðvarmalöggjöf í Djíbúti fyrir stjórnvöld þar í landi.

„Ég sé mikil tækifæri í frekari sókn á þessu sviði vegna þess að það er talsverður skortur á þessari löggjöf í heiminum. Verkefni fyrir hið opinbera gefa kannski ekki mest af sér enda þarf að taka þátt í útboðum til að fá þau en þau geta verið gefandi á annan hátt. Það er til dæmis ólíkt að vinna fyrir stórfyrirtæki og síðan Djíbúti þar sem helmingur þjóðarinnar hefur ekki aðgang að rafmagni.“

þeir stofna lögmannsstofu sem sérhæfði sig í fyrirtækjalögfræði. Á þeim tíma var engin stofa sem sérhæfði sig í fyrirtækjalögfræði og Baldvin segir að stofan, sem þeir stofnuðu í október 1998 og síðar varð BBA Legal, hafi því verið nýsköpunarfyrirtæki í vissum skilningi.

„Sumum kollegum okkar þótti þetta verulega undarleg viðskiptahugmynd hjá okkur. Einhverjir fengu hreinlega hláturskast þegar við sögðum frá þessu, svo fráleitt fannst þeim að hægt væri að reka lögmannsstofu með þessum hætti.

Á þessum tíma voru margir einyrkjar og litlar lögmannsstofur sem einblíndu á innheimtumál, skilnaðarmál, skaðabótamál og málflutning. Mikill minnihluti verkefna sneri að fyrirtækjalögfræði,“ segir Baldvin Björn.

Baldvin og Ásgeir keyptu efstu hæðina í hinum svokallaða Stóra turni í Kringlunni undir stofuna og ekkert var til sparað. Stofan fékk nafnið IMA sem stóð fyrir Íslenskur málflutningur og alþjóðaráðgjöf.

„Við keyptum hæðina og létum innrétta hana í Boston Legal-stíl.

Ég er ekki viss um að Íslendingar geri sér grein fyrir hversu miklar pólitískar afleiðingar þetta mál hafði í Hollandi.

Baldvin Björn Haraldsson, einn eigenda BBA Legal

Öll húsgögnin voru úr mahóniviði, stólarnir úr bláu flaueli og grænir leslampar stóðu á borðunum. Við vildum vera spikk og span, klæddum okkur í jakkaföt og bindi, settum auglýsingu í blaðið um opnun stofunnar og biðum eftir því að síminn hringdi. Eftir nokkra tíðindalaus daga hélt ég að síminn væri bilaður!“ segir Baldvin.

Fyrsti viðskiptavinurinn utan vana og vandamanna var Olgeir Kristjánsson, þáverandi forstjóri EJS. Hann hafði séð auglýsinguna og vildi skoða hvað stofan hefði fram að færa. Í kjölfarið batnaði verkefnastaðan til muna. Stofan tapaði þó töluverðu fé, alls 19 milljónum króna, á fyrsta rekstrarárinu 1999 en það er eina árið sem stofan hefur skilað rekstrartapi.

„Ég man að tengdapabbi endurskodaði fyrirtækið á fyrsta árinu og var allt annað en ánægður með ársreikninginn. Það var því eins gott að spýta í lófana. Þetta var raunar erfiður róður allt til ársins 2000, þegar Ásberg Pétursson eigandi Fiskverkunar Ásbergs, keypti húsnæðið af okkur. Við græddum aðeins á þessum viðskiptum og gátum fleytt rekstrinum áfram,“ segir Baldvin. Stofan flutti haustið

2001 í Skógarhlíð þar sem endurskoduð fyrirtækið PwC var og er til húsa. Samstarf tókst á milli fyrirtækjanna og IMA tók upp nafnið Landwell.

„Þetta var mikilvægt skref vegna þess að á árinu 2002 hófst vinna við að aðgreina ráðgjafarstarfsemi PwC á alþjóðavísu frá endurskoduðum hluta félagsins. Þessi uppskipting var hluti af alþjóðlegu verkefni sem náði til meira en 60 landa. Við vildum tryggja að lögfræðileg ráðgjöf við uppskiptingu íslenska hlutans lenti hjá okkur, og þurftum því að gera okkur svoltið breiða. Við sögðumst vera með sérfræðinga á flestum sviðum, en vorum í raun bara þrjú lögfræðingar, við Ásgeir og Einar Baldvin Arnason. Það er stundum heppilegt að heita tveimur nöfnum, því Einar Baldvin gat þannig verið yfir tveimur sviðum, stundum sem Einar og stundum sem Baldvin. Við hefðum aldrei fengið þetta verkefni ef þeir hefðu komið til landsins og séð hversu fámenn við vorum,“ segir Baldvin.

„Það þarf stundum að setja út kassann til að ná árangri. Þetta verkefni var mikil prófraun fyrir okkur, enda áttum við þarna í samstarfi við sumar af stærstu og virtustu lögmannsstofum heims. Við höfum svo átt í afar góðu samstarfi við þessar stofur síðan.“

Landwell varð BBA Legal árið 2006, þá orðin þriðja stærsta lögmannsstofa landsins og enn sú eina sem sérhæfði sig eingöngu í fyrirtækjalögfræði. Umsvifin jukust í takt við uppganginn í hagkerfinu en þegar fjármálakrisan skall á haustið 2008 var framtíðin tvísýn.

„Það voru mörg símtölin þessa mánuðina. Ég bjó úti í London á

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 20. FEBRÚAR 2019

Heimili



Ásta Katrín Hannesdóttir og maður hennar, Tryggvi Helgason, fundu sniðuga lausn á plássleysi í barnaherbergi og hengdu kojuna upp í loft. ➔4



Indriði með tvo af kiðlingunum sínum sem komu óvænt í heiminn í vetur. MYND/ÓLAFUR JÓNSSON

Geiturnar mínar gefa mér svo mikið

Indriði Vignir Haraldsson á bænum Kvistási fékk heldur betur óvæntan glaðning þegar huðurnar hans báru um miðjan vetur. Hann segir geiturnar mjög duglegar enda sjái þær að mestu um burðinn sjálfar. ➔2

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir**, solveig@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Elin Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir**, brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson**, starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Pórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: **Ábyrgðarmaður:** **Sölumenn:** **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653, Torg ehf Kristin Þorsteinsdóttir

Best4me Skinny buxur



**10%
AFSLÁTTUR
til 22. febrúar**



skoðið laxdal.is



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is



Kiðlingarnir eru afskaplega fallegir en ekki síður skemmtilegir að sögn Indriða. MYNDIR/ÓLAFUR JÓNSSON

Framhald af forsiðu ➔

Sólveig
Gísladóttir

solveig@frettabladid.is



Indriði er nýkominn inn frá því að moka snjó þegar blaðamaður slær á þráðinn. „Veðrið er bara gott, snjór yfir öllu. Ég var að hreinsa snjó við skúrinn hjá mér til að sjá hvort ég kæmist ekki með bílinn út,“ segir Indriði glaðlega en hann á forlata Honda Civic.

Indriði hefur búið á bænum Kvistási í dreifbýli Kópaskers frá fæðingu. Þar bjó hann lengst af með foreldrum sínum sem í dag eru bæði látin. Hann býr því einn í dag en segist ekki verða einmana. „Nei, ég er orðinn vanur því að vera einn og ég finn mér alltaf eitthvað að gera.“ Indriði hefur líka góðan félagsskap af skepnunum sínum en hann á um fjörutíu kindur og tíu geitur, níu huðnur og einn hafur. Huðnurnar komu honum aldeilis á óvart fyrir nokkrum vikum þegar þær fóru að bera mun fyrr en áætlað var. „Já, þetta kom mér á óvart, kiðlingarnir áttu ekki að koma svona snemma. Hafurinn er nú bara alltaf með huðnunum og líklega hafa þær bara fengið svona snemma. Ég held að þetta sé að gerast á fleiri bæjum,“ segir Indriði sem hefur unun af því að stússast í kringum dýrin sín.

En hefur ekki verið mikið að gera hjá honum í kringum burðinn? „Maður þarf nú ekkert mikið að hjálpa huðnunum, þær gera þetta bara sjálfar. Reyndar dó einn kiðlingurinn því hann var svo lítill og gat ekki staðið upp,“ segir Indriði og vill meina að geiturnar eigi mun auðveldara með burðinn en kindurnar. „Kiðlingarnir bara renna út, líklega er það af því þeir eru ekki með nein horn. Lömbin eru oft með horn og standa þá stundum föst á þeim. Þá þarf maður að aðstoða kindurnar.“

Indriði segist vissulega þekkja allar skepnurnar sínar í sundur, en hann sé þó lítið í því að gefa þeim nöfn. „Ég hef mjög gaman af þeim, sérstaklega geitunum og kiðlingunum. Þetta eru svo fallegar skepnur.“ En eru geitur ekki óþekkar? „Jú, þær vilja stökkva yfir þilin þangað sem þær eiga ekki að vera. En þær eru líka mjög mannelskar og hlaupa til mín þegar ég kem út í hús og leyfa mér að klappa sér. Þetta er það sem mér finnst skemmtilegast að gera, að hugsa um skepnurnar. Þær gefa manni svo mikið.“

Á sumrin fara skepnurnar út á engjar og þegar liður að hausti þarf



Indriði á tíu geitur og um fjörutíu kindur. Skepnurnar gefa lífinu gildi að hans mati.



Vel fer um kiðlinga og mæður þeirra á Kvistási.

að huga að slátrun. Indriði segist stundum velja kiðlinga sem sér finnst fallegir og eiga þá áfram. „Svo sendi ég hin dýrin í sláturhús, þá þarf ég ekki að horfa á þegar þeim er lögð.“

Oftast selur Indriði geitakjötið sem hann segir að mörgum þyki mjög gott. Hann hefur sjálfur borðað það og og finnst það dálítið þurrt.

Indriði er vel þekktur meðal sveitunga sinna sem hafa verið að hnýta í hann undanfarið að klippa sig en Indriði hefur verið að safna hári. „Ætli ég sé ekki bara að keppa við Egil vin minn sem er kominn með svo sitt skegg,“ svarar Indriði

glettinn þegar hann er spurður út í hárvöxtinn. Hann segir reyndar fæsta skipta sér af.

Þorablót sveitarinnar var haldið fyrir nokkrum vikum. Þar er alltaf sett saman revía og gert grín að sveitungum. Indriði mætti að sjálfsgöðu enda einn helsti viðburður sveitarinnar ár hvert. Í þetta sinn var gert grín að honum sjálfum og hafði hann gaman af. „Það var gert grín að því þegar ég var í Jökulsárhláupinu í sumar og hitti forsetann. Við vorum myndaðir saman en ég hafði aldrei hitt hann áður. Við spjöllum dálítið, hann er skemmtilegur karl,“ segir hann glaðlega.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



lindex.is

20%
afsláttur af
brjóstahöldurum.

Gildir út 26. feb.

LINDEX

Hengdu rúmin upp í loftið

Ásta Katrín Hannesdóttir og maður hennar, Tryggvi Helgason, fundu sniðuga lausn á plássleysi. Rúmin í herbergi unglínganna hanga neðan úr loftinu og því nýtist plássið ótrúlega vel.

Benedikt Bóas
Hinriksson
benediktboas@frettabladid.is



Ég er með ofnæmi fyrir van-
nýttu plássi,“ segir Ásta Katrín
Hannesdóttir en unglíngar
þeirra Tryggva Helgasonar sofa í
rúmunum sem fest eru upp í loftið.

Ásta er búsett í Árbænum og
líður þar vel. „Ég var búin að ganga
með það í huganum lengi að setja
rúmin upp og þetta var eitt sem
okkur hafði dottið í hug – festa
rúmið á vegginn en mig langaði að
losna við fæturna og hengja það
í loftið. Og hvernig í ósköpunum
færi ég að því? spurði ég sjálfa mig.

Þegar við fluttum hingað þá
voru engin herbergi hér, bara einn
stór geimur. Svo þegar við ákváð-
um að setja upp herbergin þá voru
loftin tekin í gegn og þá komu
burðarbitarnir í ljós. Sniðurinn
stakk upp á því að nota bitana til
að halda rúmunum uppi.“

Úr varð að virinn sem heldur
rúmunum uppi er festur í burðar-
bitana og tröppurnar upp í rúmunum
eru gamli góði Trofast-skápurnir
úr IKEA. Kaðlahugmyndina fékk
hún svo hjá vini sínum, þúsund-
þjalasmiðnum Finni Númasyni,
sem þá hafði nýlega sett upp
svipuð rúm fyrir dætur sínar.

„Aðalhausverkur-
inn var svo að það
væri hægt að setjast upp
í rúm og lesa og svo
framvegis þannig að
þetta var mælt í bak og
fyrir. Hvað rúmið ætti að
vera og gæti verið hátt.


Rennihurðir setja svo punktinn
yfir i-ið svo plássið er töluvert í
annars frekar litlu herbergi.

„Aðalhausverkurinn var svo að
það væri hægt að setjast upp í rúm
og lesa og svo framvegis þannig að
þetta var mælt í bak og fyrir. Hvað
rúmið ætti að vera og gæti verið
hátt. Innstungur og og slökkværi
voru svo sett í loftið í kjölfarið.

Þarna er verið að nýta fer-
metrana sem best. Það er nánast
sameiginlegt áhugamál fjöl-
skyldunnar. Við getum alveg sókk
okkur ofan í þannig hugmyndir.“



Hér sést vel hvað plássið í herberginu nýtist vel. Sófinn smellpassar undir.



Rúmin hanga í burðarbita í loftinu.

Þú finnur draumastarfið á
Job.is



Heilbrigðisþjónusta



Iðnaðarmenn



Kennsla



Herbergið er
ekkt sérlega
stórt en hver
einasti fermetri
er nýttur til hins
ýtrasta. Rennihurð
setur svo punktinn
yfir
i-ið. FRÉTTA-
BLAÐIÐ/ERNIR



Böndin eru til skrauts og til að viðkomandi rúlli ekki út úr rúminu, sem betur fer enda töluvert hátt niður.

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Job.is

SPORT



Íþróttavöruverslun



Öll helstu merkin á einum stað



Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á 

Léttir réttir með kjúklingi

Flestir eru hrifnir af kjúklingakjöti enda er hægt að matreiða það á margvíslegan hátt. Kjúklingur tekur mjög vel við alls kyns kryddtegundum. Það þarf þó ekki alltaf að vera framandi. Léttir réttir eru oft bestir.

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þegar fólk er að vinna allan daginn gefur það sér ekki mikinn tíma til eldamennsku. Það er því óskaplega þægilegt að fá sér eitthvað hollt, gott og einfalt. Hér er nokkrar hugmyndir.

Kjúklingalæri með einföldu salati

Þessi uppskrift er mjög þægileg þegar maður nennir ekki að hafa mikið við. Hentar vel ef mann langar í eitthvað létt í matinn. Uppskriftin miðast við fjóra.

4 kjúklingalæri með leggjum

1 poki blandað salat

2 perur

4 msk. frönsk dressing

Salt og pipar

Appelsínumarmelaði

Hitið ofninn í 200°C. Bragðbætið kjúklinginn með salti og pipar, setjið í heitan ofninn í um það bil 20-25 mínútur. Það er mjög gott að smyrja kjúklinginn með smávegis af appelsínumarmelaði en þannig fær hann fallegan gljáa.

Skerið perurnar í sneiðar og blandið saman við salatið. Dreifið dressingu yfir.

Frönsk dressing

½ skalottlaukur

2 eggjarauður

½ dl Dijon sinnep

½ dl hunang

½ dl hvítvinsedik

2 ½ dl ólífúolía

Salt og pipar

Skerið laukinn mjög smátt. Setjið eggjarauður, sinnep og vinedik í skál og hrærið allt saman auk lauksins. Dreifið olíunni smátt yfir á meðan hrært er stöðugt þannig að dressingin þykknar. Bragðbætið með salti og pipar. Berið gjarnan brauð fram með réttinum.

Enchiladas með kjúklingi

Þetta er mjög góður réttur fyrir alla fjölskylduna. Uppskriftin er miðuð við fjóra. Hægt er að nota



Kjúklingur í enchilada er vinsæll réttur hjá mörgum fjölskyldum.

tilbúinn kjúkling úr búðinni til að flýta fyrir kvöldmatnum ef lítill tími er í boði.

1 grillaður kjúklingur

8 hveiti-tortillur

200 g rifinn ostur

Salsasósa

1 laukur, smátt skorinn

2 hvítlauksrif, smátt söxuð

2 msk. olía

1 dós brúnar baunir

1 dós tómatar

1 kjúklingateningur

3 dl vatn

2 tsk. cumin

½ tsk. salt

¼ tsk. pipar

4 msk. vorlaurur, smátt saxaður

4 msk. ferskt kóriander

Hitið ofninn í 230°C.

Búið til sósuna með því að steikja lauk og hvítlauk í olíu. Bætið við tómötum, baunum, kjúklingateningi og vatni. Bætið því næst kryddi við. Sjóðið upp og látið malla í nokkrar mínútur. Hreinsið kjúklinginn af skinni og beinum. Rífið kjötið niður og blandið því saman við ⅔ af sósunni. Geymið afganginn af henni.

Setjið kjúklingablöndu í hverja tortillu og rúllið upp. Setjið í eldfast mót. Setjið afganginn af sósunni yfir ásamt rifnum osti.

Bakið í ofni í 10-15 mínútur eða þar til osturinn er bráðnaður. Dreifið vorlaur og kóriander yfir. Berið fram með fersku salati, sýrðum rjóma og límónu.

Marokkó-kjúklingur

Kjúklingur passar með alls kyns kryddi. Hér er hann í bland við kúskús, apríkósur og kóriander. Uppskriftin miðast við fjóra.

4 grilluð kjúklingalæri

400 g kúskús

1 dós niðursoðnar apríkósur

1 dl rúsinur

½ agúrka, skorin niður

Salt og pipar

Eldið kjúklinginn við 200°C í um það bil 20 mínútur.

Eldið kúskús eftir leiðbeiningum á pakkanum. Notið vökvann frá apríkósunum sem hluta af vökvá. Skerið apríkósur í bita, bætið rúsinum saman við ásamt agúrkum og hrærið saman við kúskúsið. Bragðbætið með salti og pipar. Berið kjúklinginn fram með kúskús og úr verður létt og góð máltíð.

Einfalt salat með vinberjum og eplum

Þetta er einfalt salat sem passar vel með kjúklingi, til dæmis heilum.



Kjúklingur er hægt að elda á svo ótrúlega margan hátt.



Kjúklingur með marokkóska ívafi er skemmtileg tilbreyting.

Þetta er ferskt salat og létt í maga.

½ agúrka

2 rauð epli

150 g rauð vinber

60 g valhnetur

150 g grísk jógúrt

½ tsk. salt

¼ tsk. pipar

Skerið agúrku og epli í bita og deilið vinberjum í tvennt.

Setjið jógúrt í skál og setjið allt saman við.

Hneturnar síðast. Bragðbætið með salti og pipar.

FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út þriðjudaginn 26. febrúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við sérblaðadeild Fréttablaðsins Sími 550 5078/ serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin allra virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

bilfang.is
S. 567 2000



VW Tiuan Comfort 2WD 02.2017
2.0 Diesel, sjálfskiptur, nýleg vetrar og sumardekk, flottur bill á góðu verði! 4390 þús!

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
Seljum í dag!
www.bilfang.is

Bílar til sölu



Volvo XC60 D4 Lux Edition árg.2017
ek. 5000km Verð 7.2millj. Uppl. í
S:892-9260

Til sölu WW charavella Transporter
2007, 7 manna. Parfnast
aðhlyningar á lakki, er í finu
lagi, einnig Toyota Avensis árg. 2007,
parfnast aðhlyningar og eru báðir
skoðaðir. Uppl í s: 893-4530.

Varahlutir

Startarar & alternatorar

í bíla, báta og vinnuvélar



Bílaraf

Flatahrauni 25 - Hafnarfirði

Sími 564 0400
www.bilaraf.is

Viðgerðir

Almennar bílaviðgerðir. Sérgrein
bremsuviðgerðir. Renni diska
og skálar. Fljót og góð þjónusta.
Bergfinnur ehf. 892 7852

Þjónusta

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,
húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur
og stofnun fyrirtækja. Fagleg
vinnubrögð á sanngjörnu verði.
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511
2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Rísarækjur
og fleira góðgæti úr hafinu.
Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR
Í SJÁVARFANGI. WWW.
HUMARSALAN.IS S. 867 6677

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,
parket, útihurðir, ofl. Gæði á
góðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarolia. Indus ehf.
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi
í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM

165 og 285 fm bil með allt að 9 m
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir
Sverrir í s. 661 7000

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg
af því. Allt að 20% afsláttur. www.
geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Ábendingahnappinn má
finna á www.barnaheill.is



**Kerrurnar
frábæru frá
Humbaaur eru
til á lager!**

**Öllum 750kg
kerrum
fylgir nefhjól,
lás og strappar.**



Startrailer 1280

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



Gerð 1376

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



Gerð 1374

Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.




Gerð 1384

Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



Gerð 1339

Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Gerð 2331

Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk.,
en með skráningu.



Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

Snyrti & nuddstofan Smart

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



**Indverskt höfuð og andlitsnudd,
litun og plokkun á augabrúnir
Verð 7.000,-**

Munið gjafabréfin okkar.

Tímabantanir í síma 789 3031 & 897 3035, helgasig2@gmail.com
eða á facebook síðu: Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

SÍÐFERÐISGÁTTIN

Eflir vellíðan á vinnustað

www.sidferdisgattin.is



SÍÐFERÐISGÁTTIN

Tilkynningar



Tálknafjörður

Deiliskipulag fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Innstu Tungu í Tálknafirði

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Innstu Tungu í Tálknafirði.

Skipulagssvæðið er á Breiðaparti í landi Innstu Tungu við norðarnverðan Tálknafjörð u.þ.b 1 km fyrir innan þéttbýlið. Svæðið afmarkast af Tálknafjarðarvegi nr. 617 að vestan, Maggalæk að norðan, fjöru að vestan og landamörkum Gileyar að sunnan. Núverandi stærð svæðisins með landfyllingu er 3,56 ha. Ætlunin er að fjölga eldiskerjum um eitt og byggja tvær settjarnir til að koma í veg fyrir að fódurleifar fari út í sjó. Ennfremur er ætlun að flytja seiðaeldi, sem nú er við Tálknafjarðarhöfn, á svæðið og byggja hús, að hluta til á uppfyllingu, yfir þá starfsemi.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps að Strandgötu 38 frá og með miðvikudeginum 20. febrúar nk. til 4. apríl 2019. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Tálknafjarðarhrepps, www.talknafjordur.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagið til **4. apríl 2019**.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Tálknafjarðarhrepps, Strandgötu 38, 460 Tálknafirði.

Skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps
Óskar Örn Gunnarsson

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL**Bláskógabyggð, Grímsnes-og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi****Aðalskipulagsmál**

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Leynir Rimatjörn

Kynnt er skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem frístundasvæðið F42 í Leyni Rimatjörn er minnkað um u.þ.b. 7 ha og þeim breytt í landbúnaðarland.

2. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, Vatnsleysa land B L188581

Kynnt er skipulags- og matslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 þar sem lóðin Vatnsleysa land B L188581, sem nú er skilgreind sem frístundalóð, verði breytt í landbúnaðarland þar sem fyrirhugað er að stofna lögbyli. Lóðin er innan frístundasvæðis F67. Lóðan er rétt rúmir 2 ha að stærð en áætlað er að hún verði sameinuð aðliggjandi 4ra ha landbúnaðarspildu.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

3. Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti.

Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem verið er að breyta nýtingu 10 ha spildu á skilgreindu landbúnaðarsvæði í Efra-Langholti, Hrunamannahreppi. Spildan liggur að skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli, merkt F16. Breytingin felur í sér að spildunni verði breytt í frístundasvæði og þar með mynda samfellu með frístundasvæðinu merkt F16.

4. Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, Grafarbakki II spilda 1.

Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem fyrirhugað er breyting á nýtingu lóðarinnar Grafarbakki II spilda 1 í Hrunamannahreppi. Breytingin felur í sér að norðurhluti lóðarinnar, um 2,6ha, verði skilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði en lóðin er á skilgreindu landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

5. Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, ný íbúðarsvæði á Flúðum.

Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, þar sem fyrirhugað er að um 4 ha landbúnaðarlandi innan þéttbýlisins á Flúðum yrði breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð. Um er að ræða þrjú svæði, 1,3 ha svæði, Sandskarðs, sem liggur að íbúðarbyggðinni ÍB3 við Vesturbrún, um 2,5 ha svæði úr landi Hrafnkelsstaða 2 og um 1 ha lóð við Garðastíg. Með uppbyggingunni er verið að þetta byggðina og blanda atvinnustarfsemi og tengja við íbúðarbyggð.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulags- og matslýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

6. Endurskoðað deiliskipulag fyrir Miklholtshelli 2 L223302, Flóahreppi.

Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna endurskoðaðs deiliskipulags fyrir Miklholtshelli 2 L223302 en þar er verið að stækka núverandi alifuglabú. Áætlað er að byggja tvö 1.500m² hús fyrir lífræna eggjaframleiðslu. Í gildandi deiliskipulagi er heimild fyrir 18.000 varphænum á lóðinni en með áætlaðri viðbót yrði heimild fyrir allt að 36.000 fugla alls.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

7. Deiliskipulag fyrir 9,8 ha landbúnaðarspildu úr landi Grænhóla, Flóahreppi.

Kynnt er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 9,8 ha spildu (Inn. 218185) úr landi Grænhóla í Flóahreppi þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús, skemmu og allt að þrjú lítil gistihús. Gert er ráð fyrir að stofnað verði lögbyli á spildunni.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

8. Deiliskipulagsbreyting fyrir Torfastaðaheidi, 1. og 2. áfanga, í Bláskógabyggð.

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir 1. og 2. áfanga frístundabyggðar í landi Torfastaða í Bláskógabyggð. Breytingin felur í sér að heimilt verði að veita rekstrarleyfi í fl. II og gert verði ráð fyrir að á hverri lóð yrði heimilt að veita gistingu í atvinnuskyni fyrir allt að 10 manns.

9. Deiliskipulag fyrir Svarfhólsvöll, golfvöll í landi Laugardæla, Flóahreppi.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir svæði undir golfvöll Golfklúbbs Selfoss. Um er að ræða stækkan á núverandi golfvelli úr 9 holum í 18 holur ásamt tilheyrandi æfingasvæðum og völlum. Skipulagssvæðið er um 70,3 ha svæði meðfram Ölfusá sem afmarkast af helgunarsvæði fyrirhugaðs nýs þjóðvegur nr. 1 til suðurs, bökkum Ölfusár til vesturs og skilgreindum landamörkum að landi Laugardæla til norðurs og austurs.

10. Deiliskipulagsbreyting fyrir Öldubbyggð, frístundasvæði í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Auglýst er tillaga að skilmálabreytingu deiliskipulags frístundasvæðisins Öldubbyggð í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall lóða verði 0,03, að aukahús/gestahús eða geymsla verði allt að 40m² ásamt því að þakgerð, mænisstefna og efnisval húsa verði frjálst.

11. Deiliskipulag fyrir Þingás L224358 og Efri-Gróf 5 L223471 úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi fyrir tvær spildur úr landi Efri-Grófar í Flóahreppi, annars vegar Þingás L224358 sem er 10,42 ha og hins vegar Efri-Gróf 5 L223471 sem er 30 ha. Alls er gert ráð fyrir 5 byggingarreitum (B1-B5) á skipulagssvæðinu þar sem heimilað verður að byggja íbúðarhús með bílskúr auk hesthúss/skemmu auk gestahúsa og heildarbyggingarmagn verði leyfilegt samanlagt allt að 1.640m².

12. Deiliskipulag fyrir Efra-Sel, ferðapjónusta. Hrunamannahreppur.

Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 2,8 ha svæðis á Efra-Seli, sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli með veitingasal, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús.

13. Deiliskipulagsbreyting fyrir athafnasvæði í Árnosi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Auglýst er tillaga að breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis í Árnosi. Breytingin verður vegna ákvörðunar um að landamarkalína séreignalands ráði lóðamörkum á athafnalóðum við Suðurbraut. Myndar þessi breyting 10-30m breitt belti milli núverandi athafnalóða og skipulagðra lóða við Þingbraut sem ekki hafa verið stofnaðar. Við breytingu minnka því einstaka lóðir, lóðum fækka á skipulagssvæðinu og númering lóða breytist.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.utu.is>.

Skipulagstillögur nr. 1-7 eru í kynningu frá 20. febrúar til 6. mars 2019 en tillögur nr. 8-13 eru í auglýsingu frá 20. febrúar til 3. apríl 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1-7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 6. mars 2019 en 3. apríl 2019 fyrir tillögur nr. 8-13. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson
Skipulagsfulltrúi
runar@utu.is

Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is

þeim tíma og var að koma útibúinu okkar þar í gang. Staðan var sú að allir stærstu viðskiptavinir okkar, íslensku bankarnir, voru að verða gjaldþrota. Þegar þeir féllu varð eðlilega mikill órói og manni fannst ekki útilokað að við færum einnig á hliðina," segir Baldvin. Raunin var hins vegar önnur því fram undan var endurskipulagning fjármála-kerfisins. BBA Legal hefur aldrei haft meira að gera en á árunum eftir fjármálahrunið. Stofan flutti skrifstofu sína í turninn á Höfðatorgi árið 2009 og tryggði sér efstu skrifstofuhæðina með útsjónarsemi.

„Við töldum okkur hafa tryggt efstu tvær hæðirnar í turninum en þegar það átti að ganga frá samningunum þá kom í ljós að búið var að semja við FL Group um að taka þrjár efstu hæðirnar. Okkur var boðin 16. hæðin fyrir neðan en við sömdum þannig að ef FL Group gæti af einhverjum ástæðum ekki staðið við samningana sína þá fengjum við efstu hæðina. Síðan fór sem fór fyrir FL Group og við áttum að fá efstu hæðina en þá var ákveðið að ráðstafa henni í lúxusbúðir. Við fengum næstefstu og höfum verið þar síðan.“

Vertiðin endist aldrei

BBA Legal vann í mörgum málum tengdum endurskipulagningu fjármála-kerfisins, meðal annars fyrir þrotabú Glitnis og kröfuhafa í slitameðferð Landsbankans. Þá rak stofan mál fyrir spænska bankann Aresbank sem átti um 20 milljarða króna í peningamarkaðssjóðum bankanna. Snerist málið um hvort sjóðirnir væri skilgreindir sem innistæður eða ekki og fór fyrir EFTA-dómstólinn. Stærstu verkefni voru hins vegar þau sem BBA Legal rak fyrir breska ríkið og sextán hollensk sveitarfélög.

„Neyðarlögin tryggðu innistæðum í erlendum útibúum íslensku bankanna forgang í slitameðferð gömlu bankanna, þannig að þær væru því sem næst jafnstæðar innistæðum íslensks almennings, sem færðust í nýju bankana. Þessi forgangur innistæðna þýddi að talsvert minna fékkst greitt upp í almennar kröfur. Þessari löggjöf var mótmælt af hálfu stóru erlendu bankanna sem töldu neyðarlögin vera afturvirkta löggjöf sem sett hafi verið á síðustu stundu. Okkar hlutverk var að verja neyðarlögin og tryggja það að þessar 300 þúsund bresku innistæður á Icesave reikningunum sem breska ríkið tók yfir nytu forgangs. Heildarkrafa breska ríkisins var yfir 1.000 milljarðar og ég veit ekki betur en að þetta sé stærsta krafa sem deilt hafi verið um í íslensku dómsmáli. Mál hollensku sveitarfélaganna sem lögðu peninga inn á Icesave var af sama meidi,“ segir Baldvin.


Baldvin rifjar upp fund sem boðaður var með forsvarsmönnum hollensku sveitarfélaganna þegar mála- reksturinn var í undirbúningi.

„Við Katrín Helga Hallgrímsdóttir fórum til Hollands til að halda fyrirlestur um hvernig við myndum verja málstað sveitarfélaganna fyrir íslenskum dómstólum. Lögmaður frá Stibbe, hollensku lögmannsstofnunni sem vann með okkur í málinu, hafði sagt að þetta yrði líklega erfiðasti fyrirlestur sem við hefðum haldið, enda var málið gríðarlega pólitískt í Hollandi. Við áttum að búa okkur undir margar og erfiðar spurningar. Eftir kynninguna var hins vegar þögn, það kom engin spurning. Ég spurði lögmanninn hvernig stæði á þessu og hann sagði að sveitarstjórnarkosningum væri nýlökid og að búið væri að kjósa út alla þá sem höfðu verið við stjórnvölinn. Þeir sem voru á fundinum vissu sem sagt sáralítið um málið. Ég er ekki viss um að Íslendingar geri sér grein fyrir hversu miklar pólitískar afleiðingar þetta mál hafði í Hollandi.“

Endurskipulagning fjármála-kerfisins kláraðist að mestu leyti árið 2016. Voru það viðbrigði?

„Svona vertið endist aldrei. Við vissum það og ræddum margo

Hagnaður og tekjur BBA Legal 2008-2017



Ekki voru tiltækar tölur yfir tekjur árin 2008 og 2009



Eigendurnir ásamt Elisabetu Ingunni Einarsdóttur, framkvæmdastjóra BBA Legal. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mér finnst ekki laust við að hluti stéttarinnar taki sig heldur hátíðlega. Þegar upp er staðið erum við ráðgjafar.

Baldvin Björn Haraldsson, einn eigenda BBA Legal

um að verkefnaflæði myndi sjatna. Í þó nokkur ár eftir hrunið var stór hluti viðskiptalífisins í gríðarlegri baráttu til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki og einstaklingar færu á hausinn og aðrir voru að verjast kröfum um fangelsisvist. Þetta var alveg ótrúleg baráttu sem mér finnst að hafi að mestu leyti lokið á árinu 2016, þótt auðvitað sé baráttan að einhverju leyti enn í gangi. Á árinu 2016 datt botninn svolítið úr, hvað okkar verkefni snerti. Stærstu slagirnir voru að klárast og okkar fólk var alveg búið á því eftir ótrúlega keyrslu. Þetta var í fyrsta sinn í mörg ár þar sem allir gátu tekið gott sumarfrí,“ segir Baldvin.

Gríðarlegur áhugi erlendis á innviðum

Helstu verkefni BBA Legal snúa að ráðgjöf í tengslum við kaup og sölu á fyrirtækjum, fjármögnun og almennri fyrirtækjaráðgjöf. Spurður hvaða tækifæri hann sjái fram undan nefnir Baldvin innviðaverkefni.

„Við sjáum að Ísland er komið aftur á kortið hjá innviðarfestum. Margir sem við höfum átt í samskiptum við hafa áhuga á stækknun flugstöðvar Leifs Eiríkssonar, Borgarlinunni og nýja Laugar-dalsvöllum svo dæmi séu tekin,“ segir Baldvin. „Áhuginn er gríðar-

legur, við fáum fullt af fyrirspurnum erlendis frá vegna innviðaverkefna. Þetta eru innviðarfestar, stór verktafyrirtæki og stórir rekstraradilar á samgönguvirkjum. Stór alþjóðleg fyrirtæki.“

Baldvin segir að íslensk stjórnvöld, bæði ríkisvaldið og sveitarfélög, þurfi að vera opnari gagnvart einkafjárfestingu í innviðum og aðkoma erlendra fjárfesta geti haft mikinn þjóðfélagslegan ábata í för með sér.

„Þetta eru fyrirtæki og fjárfestar sem búa yfir gríðarlegri sérþekkingu á sínu sviði og tengingum úti um allan heim. Þegar kemur að því að reka stór mannvirki eða samgönguvirki þarf þekkingu, fjármagn, alþjóðleg tengsl og tæknilausnir sem við búum ekki endilega yfir á Íslandi. Ef við viljum að vel sé staðið að stórfelldri innviðauppyggingu þá er mikilvægt að leita þekkingar út fyrir landsteina og fá erlend fyrirtæki til samstarfs við íslenska aðila. Ég held að við séum stundum of viðkvæm fyrir því að erlendir aðilar standi að mikilvægri uppbyggingu hér – við ættum að horfa frekar á að samningagerð og lagaumgjörð utan um slík verkefni sé í lagi,“ segir Baldvin Björn. Hann tekur dæmi um samningana varðandi uppbyggingu á Hörpu en BBA Legal sá um samningagerð í kringum verkefnið.

„Harpa var boðin út og einkafjárfestar hugðust eiga og reka Hörpuna með styrkjum frá ríki og borg í 35 ár. Eftir að samningar höfðu verið gerðir, urðu allir hlutaðeigandi gjaldþrota, þar á meðal bankinn sem fjármagnaði bygginguna. Einkaframtak í innviðauppyggingu hlaut kannski svolítið ótímabæran dauðdaga í kjölfarið finnst mér. Það gleymist algerlega í umræðunni að verkefnið fór á hliðina vegna alþjóðlegrar fjármálakrisu,“ segir Baldvin og nefnir að BBA Legal hafi barist fyrir því að koma vanefndaákvæði

inn í samningana sem gerði yfirvöldum kleift að yfirtaka Hörpu á hagstæðu verði. Umrædd ákvæði hafi sparað yfirvöldum verulegar fjárhæðir, sennilega 4-6 milljarða króna.

„Það sem skipti mestu máli í þessum efnum, hvort sem um er að ræða erlenda eða innlenda fjárfesta, er að lagaramminn sé góður og að rétt sé búið um hnútana þannig að ríki og sveitarfélög geti gripið til úrræða ef illa fer.“

Löggjöfin hamlar lögmennsstofum

Baldvin segir lagaumgjörðina í kringum lögmennsstofur afturhaldssama. Furdulegt sé að enn geti einungis lögmenn átt lögmennsstofur, þegar lögmennstörf felist að mestu leyti í hefðbundinni ráðgjöf. Þetta sé að breytast víða erlendis.

„Mér finnst ekki laust við að hluti stéttarinnar taki sig heldur hátíðlega. Þegar upp er staðið erum við ráðgjafar. Umgjörðin er hins vegar þannig í dag að þú mátt ekki eiga lögmennsstofu á Íslandi nema hafa réttindi til málflutnings og í raun má varla starfa á lögmennsstofu nema vera með lögmennsréttindi. Lögmennafélagið hefur til dæmis að undanfönu gert athugasemdir við að framkvæmdastjórar á lögmennsstofum séu ekki með lögmennsréttindi. Ég hefði haldið að Lögmennafélagið ætti að einbeita sér að mikilvægari hlutum sem eru lögmennastéttinni til hagsbóta. Við erum til dæmis með frábæran framkvæmdastjóra, Elisabetu Einarisdóttur, sem rekur fyrirtækið með miklum myndarbrag. Það er fráleitt að framkvæmdastjórar lögmennsstofa geti ekki átt hlut í þeim nema þeir hafi réttindi til málflutnings.“

Hvada ábata hefði það í för með sér að breyta umgjörðinni og leyfa öðrum en lögmönnum að eiga í lögmennsstofum?

„Þetta snýst ekki einungis um

Sterk tenging við Frakkland

Baldvin hefur gegnt stöðu formanns Fransk-íslenska viðskiptaráðsins í 6 ár og hefur viðhaldið sterkri tengingu við Frakkland sem rekja má aftur til þess þegar hann stundaði þar nám.

„Eftir að hafa unnið í tvö ár í lögfræðistörfum hér heima ákvað ég árið 1995 að flytja til Frakklands og sækja um nám. Það reyndist erfitt vegna þess að ég kunni ekki frönsku. Ég fór því að vinna á bar á Bastillutorginu þar sem ég lærði grunninn. Stuttu síðar hitti ég enskan lögfræðing sem hafði unnið fyrir SÍF á sínum tíma og fékk inni á skrifstofunni hans. Þar fékk ég hjálp við að þýða umsóknareyðublöðin í skólann á frönsku,“ segir Baldvin.

Frönskuþrófið sem var skilyrði fyrir inntöku var fellt niður og með góð meðmæli komst Baldvin því í tveggja ára framhaldsnám í lög- og viðskiptafræði í París eftir einungis þriggja mánaða dvöl.

„Ég slapp inn í skólann fyrir algjöra tilviljun. Það tók mig sex mánuði að verða viðræðuhæfur og skilja kennarana. Þetta var talsverð áskorun, en gríðarlega reynslumikið og eftirminnilegt tímabil. Smám saman náði ég samt tókum á tungumálinu, kláraði námið og tók lögmennsréttindin úti í París,“ segir Baldvin.

Baldvin hefur sem áður segir gegnt formennsku fyrir Fransk-íslenska viðskiptaráðið um nokkurra ára skeið og þá sat hann í átta ár í gerðardómi Alþjóða viðskiptaráðsins í París, fyrir hönd Íslands. Vorið 2017 var hann sámdur riddarakrossi af franska ríkinu fyrir störf sín.

„Skirteinið sem fylgdi riddarakrossinum er undirritað af þáverandi forseta Frakklands, Francois Hollande. Ég er ekki frá því að þetta hafi verið eitt af hans síðustu embættisverkum,“ segir Baldvin spöskur, „því hann undirritaði skjalið 10. maí og lét af störfum þremur dögum síðar.“

Ábata, heldur að stéttin átti sig á því að lögmennsstofur eru fyrirtæki og eiga að lúta lögmálum sem slík. Það er svo einnig ljóst að þessi löggjöf hamlar því að lögmennsstofur geti stækkað og boðið ráðgjöf á fleiri sviðum. Í dag eru stóru endurskoðunarfræðistofa hér á landi, sem eru ekki undirorpnar slíkrri löggjöf. Það þarf að eiga sér stað framþróun í eignarhaldi á lögmennsstofum svo þær séu samkeppnishæfar. Menn eru svolítið á afturlöppunum hvað þetta varðar hér heima.“

Vilja umbylta samkeppnislöggjöfinni

Franskir og þýskir stjórnálmenn gagnrýna harðlega ákvörðun evrópskra samkeppnisyrivalda um að ógilda samruna Siemens og Alstom. Breyta þurfi evrópskum samkeppnisreglum þannig að fyrirtæki í álfunni geti keppt við kínverska keppinauta.

Kristinn
Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Stjórnvöld í Frakklandi og Þýskalandi hafa kallað eftir því að evrópskum samkeppnislögum verði umbylt eftir að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ógilti fyrr í mánuðinum samruna lestaframleiðendanna Siemens og Alstom.

Franski efnahagsráðherra Bruno Le Maire, sem hefur ausið skömmum yfir framkvæmdastjórnina vegna ákvörðunarinnar, sagðist í síðustu viku vilja búa til „evrópskan iðnaðarrisa“ til þess að sporna gegn vaxandi umsvifum Kínverja í Evrópu.

Á blaðamannafundi með þýska fjármálaráðherra Olaf Scholz í Brussel sagði Le Maire að samkeppnisreglur Evrópusambandsins væru arfleifð frá tuttugustu öldinni sem veittu kínverskum fyrirtækjum forskot gagnvart keppinautum þeirra í Evrópu.

Hann boðaði umfangsmiklar breytingar – nokkurs konar umbyltingu – á evrópskri samkeppnislöggjöf sem fælust meðal annars í því að veita leiðtogum Evrópusambandsríkja – nánar tiltekið leiðtogaráði sambandsins – vald til þess að snúa við ákvörðunum framkvæmdastjórnar sambandsins í samrunamálum.

„Evrópsk fyrirtæki keppa oft á tíðum á heimsvísu við bandarísk og Asísk fyrirtæki sem eru í afar sterkri stöðu á heimamörkuðum sínum,“ sagði Peter Altmaier, efnahagsráðherra Þýskalands, í samtali við Financial Times fyrr í vikunni og bætti við: „Þannig að Evrópusambandið ætti að leyfa fyrirtækjum að vera til og verða að alþjóðlegum fyrirtækjum sem eru nægilega stór til þess að standast samkeppnina.“

Önnur tillaga snýr að því að víkka út skilgreiningu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins á mörkuðum þannig að í samrunamálum taki framkvæmdastjórnin í meiri mæli tillit til markaðshlutdeildar viðkomandi fyrirtækja á heimsvísu. Ekki dugi að meta einungis hlutdeild fyrirtækjanna á sínum heimamarkaði eða Evrópumarkaði.

Pólítiskari ákvarðanir

Þeir sérfræðingar á sviði samkeppnisréttar sem Financial Times ræddi við segja að tillögurnar muni – verði þær að veruleika – gjörbylta áratugalangri framkvæmd evrópskra samkeppnisyrivalda.



Ekkert verður af sameiningu járnbrautarstarfsemi Siemens og Alstom. NORDICPHOTOS/GETTY

Gæti haft áhrif á framtíð Vestagers

Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um að hafna sameiningu járnbrautarstarfsemi Siemens og Alstom gæti haft afdrifaríkar afleiðingar í för með sér fyrir Margrethe Vestager, danska stjórnmalaskörunnginn sem stýrir samkeppnisdeild framkvæmdastjórnarinnar. Þannig telja viðmælendur Financial Times líkurnar hafa minnkað á því að Vestager hreppi áhrifa-stöðu innan helstu stofnana Evrópusambandsins, svo sem forsetaembætti framkvæmdastjórnarinnar þegar núverandi forseti, Jean-Claude Juncker, hverfur á braut síðar á árinu.

„Þetta er leitt fyrir hana,“ segir einn embættismaður sem þekkir vel til mála. Franskir og þýskir stjórnálmenn hugsi

henni þegjandi þörfina. Vestager, sem var áður fjármálaráðherra Danmerkur og leiðtogi Róttæka vinstriflokksins, hefur verið orðuð við embætti forseta framkvæmdastjórnarinnar en ötul framganga hennar sem samkeppnismálastjóri Evrópusambandsins, sér í lagi gagnvart tæknirísunum Apple og Google, hefur vakið mikla athygli. Stjórnsmenn dönsku stjórnmalakonunnar eru hins vegar hvergi bangnir. „Ákvörðunin sýnir skýrlega að hún er óhrædd við að taka ákvarðanir, líka ákvarðanir sem eru ekki endilega til vinsælda fallnar, en er það ekki það sem við þurfum nú á að halda í Evrópu?“ segir Morten Helveg Petersen, danskur þingmaður á Evrópuþinginu.

Ekki eigi að vanmeta möguleg áhrif þeirra.

Nicholas Levy, meðeigandi á lögmannsstofunni Cleary Gottlieb, segir að tillögurnar muni „í grundvallaratriðum breyta skipulagi evrópsks samrunaefirlits“. Í stað sérfræðigreiningar á grundvelli vel skilgreindra lagafyrirmæla verði meira um pólítískar ákvarðanir.

„Hlutverk framkvæmdastjórnar-

innar verður veigaminna og gagnsæið og stöðugleikinn sem einkennt hafa evrópskt samrunaefirlit í þrjátíu ár verða ekki lengur fyrir hendi,“ nefnir Levy. „Það er erfitt að sjá hvernig það ætti að skila sér í betri ákvarðanatöku og samkeppnishæfari mörkuðum.“

Sú ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins að ógilda samruna Siemens og Alstom hefur

vakið mikla gremju á meðal franska og þýskra stjórnálmanna sem segja að ákvörðunin þjóni fyrst og fremst hagsmunum kínverska ríkisrisans CRRC, stærsta framleiðanda lesta í heiminum og helsta keppinautar evrópsku fyrirtækjanna.

Tekjur sameinaðs félags Siemens og Alstom hefðu numið um 15 milljörðum evra, jafnvirði um 2.050 milljarða króna, á ári.

Vonir stjórnendanna stöðu til þess að með samstarfi undir merki Siemens-Alstom yrði til evrópskur risi sem gæti látið að sér kveða um allan heim og þá sér í lagi í samkeppninni við CRRC.

Margrethe Vestager, yfirmaður samkeppnismála hjá Evrópusambandinu, tók fram í yfirlýsingu að samruninn hefði getað leitt til verðhækkana og minni samkeppni á evrópskum lestamarkaði, farþegum til tjóns.

„Fyrirtækin voru ekki viljug til þess að bregðast við alvarlegum samkeppnislegum áhyggjum okkar,“ sagði hún.

Vestager vísaði því jafnframt á bug að sameining Siemens og Alstom væri nauðsynleg til þess að bregðast við vaxandi samkeppni frá Kína. Evrópski lestamarkaðurinn væri „blómlegur“ og þar mætti finna ýmis stórfyrirtæki á borð við Siemens og Alstom. Þar að auki benti fátt til þess að Kínverjar myndu hefja sölu á lestum í Evrópu á næstunni.

Ég trúir því heitt að rétta lausnin sé ekki meiri klofningur, heldur meiri samvinna á milli franska, þýskra og annarra evrópskra fyrirtækja.

Bruno Le Maire,
efnahagsráðherra
Frakklands



Spurning um líf eða dauða

Altmaier viðurkennir að nýkynntar tillögur franska og þýskra stjórnvalda að breyttri samkeppnislöggjöf komi einkum til vegna áður nefndrar ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar frá því fyrr í mánuðinum. Ákvörðunin vekur áleitnar spurningar um stöðu evrópskra fyrirtækja sem eigi í samkeppni við kínverska ríkisfyrirtæki.

„Það er óumdeilanlegt að þegar þú starfar á alþjóðlegum mörkuðum þarftu að ná ákveðinni stærð til þess að geta staðið þig í samkeppninni,“ segir ráðherra.

Það á sérstaklega við, að mati ráðherrans, í tilfellum fyrirtækja sem „framleiða flugvélar, lyftur í eitt hundrað hæða byggingar eða lestir þar sem verkefni geta kostað 30 milljarða evra eða meira,“ nefnir Altmaier. „Þess vegna er mikilvægt að við brjótum ekki þessi fyrirtæki upp eða leggjum stein í götu þeirra.“

Tillaga Le Maires um að veita leiðtogum Evrópusambandsríkja neitunarvald gagnvart ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar í samrunamálum er áþekkt því fyrirkomulagi sem gildir um ríkisstyrki til evrópskra fyrirtækja. Í fréttaskýringu Financial Times er hins vegar bent á að ráðherrar í leiðtogaráðinu hafi afar sjaldan beitt neitunarvaldi í ríkisstyrkjumálum.

Franskir embættismenn sem blaðið ræddi við segja að hugmynd ráðherrans megi rekja til reglna sem gilda þar í landi. Þannig hafi Le Maire sem dæmi snúið á síðasta ári við ákvörðun franska samkeppnisyrivalda sem höfðu sett tilteknum samruna á milli landbúnaðarfyrirtækja ströng skilyrði.

„Það er kominn tími fyrir Evrópu til þess að vakna og skilja það að tæknipróunin er mjög hröð um þessar mundir,“ segir franskir ráðherra. „Þetta er spurning um líf eða dauða fyrirtækja.“

Banna skortsöluviðskipti með hlutabréf í Wirecard

Þýska fjármálaeftirlitið bannaði á mánudag fjárfestum að skortselja hlutabréf í fjárfestufyrirtækinu Wirecard, sem er skráð á hlutabréfamarkaði í Frankfurt, vegna mikils flóks á gengi bréfanna.

Tilkynning fjármálaeftirlitsins kom í kjölfar fregna af því að saksóknarar í þýsku borginni München hefðu hafið rannsókn á mögulegum brotum blaðamanns Financial Times á verðbréfavíðskiptalögum en umræddur blaðamaður hefur á undanförunum vikum fjallað ítarlega um meint bókhaldsbrot þýska tæknifyrirtækisins.

Talsmaður Financial Times sagði allar ásakanir gagnvart dagblaðinu og blaðamönnum þess „tilhæfulausar og rangar“.

Þýska fjármálaeftirlitið nýtti sér

lagaákvæði sem það notaði síðast í fjármálahruninu árið 2008 til þess að banna skortsöluviðskipti með hlutabréf í Wirecard. Vísaði eftirlitið til „mikilvægis“ félagsins fyrir þýska hagkerfið til stuðnings ákvörðun sinni og tók einnig fram að gengisflóktið ógnaði „alvarlega“ tiltrú markaðarinnar.

Taki fjárfestir skortstöðu í hlutabréfum félags skapast honum hagnaður við verðlækkun viðkomandi bréfa. Með öðrum orðum veðjar fjárfestirinn á að bréfin lækki í verði.

Gengi hlutabréfa í Wirecard hefur fallið um tugi prósentu eftir að Financial Times hóf að flytja fregnir fyrir í vetur af óvenjulegum reikningsskilum nokkurra dótturfélaga tæknifyrirtækisins í Asíu. – kj

Býst við fleiri gjaldþrotum flugfélaga

Forstjóri írsku flugvélaeigunnar Avolon, sem er einn af leigusölum WOW air, segir að þrátt fyrir áframhaldandi sterka eftirspurn eftir flugi muni fleiri flugfélög fara í gjaldþrot í ár en áður. Of mörg „ódyr sæti“ séu í boði á flugmarkaðinum.

„Svo virðist sem sterkari flugfélögin séu að verða sterkari og veikari flugfélögin að veikjast hraðar,“ segir Domhnal Slattery, forstjóri Avolon, í samtali við Financial Times.

Í nýlegri afkomutilkynningu frá félaginu, sem sérhæfir sig í fjármögnun og útleigu flugvéla, var sérstaklega tekið fram að „fullnýttar flugvélar [væru] ekki alltaf gleðiefni“ en í því sambandi var vísað til þeirrar hrinu gjaldþrota sem farið hefur um evrópskan flugmarkað undanfarnin misseri.



Domhnal Slattery, forstjóri írsku félagsins Avolon. NORDICPHOTOS/GETTY

John Higgins, framkvæmdastjóri rekstrar Avolon, segir flugfélög þurfa að sýna heilbrigða skynsemi. „Við erum að horfa upp á fleiri flugfélög glíma við lausafjarvanda og hærra vexti sem bætist ofan á hækkandi oliuverð,“ nefnir hann. Félagið viti vel að það geti ekki forðast áhættu að öllu leyti, heldur reyni það að vinna með þeim viðskiptavinum sínum sem lenda í vandræðum að viðbraðgsáætlunum.

Sem kunnugt er tók írski félagið í lok nóvember í fyrra til sín fjórar flugvélar sem voru í rekstri WOW air. Leigusamningnum við íslenska lággjaldflugfélagið var hins vegar ekki rift og kom fram í írskum fjölmiðlum að flugfélagið gæti fengið vélarnar til baka þegar rekstur þess kæmist aftur á réttan kjöl. – kj

Samband við sex heimsálfur

Hvíta húsið og FleishmanHillard
koma þér í samband við fólk

6 heimsálfur
30 lönd
104 borgir

Það er okkur sönn ánægja að tilkynna að Hvíta húsið er orðið aðili að FleishmanHillard samstæðunni, sem er með 104 skrifstofur út um allt. Ekki samt á Suður-skautslandinu. Það kemur.

**Ein stærsta
almannatengsla-
og samskiptastofa
í heimi**

FleishmanHillard er ein stærsta PR og samskiptastofa í heiminum. Þar starfar sterkur hópur af hæfileikaríku fólki, alveg eins og hjá Hvíta húsinu. FleishmanHillard og Hvíta húsið deila þeirri sýn að samstarfsgleði og áhugi á fólki sé það sem þarf til að ná árangri. Það verður því heldur betur spennandi að hefja vegferð um heiminn með nýjum vinum.

**Hugmyndir um
allan heim**

Ótroðnar slóðir eru skemmtilegar. Við hlökkum til að koma góðum hugmyndum viðskiptavina okkar á nýja staði.

Hvíta Húsið


FLEISHMANHILLARD

Flugfarþegar eru orðnir kröfuharðari

Svipmynd

Birna Ósk Einarsdóttir

Nám:

B.Sc. frá Háskólanum í Reykjavík í viðskiptafræði
M.S. frá Háskóla Íslands í stjórnun og stefnumótun
AMP fyrir stjórnendur frá IESE í Barcelona

Störf:

Síminn fyrstu sextán ár starfsævinnar. Vann í PR-málum, mannauðsmálum, stýrði verkefnastofu og markaðsdeild og tók svo við starfi framkvæmdastjóra einstaklingssviðs árið 2011. Framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs Landsvirkjunar 2017-2018
Hóf störf hjá Icelandair fyrir um ári. Fyrst sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar og stefnumótunar en er núna framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Icelandair.

Fjölskylduhagir:

Gift Kristni Ingvarssyni, framkvæmdastjóra Íslenskrar ættleiðingar. Við eigum eina dóttur, Önnu Elisabetu, átta ára.

Birna Ósk Einarsdóttir leiðir sameinað sölu- og þjónustusvið félagsins Icelandair í kjölfar skipulagsbreytinga hjá flugfélaginu. Hún segir farþega gera meiri kröfur til flugfélaga en áður. Þeir vilji finna að flugfélögin sem þeir ferðast með séu ábyrg í sínum rekstri, lágmarki neikvæð áhrif á umhverfið og leggi sitt af mörkum til samfélagsins.

Hvernig er morgunrútin þín?

Morgnarnir eru minn uppáhaldstími. Þá eigum við mæðgur gæðastund saman. Hlustum á góða tónlist, lesum blöðin (mismunandi blaðhlutar heilla 8 ára stúlku og móður hennar svo það gengur alltaf vel) og spjöllum á meðan við borðum morgunmatinn og komum okkur í girinn fyrir daginn. Ef ég vakna mjög snemma, hendist ég einn Gróttuhring áður en dóttir mín fer á fætur.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Þau eru klárlega að vera með fjölskyldunni minni og góðum vinum, en auk þess þykir mér afskaplega gaman að ferðast og heimsækja nýja staði og hlusta á góða tónlist. Þá sameina ég tvö áhugamál með því að fara út að ganga á hverjum degi, með hljóðbók í eyrunum. Stjórnun, hlutverk leiðtogans og stefnumótun eru svo áhugamál sem er endalaust hægt að velta sér upp yfir og ég er svo heppin að fá útrás fyrir þessi áhugamál á hverjum degi í vinnunni.

Hver er bókin sem ert að lesa eða last síðast?

Það eru alltaf nokkrar í gangi. Fyrir svefninn var ég að byrja á bók



Birna segist leggja áherslu á að vera með vel skipað teymi ólíkra einstaklinga sem allir leggja sitt af mörkum til heildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

sem lofar að vera svo óspennandi að hún svæfi alla. Það hefur virkað vel hingað til en hún heitir „This Audiobook will send you to sleep“. Mæli með henni fyrir þá sem vilja láta svæfa sig úr leiðindum! Þegar mig langar í einhverja vinnuörvun, grip ég í Grit eftir Angelu Duckworth, sem er sálfræðingur og fjallar í bókinni um það hvernig árangur okkar ræðst af því hvernig við tökumst á við erfiðar áskoranir og hvaða persónueinkenni skipta þar mestu máli. Sá hana ræða innihald bókarinnar á ráðstefnu nýverið og heillaðist. Nú, og þegar mig vantar bara afþreyingu þá sækir ég í krimma. Akkúrat núna eru það Útlagamorðin eftir Ármann Jakobsson sem halda athyglinni.

Ef þú þyrftir að velja allt annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Það væri mjög gaman að fara aftur í skóla, klára doktorspróf og starfa svo við kennslu og rannsóknir, gæti séð það fyrir mér.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Tíu árum eldri, enn á gangi með hljóðbók í eyrunum og að láta mig dreyma um næsta ferðalag með fjölskyldunni.

Hver er helsta áskorunin framundan í starfinu?

Fyrir tveimur vikum tók ég við nýju hlutverki hjá Icelandair, og helsta áskorunin framundan er að komast inn í það, ná utan um viðfangsefnið með mínu frábæra samstarfsfólki, tryggja að við séum öll á sömu blaðsíðunni og hlaupa svo af stað. Það er engin kyrrstaða í flugbransanum.

Hverjar eru helstu áskoranirnar í rekstrarumhverfinu í dag?

Samkeppnin er hörð á þeim mörkuðum sem við störfum á, flugfélög mörg og framboð gríðarlega mikið. Þetta hefur valdið því að verð hafa farið lækkandi, og jafnvel undir það sem raunhæft er að gangi til að félögin geti staðið undir sér. Á þessum markaði erum við hjá Icelandair með mjög litla markaðshlutdeild og þurfum því að taka á

Á þessum markaði erum við hjá Icelandair með mjög litla markaðshlutdeild og þurfum að taka á öllu okkar til að geta staðið uppi í hárinu á risunum sem við keppum við.

Birna ósk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs Icelandair.

öllu okkar til að geta staðið uppi í hárinu á risunum sem við keppum við. Það er mikil áskorun að halda einbeitingu í jafn hörðu samkeppnisumhverfi á þessum miklu umbrotatímum.

Sérðu fyrir þér breytingar í þjónustuupplifun í flugbransanum á komandi árum?

Já, klárlega. Farþegar eru orðnir kröfuharðari, sem er gott. Þeir vita hvað þeir vilja, leggja áherslu á réttar upplýsingar á réttum tíma, skýrt vöruframboð og persónulega þjónustu. Þá vilja þeir finna að flugfélögin sem þeir ferðast með séu ábyrg í sínum rekstri, lágmarki neikvæð áhrif á umhverfið og leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Þessar væntingar eru að aukast og við teljum okkur vel í stakk búin til að koma til móts við þær.

Hvers konar stjórnunarhætti hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?

Ég legg áherslu á að vera með skipað teymi ólíkra einstaklinga sem allir leggja sitt af mörkum til heildarinnar. Að þau viti öll hvert hlutverk þeirra er, til hvers er ætlast af þeim og hvernig samstarfið eigi að vera. Þegar þetta liggur fyrir vil ég treysta mínu fólki fyrir viðfangsefnum þess og styðja það svo með ráðum og dáð þegar eftir því er óskað.

Fæðingarorlofssjóður ætti að greiða mótframlag í séreign



Björn Berg Gunnarsson
fræðslustjóri
Íslandsbanka

Við ákvörðun um töku fæðingarorlofs er að mörgu að hyggja. Til dæmis þarf að taka tillit til hinna ýmsu atriða á fjármálahljóðinni. Það skiptir ekki einöngungu máli hversu lengi við viljum

vera heima, lita þarf til þeirra áhrifa sem orlofstaka kemur til með að hafa á tekjur heimilisins. Þessu velta þúsundir íslenskra foreldra fyrir sér árlega og útkoman er sú að mikill munur er á orlofstöku kynjanna. Það sem meira er, munurinn eykst ár frá ári og hefur hlutfall orlofsdaga karla af orlofsdögum kvenna snarmínkað og er nú vel innan við helmingur.

Árið 2008 var um fimmtungur karlmannna lengur en 90 daga í orlofi, en 93% kvenna. Árið 2017 var þetta hlutfall 95% hjá konum en hafði fallið í 10% hjá körlunum eftir nær stöðuga lækkun á tímabilinu. Hlutfall

» Í fæðingarorlofi geta foreldrar því orðið af umtalsverðum lífeyrisréttindum í framtíð og hallar þar mjög á konur vegna lengri orlofstöku.

þeirra fedra sem taka sér orlof undir 90 daga grunnréttindunum hafði á sama tíma tvöfaldast og í stað 90% fyrir áratug nýta einungis 77% fedra orlofsrétt sinn að einhverju leyti.

Þessi ólíka orlofstaka kynjanna hefur í för með sér áhrif á fjármál kvenna sem mætti fá meiri athygli. Við söfnum nefnilega aðskildum lífeyrisréttindum, þó fjármál heimilisins geti verið sameiginleg. Þar sem greiðslur Fæðingarorlofssjóðs eru minni en sem nemur launum okkar lækkar sú upphæð sem greidd er í lífeyrissjóð á meðan við erum í orlofi. Enn meiri eru svo áhrifin á séreignar-

sparnað þar sem sjóðurinn greiðir einhverra hluta vegna ekki mótframlag. Í fæðingarorlofi geta foreldrar því orðið af umtalsverðum lífeyrisréttindum í framtíð og hallar þar mjög á konur vegna lengri orlofstöku.

Mótframlag í séreignarsparnað væri hægt að nýta til skattfrjálsrar ráðstöfunar við kaup eða afborgun á húsnæði eða ávaxta til efri árana. Sé miðað við greiðslur ársins 2017 mætti áætla að kostnaður við slíkt væri yfir 200 milljónir króna á ári en verðmætið fyrir ungt fólk í fæðingarorlofi leyfi ég mér að fullyrða að sé mun meira.

Fréttir af andláti stórlega ýktar



Gunnar Dofri Ólafsson
lögfræðingur
Viðskiptaráðs
Íslands



Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir
verkefnastjóri
á samkeppnis-
hæfnisviði Sam-
taka atvinnu-
lífsins



Páll Harðarson
forstjóri Nasdaq
Iceland.

Góðir stjórnarhættir og tilnefningarnefndir hafa vakið verðskuldaða athygli undanfarið sem sést best á því að á einu ári fjölgaði fyrirtækjum sem hafa skipað tilnefningarnefndir, eða eru með það í skoðun, úr tveimur í fimmtán. Tilnefningarnefndir eru nýmæli í framkvæmd á Íslandi og því fullt tilefni til itarlegrar umfjöllunar um viðfangsefnið.

Tilnefningarnefndir eru ekki nýjar af nálinni, þótt við Íslendingar séum þar eins og á sumum

sviðum áratug á eftir Norðurlöndunum. Tilnefningarnefndir náðu fótfestu í Svíþjóð fyrir tæpum áratug – svo góðri að það vakti heimsathygli. Árið 2017 höfðu 95% skráðra félaga í Svíþjóð skipað tilnefningarnefndir enda tilmælin um tilnefningarnefndir meðal grundvallarþátta sænsku stjórnarháttaleiðbeininganna.

Þrátt fyrir þessa útbreiðslu og áherslu á tilnefningarnefndir á Norðurlöndunum virðist nokkurs misskilnings gæta um eðli þeirra og hlutverk í umræðunni á Íslandi.

Til hvers tilnefningarnefndir?

Í grein sem birtist í Markaðnum undir fyrirsögninni „Vofa góðra stjórnarháttanna“ þann 17. janúar lýsir Þorsteinn Friðrik Halldórsson, blaðamaður Markaðarins, skoðunum sínum og upplifun á tilnefningarnefndum. Þar varpar hann meðal annars fram spurningum um hvort tilnefningarnefndir þjóni tilgangi sínum, hvaða vanda þeim sé ætlað að leysa og hvort þær séu krókaleidir í ákvörðunartöku, hvort í þeim felist framsal á ákvörðunartöku og þeirri fullyrðingu að í kröfunni um tilnefningarnefndir felist krafa um að hluthafar reiði sig á mat nefndarmanna sem eigi ekkert undir gengi fyrirtækisins.

Hlutverk og tilgangur tilnefningarnefnda er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu. Þær starfa að jafnaði í skjóli hluthafafundar en ekki stjórnar. Tilnefningarnefnd skal vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstak-



Óhætt er að fullyrða að í tilnefningarnefnd felist ekkert framsal á ákvörðun eða atkvæðisrétti hluthafa við stjórnarkjör.

ingar sem tilnefndir eru búi sem hópur yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

Í greininni „Öll þúslin skipta máli“, sem birtist í Markaðnum 9. janúar, var vísað til bréfaskrifta Eaton Vance til stjórna félaga sem sjóðurinn var hluthafi í. Þar slær sjóðurinn því föstu að góðir stjórnarhættir auki virði félaga og að tilnefningarnefndir séu grundvallaratriði í að tryggja góða stjórnarhætti.

Betra skipulag, samskipti og samsetning

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður og hluthafi í Sýn, hefur sagt að reynslan af tilnefningarnefnd félagsins væri meðal annars sú að samsetning stjórnar væri betri, hún bætti samskipti félagsins við hluthafa og að aðalfundur væru betur undirbúnir. Sú aðferð að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu með þessum hætti er því ekki krókaleið að ákvörðun heldur meðal annars ætlað að skapa hluthöfum betri forsendur fyrir upplýstri ákvörðunartöku við stjórnarkjör og þannig stuðla að góðum stjórnarháttum.

Þá er óhætt að fullyrða að í tilnefningarnefnd felist ekkert framsal á ákvörðun eða atkvæðisrétti hluthafa við stjórnarkjör. Tillögur tilnefningarnefndar eru ekki bindandi fyrir hluthafa og fari

þeir ekki eftir tillögum hennar má slá því föstu að það hafi engar lagalegar afleiðingar. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja haggja ekki fyrirmælum í lögum um hlutafélög.

Hlutabréfaeign og stjórnarseta

Í almennri umræðu gæti auk þess misskilnings um óhæði og hlutabréfaeign stjórnarmanna. Stjórnarformaður telst ekki samstundis háður við hlutafjareign og getur því óárettur átt hlut í félaginu upp að ákveðnu þaki og jafnframt setið sem óháður stjórnarformaður í stjórn félagsins. Hins vegar má aðeins einn stjórnarformaður vera daglegur stjórnandi félagsins, meirihluti stjórnarmanna skal vera óháður féluginu og daglegur stjórnendur og tveir óháðu stjórnarmannanna í fimm manna stjórn skulu vera óháðir stórum hluthöfum.

Undirrituð taka á hinn bóginn heilshugar undir að þegar tilnefningarnefndir eru annars vegar er ekki hægt að styðjast við hillulausnir. Missmunandi félög hafa missmunandi þarfir og grundvallarforsenda þess að góðir stjórnarhættir nái fótfestu í fyrirtækjum er að haghafar velti fyrir sér hvað í góðum stjórnarháttum felist. Gagnrýnin en jafnframt upplýst umræða er þannig mikilvæg þegar góðir stjórnarhættir eru annars vegar. Við hvetjum því til áframhaldandi umræðu um góða stjórnarhætti.

Fyrir hönd útgáfuadila leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF. - AÐALFUNDUR 2019

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2019 kl. 16.00 í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, Reykjavík.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins.
4. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu fyrirtækisins.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnar, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.
7. Kosning stjórnar félagsins.
8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða rafrænt á netfangið stjorn@tm.is í síðasta lagi 4. mars næstkomandi.

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð eða á eyðublaði sem aðgengilegt er á vef félagsins – tm.is/fjarfestar. Rafrænt umboð skal sent félaginu á netfangið stjorn@tm.is áður en fundur hefst.

Ekki verður unnt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Óski hluthafi að taka fyrirfram þátt í atkvæðagreiðslu skriflega og fá sendan atkvæðaseðil skal hann gera skriflega kröfu þar um til félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn. Að auki er unnt að greiða atkvæði á skrifstofu félagsins á venjulegum opnunartíma (kl. 9:00 til 16:00) til og með miðvikudeginum 13. mars 2019, en fyrir lokun skrifstofunnar þann dag skal einnig skila þangað sendum atkvæðaseðlum. Nánar fer um atkvæðagreiðsluna og gildi atkvæða samkvæmt henni eftir reglum félagsins um atkvæðagreiðslu utan hluthafafundar, settum af stjórn félagsins 18. desember 2013.

Framboð til stjórnar skal tilkynna skriflega til tilnefningarnefndar félagsins skemmt fimm dögum fyrir hluthafafundinn.

Tilkynning um framboð skal vera á sérstöku eyðublaði sem tilnefningarnefnd lætur í té og unnt er að nálgast á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Í tilkynningunni

skal veita greinargóðar upplýsingar um þau atriði sem tilgreind eru á eyðublaðinu, sbr. 1. mgr. 16. gr. samþykpta félagsins. Útfyllt og undirrituð framboðstillkynning skal hafa borist tilnefningarnefnd á skrifstofu félagsins eða með tölvuskeyti á netfangið tilnefningarnefnd@tm.is fyrir lok framboðsfrests.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tillögu tilnefningarnefndar gerir hún tillögu um að fráfarandi stjórn verði endurkjörin, en hana skipa í aðalstjórn Andri Þór Guðmundsson, Einar Örn Ólafsson, Kristín Friðgeirsdóttir, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir og Örvar Kærnested og í varastjórn Bjarki Már Baxter og Bryndís Hrafnkelsdóttir.

Dagskrá aðalfundarinnar og tillögur sem fyrir hann verða lagðar, þ. á m. rökstudd tillaga tilnefningarnefndar, svo og aðrar nauðsynlegar upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins (www.tm.is/fjarfestar). Að auki mun ársreikningur (samstæðureikningur) félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda liggja frammi á skrifstofu og á vef félagsins hluthöfum til sýnis hálfum mánuði fyrir fundinn.

Eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund verða birtar á vefsíðu félagsins upplýsingar um framboð til stjórnar.

Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig á fundinn á fundarstað hálfri klukkustund áður en hann hefst og fengið fundargögn afhent.

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.



Til leigu

Atvinnuhúsnæði fyrir umfangsmikla starfsemi.

Reitir bjóða til leigu 2.819 m² atvinnuhúsnæði við Klettagarða 6. Aðkoma við húsið er eins og best verður á kosið, bæði fyrir gesti og atvinnutæki. Um er að ræða rúmgóðan og háan sal með þremur innkeyrsluhurðum og minni sal með innkeyrsluhurð. Skrifstofurýmið var endurnýjað fyrir örfáum árum og starfsmannaaðstaða er mjög góð. Húsnæðið er laust til afhendingar.

Nánari upplýsingar veitir Halldór Jenson sölustjóri í 840 2100 eða halldor@reitir.is.

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 140 eignir af öllum stærðum og gerðum um allt land.

Kringlan 4-12

103 Reykjavík

www.reitir.is

575 9000

REITIR

Velkomin til starfa

Stjórnar- maðurinn



Allt á haus

Nú er greinilega komið að úrslitastundu í kjaraviðræðunum en ef eitthvað er að marka atburði síðustu daga virðast forystumenn verkalyðsfélaganna við það að fara á taugum. Vilhjálmur Birgisson rauk á dyr í stjórnarráðinu í gær og þar á undan hafði forystumaður VR í frammi bæði ósmekklega og óskiljanlega hótun í garð Kviku banka.

Nú er eitt að rjúka einhvers staðar út í fússi og margir hafa lent í því að láta skapið hlaupa með sig í gönur. Svo ekki sé nú talað um þegar menn þurfa að spila fyrir sitt heimafolk, eða telja sig þurfa að senda skilaboð í samningaviðræðum. Útspil Vilhjálms var því ekki óvenjulegt í svona aðstæðum þótt menn geti deilt um það hvort fólk í ábyrgðarstöðum eigi að haga sér með þessum hætti.

Síðarnefnda atvikið var þó sýnu verra enda afhjúpaði það fádæma hugsunarleysi og vanþekkingu á aðstæðum. Þá hótaði Ragnar Þór Ingólfsson í VR að draga sjóði félagsins úr stýringu hjá Kviku ef bankinn drægi ekki hækkunar á leiguverði til Almenna leigufélagsins til baka innan fjögurra daga. Gallinn var bara sá að hækkunirnar eru alls ekkert á forræði Kviku, heldur félags sem tengist Gamma. Fyrir utan það hversu ósmekklegt er að ganga fram með slíkum hótunum þá afhjúpa afarkostirnir vandræðalega vanþekkingu formannsins og hans kóna.

Kvika hefur vitanlega náð samkomulagi um kaup á Gamma en samruninn er enn til umfjöllunar hjá Samkeppniseftirlitinu og hefur ekki hlotið endanlegt samþykki. Kvika hefur því ekkert um starfsemi Gamma að segja og ef bankinn færir að hlutast þar til væri það beinlínis lögbrot. Formaður VR er því annaðhvort að hvetja til lögbrot eða hreinlega veit ekki betur. Þegar vitleysan var leiðrétt og formaðurinn snuppraður af FME dró hann hins vegar ekki hótunina til baka, heldur gaf heldur í. Ekki er gott að segja hvernig málið endar, en það bendir að minnsta kosti til þess að formaðurinn sé ekki sérstaklega jarðtengdur eða reiðubúinn að hlusta á staðreyndir.

Vonandi eru atburðir vikunnar ekki fyrirboði um það sem koma skal í viðræðunum. Staðan kallar á að allir hlutaðeigandi komi fram af ábyrgð og festu, en ef marka má hegðun formannsins er ekki vist að hann eigi sér slíka hlið.



Sjóðir Eaton með nærri níu prósent í Eimskip

Fjárfestingasjóðir í stýringu Eaton Vance Management eiga orðið samanlagt nærri níu prósent hlut í Eimskip. Miðað við núverandi gengi bréfa er sá eignarhlutur metinn á um 3,3 milljarða króna.

Þeir tveir sjóðir í stýringu félagsins sem hafa látið hvað mest til sín taka eftir að Eaton hóf innreið sína á hérlandan hlutabréfamarkað 2015 – Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio – hafa frá því í nóvember bætt við sig um 2,7



Parick Campell, sjóðstjóri hjá Eaton.

prósenta hlut í Eimskip. Samkvæmt nýjum hluthafalista eiga sjóðirnir tveir nú sjö prósent hlut og þá eiga aðrir sjóðir Eaton Vance, sem ekki komast inn á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa, samanlagt um 1,7 prósent hlut.

Eaton Vance Management hefur síðustu mánuði og misseri minnkað markvisst við sig í flestum skráðum félögum fyrir utan Eimskip og Arion banka þar sem sjóðir félagsins hafa verið að bæta við hlut sinn. Hlutabréfaverð Eimskips hefur lækkað um 13 prósent frá áramótum. – hae

17.02.2019

Ég er að leggja lokahönd á tillögur mínar um sanngjarnara samfélag. Ef ríkið samþykkir þær nást samningar á vinnumarkaði. Annars ekki.

Árni Helgason lögmaður



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.


Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar



Markaðurinn ER Á FRETABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

FRETABLADID.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Austan 15-25 m/s, hvassast syðst. Rigning eða slydda á láglandi en hríðarveður til fjalla um landið norðan og austanvert. Hlýnar í veðri, fyrst sunnan til. Suðlæg átt 5-13 síðdegis, úrkomulítið og kólnar aftur, en vaxandi suðaustanátt seint í kvöld.



Fimmtudagur

Reykjavík 7° ↑ 9	Ísafjörður 3° ↑ 10	Akureyri 3° ↖ 4
Egilsstaðir 4° ↖ 10	Kirkjubæjarkl. 4° ↖ 6	Hveravellir 2° ↑ 15

Föstudagur

Reykjavík 5° ← 8	Ísafjörður 3° ↑ 8	Akureyri -1° ↑ 4
Egilsstaðir 5° ↑ 5	Kirkjubæjarkl. 2° ← 6	Hveravellir -1° ↑ 18

LÉTT

7	6	2				
			1	9	5	
	5		3		1	
6		3	9		8	
3	4		2		6	
		2	4	6		1
9	3	5	7			
					4	3
1	2			7		

MIDLUNGS

8		9	5		7	
	4		6		5	9
	3					
8		3			6	1
6		5			3	
	7		1	6		
	8		3		9	
1			2	6		
5			9	7		

PUNG

		3			1		
3	9		4	7		6	
7		1		8	6	3	
	3					8	
	6	7				3	4
							2
8	3		1			2	
	4				5	6	
7		9	3			4	

Krossgáta

LÁRÉTT

- týndist
- kostur
- slá
- þolanlega
- tveir eins
- flýtir
- fyrst fædd
- hófdýr
- rannsókn
- mildun

LÓÐRÉTT

- jökulсорfin klöpp
- kraumaði
- mjög
- högni
- talinn
- kosinn
- fjallsnöf
- sauðabari
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
			12		
13	14				
15				16	
	17				


LÁRÉTT: 1. hvárf, 5. val, 6. ra, 8. alívef, 10. lí, 11. así, 9. valinn, 12. enni, 14. sóf, 16. uu.
LÓÐRÉTT: 1. hvalbak, 2. vali, 3. all, 4. fress, 7. alíttinn, 12. eist, 13. asni, 15. kónunn, 17. líttinn.

Skák Gunnar Björnsson

Við höldum áfram með skák Hilms Freys Heimissonar (2.394) og Andreas Fossan (2.025) á NM í skólaskák.

30. Bf4+! Kxf4 31. Dxf6+ Kg3 32. Hh3+ (skemmtilegasta vinningsleiðin). **32.... Kxg2+ 33. Df3+ Kg1 34. 0-0-0# 1-0.** Skákhátíð MótX lauk í gær með öruggum sigri Hjörvars Steins Grétarssonar. Rúnar Ísleifsson sigraði á Skákþingi Hugins (norður).


www.skak.is: Skákframtíðin



1	4	2	8	9	3	6	5	7
5	3	8	6	1	7	4	2	9
6	7	9	2	4	5	8	1	3
7	8	4	5	6	9	1	3	2
3	6	1	4	7	2	5	9	8
2	9	5	1	3	8	7	4	6
4	1	7	3	2	6	9	8	5
8	2	6	9	5	4	3	7	1
9	5	3	7	8	1	2	6	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Kaka ársins 2019

Verð 3.490 kr.-

BJÖRNBAKARI
Sími: 561 1433

www.bjornbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18

Við skoðum
allar gerðir af
bifreiðum



Fólksbilar/jeppar



Felli -og hjólhýsi



Mótorhjól



Tjaldvagnar/kerrur



Vatnsvernd



Vörubílar



Eftirvagnar



Sendibílar



Hestakerrur



Hópbílar

Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði. Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.

Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum



Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201

IS OV 20 342



Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarkerki vísar til.

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.



Frumherji
www.frumherji.is

Efast um að mamma notaði orðið hugrekki

Fiðluleikarinn Ari Þór Vilhjálmsson hefur ráðið sig í ár til Fílharmóníunnar í Ísrael en áskilið sér rétt til að koma til Íslands í vor að spila einleik með Sinfó og aftur í sumar vegna tónlistarakademiunnar í Hörpu.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari er að hamast við að pakka niður úti í Helsinki í Finnlandi þegar þetta viðtal fer fram, því hann er um það bil að flytja föggur sínar þaðan til Ísraels. Hvað kemur til?

Ég sótti um og fékk eins árs tíma-bundna stöðu við Israel Philharmonic, sem er frekar vel þekkt hljómsveit, alþjóðlega séð. Ég verð þar leiðari annarrar fiðlu, sem er sama staða og ég er með herna. Tek við 1. mars og og er með tólf mánaða samning. En ég er ekki að segja upp eða hætta hér, heldur er bara að taka leyfi og á vonandi afturkvæmt hingað til Helsinki. Það er mjög fint að búa herna, allt svo vel rekið og virkar eins og það á að virka. Ég veit að ég geng ekki að því vísu að allt sé eins vel skipulagt í Ísrael. En mér finnst samt spennandi að breyta til.“

Spurður hvort hann hafi lent í harðri samkeppni um stöðuna svarar Ari: „Ég veit ekki hversu margir sóttu um, við vorum ekkert rosalega mörg þegar profuspilið var haldið og mér er sagt að það komi yfirleitt ekki margir að utan. Fólki líst ekkert alltof vel á gang mála. Skiljanlega!“

Hann hlær þegar ég dáist að hugrekki hans. „Ja, ég efast um að mamma notaði orðið hugrekki! En ég kom þrisvar til Tel Aviv í fyrra og ég upplifði aldrei óöryggi. Ég mun búa þar. Oft er sagt að Tel Aviv sé ekki týpískt Ísrael. Hún er svo fjölþjóðleg borg, frjálsslyndi er ríkjandi og engir öfgatrúarhópar í eina átt. Enda er frekar vandræðalaust lífið þar, allt annað mál í Jerúsalem og víða annars staðar í landinu. Þar er miklu meiri ólga. Enda kemur Tel Aviv sjaldan við sögu í samhengi við óeirðir.“

Vinir mínir sem búa í Tel Aviv, segja, að ef þeir fylgdust ekki með fréttum myndu þeir aldrei vita að ofríður ríkti á svæðinu, þegar þannig stendur á.“

Heldur góðum tengslum heim

Ari Þór hefur búið í Helsinki frá 2015 og er með fasta stöðu í Fílharmóníusveitinni þar, sem er önnur af tveimur mikilvægustu hljómsveitum Finnlands en hann kveðst koma frekar reglulega heim til Íslands.

„Ég var heima um hátíðarnar og nýtti tímann vel því ég spilaði hjá Kammermúsíklúbbnum í janúar. Þjó hjá mömmu en sá ekkert mjög mikið af fólkinu mínu, jú, við borðuðum saman nokkrum sinnum.“

Í fyrra kom ég, ef ég man rétt, þrisvar. Árið þar áður kom ég tíu sinnum en nú í ár kem ég líklega þrisvar í vinnuferðir, annaðhvort að spila eða kenna. Ég kenndi við Tónlistarskólann í Reykjavík áður en ég flutti út og gríp stundum í það enn. Svo er fólk í einkatímum hjá mér,“ segir Ari Þór, sem er framkvæmdastjóri stórs sumarnámskeiðs sem heitir Alþjóðlega tónlistarakademián í Hörpu og kennir þar. „Akademían var stofnuð sumarið 2013 og við höfum verið með allt upp í 150 nemendur en nú í sumar hugsa ég að þeir verði um 100. Ég hef reynt

Úr dómi

„Þeir Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari og Sigurgeir Agnarsson sellóleikari fluttu tónsmíðina og gerðu það af fádæma glæsi-leik. Spilamennskan var hrein og jöfn þrátt fyrir ofsahraða, en að sama skapi þrungin ótrúlegum sprengikrafti. Tónlistin sem slík er þó ekki sérlega innihaldsrík, hún er fyrst og fremst ætluð til að sýna tæknigetu flytjendanna, en ef hún er fyrir hendi þá er útkoman eins og sirkusatriði. Sú var raunin hér.“

Jónas Sen um lagið God Save the Queen sem flutt var á tónleikum Kammermúsíklúbbins í síðasta mánuði.

að halda góðum tengslum við tónlistarlífið á Íslandi eftir að ég flutti út og réði mig í Ísrael undir þeim formerkjum að ég fengi að koma heim að spila. Ég verð á landinu í ágúst vegna akademiunnar í Hörpu en fyrst spila ég einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands í maí. Þegar ég skrifaði undir samninginn minn í Ísrael þurfti ég að vera viss um að ég fengi að minnsta kosti tveggja vikna frí í kringum það og það fékkst, að sjálfsgöðu. Svo það er margt spennandi fram undan og auðvitað er vinna allt árið við að undirbúa Akademiuna og ganga frá.

Foreldrarnir ráðlögðu plan B

Móðir Ara Þórs er Gabriela Sigurðardóttir, prófessor í sálfræði í Háskóla Íslands. „Mamma er frá Mexíkó, hún var ellefu ára þegar hún flutti til Íslands með ömmu og þær voru fyrstu Mexíkóarnir sem fluttu til landsins. Ég hef heyrt ýmsar sögur, það voru víst mjög fáir útlendingar á Íslandi 1973, að minnsta kosti fáir dókkir með kol svart hár svo það var dálítið starað á hana. Pabbi heitir Vilhjálmur Gunnarsson og er frá Bolungarvík. Hann starfaði lengst sem kennari en núna vinnur hann á Vífilsstöðum.“

Kom aldrei annað til greina en tónlistin hjá þér? „Nei, þó foreldrar mínir vildu að ég færi í menntaskóla studdu þeir mig alltaf í tónlistinni, vildu bara að ég hefði líka plan B. Ég var svona tólf ára þegar ég áttaði mig á að ég yrði fiðluleikari og hafði aldrei áhuga á að gera neitt annað.“

Hann kveðst hafa numið fiðluleik í Tónlistarskólanum í Reykjavík frá 1996 til 2001 og fengið þar einstaklega gott veganesti. „Ég var hjá frábærum kennara, Guðnýju Guðmundsdóttur, sem í rauninni setti mig upp, fiðlulega séð. Ég var líka í menntaskóla á meðan, af því að fjölskyldan vildi ekki að ég hætti í honum, en það var svo mikið um að vera í Tónó, margir fræðilegir áfangar sem mér þóttu skemmtilegir, tónlistarsagan, tónheyrn, hljóðfræði. Svo var alltaf spennandi kammertónlist á hverri önn með hljómsveit en auðvitað stendur upp úr að ég fékk frábæra einkakennslu.“

Skólinn var stór, margir nemendur á sama stigi og ég og að vera hluti af stórum hópi sem er allur að gera það sama, skiptir miklu máli. Þar sköpuðust tengsl fyrir lífstíð og flestir sem hafa haldið áfram í tónlist eru annaðhvort í Sinfóníu-



„Ég var svona tólf ára þegar ég áttaði mig á að ég yrði fiðluleikari,“ segir Ari Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

ÉG VEIT EKKI HVERSU MARGIR SÓTTU UM, VIÐ VORUM EKKERT ROSALEGA MÖRG ÞEGAR PROFUSPILIÐ VAR HALDIÐ OG MÉR ER SAGT AÐ ÞAÐ KOMI YFIRLEITT EKKI MARGIR AÐ UTAN. FÓLKI LÍST EKKERT ALLTOF VEL Á GANG MÁLA. SKILJANLEGA!

hljómsveitinni eða að vinna annars staðar í tónlist þannig að við erum kollegar, skólinn er alger miðstöð fyrir tónlistarlífið.“

Dálitill sjónvarpsfíkill

Nú vil ég vita hvað hann Ari Þór gerir helst í tómstundum. „Þú spyrdst erfðra spurninga,“ segir hann hlæjandi og hugsar sig aðeins um. „Mér finnst gaman að lesa og ég er dálitill sjónvarpsfíkill, horfi samt ekki mikið á bíómyndir en sumar seríur. Þar fyrir utan þá bara snýst lífið voða mikið um hvaða tónlistarverkefni eru í gangi, þau taka mikinn tíma. Ég spilaði til dæmis

einleik með hljómsveitinni minni hér í Helsinki 8. desember, þrjátíu mínútna langan fiðlukonsert sem eiginlega allt síðasta ár fór í að undirbúa. Allt tókst rosa vel og var í alla staði skemmtilegt. Það komu níu manns frá Íslandi að horfa og hlusta, fimm úr fjölskyldunni og fjórir af mínum bestu vinum. Þetta var frábært tækifæri.“

Svo lýkur starfsárinu í maí þegar ég spila með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Það er óvanalegt að spila tvo konserta á vetri en mjög skemmtilegt. Síðan var þetta profuspil í Tel Aviv í október, þannig að ég er í góðu spilaformi núna!“

Einkaspæjari á eftirlaunum

BÆKUR

Barnið sem hrópaði í hljóði



Jónína Leósdóttir
Útgefandi: Mál og menning
Blaðsíðutal: 309

Eldri konur sem eru ekki í lögreglu en nýta innsæi sitt og reynslu til að leysa sakamál eru ekki óþekkt stærð í glæpasagnahefðinni. Þar má til að mynda nefna Miss Marple, hugarfóstur glæpasagnabráutryðjandans Agöthu Christie, og Jessicu Fletcher sem heillaði áhorfendur upp úr skónum í sjónvarpsþáttunum Murder she wrote á síðustu öld.

Edda Jónínu Leósdóttur er að vissu leyti nútímaútgáfan af þessum konum. Flott, hress og ákveðin kona sem er nýkomin á eftirlaun og leiðist óbærilega en í staðinn fyrir að drekkja sorgum sínum í rauðvíni (sem hún hefur reyndar mikið dálæti á) hefur hún ýmislegt fyrir stafni. Í þessari bók sem gerist síðsumars og er sú fjórða í röðinni um ævintýri hennar, hefur hún ráðið sig sem ráðskonu á heimili þar sem foreldrarir eru uppteknir og þarf



„Jónína leikur við lesandann og leiðir hann nokkrum sinnum á villustigu,“ segir Brynhildur, gagnrýnandi Fréttablaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

að sinna börnum og búi. Hún kynnist líka mæðgum sem burðast með stórt leyndarmál og svo fylgjast lesandur með konu sem lifir í stöðugum ótta við það sem eiginmaður hennar og barnsfaðir finnur henni

næst til foráttu með tilheyrandi afleiðingum. Nokkuð framan af bókinni er ekki auðvelt að sjá hvernig þessi mál tengjast en í lokin falla öll þúsl saman með hjálp Eddu. Heimilisofbeldi er í brennidepli



bókarinnar og tekst höfundur vel að lýsa liðan þeirra sem búa við slíkt skelfingarastand, ekki hvað síst barnanna, og má í raun segja að við fylgjumst með hverju og einu barnanna í sögunni mótast vegna atburða og tilfinninga sem ekkert barn á að þurfa að upplifa en því miður alltof mörg gera.

Þrátt fyrir þetta alvarlega umfjöllunarefni er bókinn létt og skemmtileg aflestrar og höfundur leikur við lesandann og leiðir hann nokkrum sinnum á villustigu þegar hann reynir að leysa gátur bókarinnar.

Persónan Edda er líka skemmtileg, hún er ung í anda en þó aldri sínum trú, fjarri því að vera gallalaus, forvitin svo liggur við hnýsni og færir oft fordóma sína og skilningsleysi á aðstæðum í orð. Þannig getur lesandinn tekið sína afstöðu

og fær einnig að fylgjast með því hvernig skilningur Eddu og þroski aukast með aukinni þekkingu á viðkvæmum og flóknum málefnum.

Barnið sem hrópaði í hljóði er virkilega skemmtilega skrifuð bók sem kjörð er að sökkva sér í á dimmum febrúarkvöldum en það sem situr

helst eftir að loknum lestri er þó hlutskipti barnanna í sögunni og von um að hægt verði að gera sem mest til að sem fæst börn þurfi að búa við ofbeldi.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTADA: Skemmtileg og spennandi glæpasaga sem tekst á við erfið málefni af alvöru og hlýju.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur
 hvar@frettabladid.is

20. FEBRÚAR 2019

Hvað? Með kvöldinu birti stöðugt-ljóðakvöld

Hvenær? Kl. 20.00

Hvar? Gröndalshús við Fischersund Ljóðakvöld Svikaskálda í Gröndalshúsi við Fischersund í kvöld, 20. febrúar. Skáldin sem lesa eru Brynjar Jóhannesson, Eva Rún Snorradóttir, Eyþór Gylfason, Jóna Kristjana Hólmeigsdóttir, Marinella Arnórsdóttir, Ólafur Daði Eggertsson, Karitas M. Bjarkardóttir og Þórdís Helgadóttir.

Hvað? A Plastic Ocean: Heimildarmyndarsýning

Hvenær? Kl. 20.00

Hvar? Bíó Paradís
 Verið velkomin á sýningu heimildarmyndarinnar A Plastic Ocean í Bíó Paradís í tilefni 50 ára afmælis Landverndar árið 2019. Í myndinni fylgjumst við með könnuðum og vísindamönnum skoða uppruna og afleiðingar plastmengunar í hafi og kynna lausnir til þess að draga úr henni.

Hvað? Þrjónakvöld á KEXI

Hvenær? Kl. 20.00

Hvar? KEXI hostel
 Miðvikudaginn 20. febrúar verður þrjónakvöld í Gym og tónik salnum á KEXI hosteli frá kl. 20.00-22.00. Kvöldið er opið fyrir alla, byrjendur jafnt sem lengra komna. Það væri gaman að sjá sem flesta. Kvöldið er ekki bundið við handþrjón, heklarar eru að sjálf-sögðu velkomnir líka. Ístex ætlar að gefa nokkra hnykla og það verða þrjónar á staðnum þannig að þeir sem eiga ekkert geta mætt og prófað sig áfram með því efni sem er í boði.

Hvað? Næring og heilbrigð skynsemi

Hvenær? Kl. 17.15-19.00

Hvar? Heilsuvernd, Urðarharvari 14
 Taktu heilsuna í þínar hendur og taktu skrefið alla leið til betri



Árni Björnsson heldur erindi um þorrann í Bókasafni Kópavogs í dag kl. 12.15.

heilsu með Heilsuvernd. Sex vikna námskeið sem hjálpar þér að ná góðum tókum á lífsstílnum. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja breyta um lífsstíl með það að markmiði að öðlast betri heilsu og vellíðan.

Hvað? Aftansöngur í Langholtskirkju

Hvenær? Kl. 18.00

Hvar? Langholtskirkja
 Flutt verður falleg kórtónlist úr ýmsum áttum. Nemendur í kórstjórn við Listaháskólann og Tónskóla Þjóðkirkjunnar stjórna og syngja. Jóhanna Gísladóttir þjónar.

Hvað? Menning á miðvikudögum – Þorrinn

Hvenær? Kl. 12.15-13-00

Hvar? Bókasafn Kópavogs
 Árni Björnsson þjóðháttafræðingur heldur erindi um þorrann. Fjallað verður um merkingu orðsins þorri, vísbendingar um þorrablót í heidni, þorrabragi og þorrafagnað á sveitaheimilum á liðnum öldum, endurvakningu opinberra þorrablóta í kaupstöðum og sveitum á 19. öld, þorrasöngva, þorrablót áttahagafelaga á 20. öld, konudags- og bóndadagsblót og loks upphaf þorrablóta á veitingahúsum og tilkomu orðsins þorramatur.

Hvað? Sósíalístakaffi: Hvert stefnir VR?

Hvenær? Kl. 20.00

Hvar? Dósaverksmiðjan, Borgartúni 1

Sósíalístakaffi í kvöld, 20. febrúar: Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, ræðir um breyttar áherslur félagsins og stöðuna í kjarabaráttunni. Allir sósíalistar, félagar í VR og annað áhugafolk um réttlæti og jöfnuð hvatt til að mæta, hlusta á Ragnar, spyrja hann eða leggja til umræðunnar með öðrum hætti. Frambjóðendur til stjórnar VR hvattir til að sýna sig.

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
 Löggiltur rafverktaki
 Sími: **696 5600**
 rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
 Síðumúla 34 • 108 Reykjavík
 Sími 696 5600 • rafsol@rafsol.is

SUNSTAR G·U·M
 HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.SM
Tannlækna mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
 Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
 www.artasan.is

Blekhyllki.is

Ódýr blekhyllki og tónerar!
 Blekhyllki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
 HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁÑAR Á BIOPARADIS.IS

Shoplifters//Búðabjófár (ENG SUB)	17:40	Free Solo (ENGLISH - NO SUB)	20:00
Transit (GERMAN & FRENCH W/ICE SUB)	18:00	Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB)	22:10
Tryggð // The Deposit (ENG SUB)	18:00	Kalt stríð // Cold War (ENG SUB)	22:10
Planeta Singli 3 (POLISH W/ENG SUB)	20:00	Damsel (ENGLISH - NO SUB)	22:10



Virkir dagar á Rás 2



Morgunútvarpið kl. 6.50

Sigmar, Hulda og Helgi vekja hlustendur með glóðvolgum fréttum og snarpri umfjöllun um samfélagsmál.



Morgunverkin kl. 9

Þórður Helgi spilar allt það besta sem heimurinn hefur alið af sér og hlustendur geta verið með.




Poppland kl. 12.45

Án allra landamæra. Einn elsti og virtasti tónlistarpáttur landsins. Umsjónarmenn: Possi, Ólafur Páll og Karítas.



Síðdegisútvarpið kl. 16

Guðmundur, Hafdís Helga og Andri Freyr halda ykkur vel upplýstum um menn og málefni á leið úr vinnu og spilar nóg af góðri tónlist.



Hvar og hvenær sem þér hentar

Þú finnur upphaldsbættina þína í spilara RÚV, á ruv.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

- 13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útvarp 2012-2013 Fljótsdalshérað - Reykjanesbær
- 13.55 Úr Gullkistu RÚV. Mósaik
- 14.30 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum
- 14.55 Síammyndasmiðir
- 15.25 Úr Gullkistu RÚV. Á tali hjá Hemma Gunn 1987-1988
- 16.40 Úr Gullkistu RÚV. Átjándi öldin með Péttri Gunnarssyni
- 17.15 Paradísarheimt
- 17.45 Tákn málsfréttir
- 17.55 Disneystundin
- 17.56 Nýi skólinn keisarans
- 18.18 Sigildar teiknimyndir
- 18.25 Dóta læknir
- 18.50 Krakkafréttir
- 18.54 Vikinglotto
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.00 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmennta- og bókelskiðum í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason.
- 20.40 Nálspor tímans Þættir frá BBC þar sem Amber Butchart skoðar líf sögufrægra persóna út frá fótunum sem þær klæddust.
- 21.10 Nútímafjölskyldan Sænsk þáttaröð um flækjurnar sem geta átt sér stað í samsettum fjölskyldum. Lisa og Patrik eiga bæði börn úr fyrri samböndum og gera sitt besta til að fjölskyldulífið gangi vel fyrir sig. Það gerir þeim þó erfitt fyrir að börnin eru ekkert sérlega spennu fyrir nýju stjúppforeldrum sínum, fyrrverandi eiginmaður Lisu hefur ekki enn sætt sig við að hjónabandinu sé lokið og fyrrverandi konu Patriks finnst þau öll vera alveg vonlaus. Aðalhlutverk. Vera Vitali, Erik Johansson, Fredrik Hallgren og Petra Mede. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Börn með skilarétti. Endurættleiðing í Bandaríkjunum Heimildarmynd um ættleiðingar í Bandaríkjunum. Þar í landi er foreldrum ættleiddra barna heimilt að losa sig við börnin ef þeim snýst hugur varðandi ættleiðinguna með þeim skilyrðum að þau finni þeim ný heimili. Allt að fjórðungur ættleiddra barna er endurættleiddur á þennan máta í Bandaríkjunum.
- 23.15 Stacey Dooley. Kynlífsiðnaðurinn í Japan Heimildarmynd frá BBC þar sem Stacey Dooley rannsakar kynlífsvæðingu ungra stúlkna í Japan. Landið hefur hlotið harða gagnrýni fyrir viðhorf sín til barnakláms, en aðeins eru nokkur ár síðan bann var lagt við eigu á barnaklámi. Dooley skoðar hvaða breytingar, ef nokkrar, bannið hefur haft í för með sér. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
- 00.05 Kastljós
- 00.20 Menningin
- 00.30 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

- 08.00 Genesis Open
- 13.00 Golfing World
- 13.50 Genesis Open
- 18.50 Golfing World
- 19.40 Champions Tour Highlights
- 20.35 PGA Highlights

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Rádió
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Tonight Show
- 09.30 The Late Late Show
- 10.15 Síminn + Spotify
- 12.20 The King of Queens
- 13.05 Dr. Phil
- 14.15 Trúnó
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Tonight Show
- 19.00 The Late Late Show
- 19.45 Life in Pieces
- 20.10 Charmed
- 21.00 Chicago Med
- 21.50 Bull
- 22.35 Taken
- 23.20 The Tonight Show
- 00.05 The Late Late Show
- 00.50 NCIS
- 01.35 NCIS. Los Angeles
- 02.20 A Million Little Things
- 03.05 The Resident
- 03.50 How to Get Away with Murder

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Tónlist frá A til Ö
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Samtal um ríkisvald og trúarbrögð
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Útvarp Krakka RÚV
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.35 Kvöldsgagan. ÖR
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Passíusálmar. Lestur hefst (1 af 50)
- 22.15 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.30 Middle School. The Worst Years of My Life
- 13.05 Wilson
- 14.40 Emma's Chance
- 16.15 Middle School. The Worst Years of My Life
- 17.50 Wilson
- 19.25 Emma's Chance
- 21.00 Hacksaw Ridge
- 23.15 Manchester By the Sea
- 01.30 Baby Driver
- 03.25 Hacksaw Ridge

STÖÐ 2

- 07.00 The Simpsons
- 07.25 Ævintýri Tinna
- 07.50 Friends
- 08.10 The Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 The Newsroom
- 10.40 Jamie's 15 Minute Meals
- 11.05 Bomban
- 12.05 Enlightened
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Masterchef USA
- 13.40 Margra barna mæður
- 14.15 Dýraspítalinn
- 15.20 Svörum saman
- 15.55 Suður-ameríski draumurinn
- 16.30 Kevin Can Wait
- 17.00 Bold and the Beautiful
- 17.20 Nágrannar
- 17.45 Ellen
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Sportpakkinn
- 19.20 Veður
- 19.25 Vikingalottó
- 19.30 Mom
- 19.50 Jamie's Quick and Easy Food
- 20.15 Heimsókn
- 20.35 Grey's Anatomy
- 21.20 The Good Doctor
- 22.05 Suits
- 22.50 Lovleg
- 23.15 NCIS
- 00.00 The Blacklist
- 00.45 Magnum P.I
- 01.30 Counterpart
- 02.25 Room 104
- 02.55 Six Feet Under
- 03.50 Six Feet Under
- 04.50 Six Feet Under
- 05.50 Camping

STÖÐ 3

- 19.05 Modern Family
- 19.30 Silicon Valley
- 20.00 Seinfeld
- 20.25 Friends
- 20.55 Man Seeking Woman
- 21.20 All American
- 22.05 Gotham
- 22.50 Game Of Thrones
- 23.50 The New Girl
- 00.15 Supergirl
- 01.00 Arrow
- 01.45 Modern Family
- 02.10 Silicon Valley
- 02.40 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.30 SPAL - Fiorentina
- 09.10 Real Betis - Alaves
- 10.50 Liverpool - Bayern Munchen
- 12.30 Lyon - Barcelona
- 14.10 Rayo Vallecano - Atletico Madrid
- 15.50 Spænsku mörkin
- 16.20 Evrópudeildin - fréttapáttur 17.10 Sevilla - Lazio Bein útsending
- 19.30 Meistaradeildin - upphitun
- 19.50 Atletico Madrid - Juventus Bein útsending
- 22.00 Meistaradeildarmörkin
- 22.30 Keflavík - KR

STÖÐ 2 SPORT 2

- 07.40 QPR - Watford
- 09.20 Bristol - Wolves
- 11.00 Newport - Man. City
- 12.40 Inter - Sampdoria
- 14.20 Blackburn - Middlesbrough
- 16.00 Football League Show
- 16.30 Liverpool - Bayern Munchen
- 18.10 Lyon - Barcelona
- 19.50 Schalke - Manchester City Bein útsending
- 22.00 Sevilla - Lazio
- 23.40 Atletico Madrid - Juventus

- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100

- FM 102,9 Lindin

Sírius



Súkkulaðipáskaegg

DORÉ KARAMELLUSÚKKULAÐI


NÓI SÍRÍUS

Gleðilega
páska



Gleðilega páska

Páskaegginn frá Nóa Sírius eru án efa orðin ein af ríkustu hefðunum í páskahátíð Íslendinga. Undirstaða páskaeggsins er vitaskuld hið ljúffenga súkkulaði frá Nóa Sírius. Ekki má gleyma málshættinum sem gefur páskaeggjum Nóa Sírius hinn hátíðlega blæ. Þessi vinsæla hefð sameinar kynslóðir og skapar ljúfar minningar með þjóðinni.

Þegar gómsætu gæðasúkkulaði er blandað saman við silkimjúka karamellu getur útkoman ekki orðið annað en syndsamlega gott karamellusúkkulaði. Njóttu þess að láta Doré karamellusúkkulaðið bráðna í munnum á þér.

Þessir hlutu viðurkenningu Michelin

Á mánudag var tilkynnt við hátíðlega athöfn í Árósum um hinar virtu Michelin-viðurkenningar á Norðurlöndunum og komu níu íslenskir veitingastaðir þar við sögu.

THE MICHELIN PLATE

Þessi viðurkenning var innleidd í leiðarvísinn á síðasta ári og merkir að skoðunarmenn Michelin hafi fundið hágæða mat á viðkomandi stað. Átta íslenskir veitingastaðir voru nefndir en veitt er einkunn fyrir andrúmsloft og þægindi staðarins, einkunnin er táknuð með skeið og gaffli í kross, allt frá einum og upp í fimm krossa. Sjó íslenskir veitingastaðir fengu þessar viðurkenningar.

Einn kross: Nokkuð þægilegur veitingastaður.

Tveir krossar: Þægilegur veitingastaður.

Þrjú krossar: Mjög þægilegur veitingastaður.

Fjórir krossar: Framúrskarandi þægindi.

Fimm krossar: Lúxusveitingastaður.



DILL

Veitingastaðurinn DILL sem var fyrsti íslenski veitingastaðurinn til að fá hina eftirsóttu Michelin-stjörnu missti hana við valið í ár en fékk aftur á móti Michelin Plate-viðurkenningu og tvo krossa. Í umsögn um staðinn er hann nefndur sem eftirlætis áfangastaður þeirra sem vilja ný-norræna matargerð (New Nordic Cooking). Dimmlystur staðurinn sem minnir helst á gamla hlöðu býður upp á matsæðil þar sem hið hefðbundna mætir hinu nýstárlega og úr verður skapandi og litrík matargerð í góðu jafnvægi.



MOSS

Veitingastaðurinn Moss sem hlaut tvo krossa stendur við Bláa lónið og er útsýnið sérstaklega tiltekið í umsögninni. Mælt er til þess að njóta fimm til sjö rétta smakkseðilsins með framúrskarandi vínseðli staðarins. Jafnvel að fá að kíkja í vinkjallarann.



Veitingastaðurinn Skál á Hlemmi hlaut hina eftirsóttu Bib Gourmand viðurkenningu.

SKÁL

Veitingastaðurinn Skál á Hlemmi hlaut hina eftirsóttu Bib Gourmand-viðurkenningu. Þessi liður bókarinnar var kynntur árið 1955. Bib er stytting á Bibendum sem er nafnið á hinum heimsfræga Michelin-manni. Undir liðinn falla veitingastaðir sem bjóða upp á frábærlega góðan mat á hóflegu verði. Verðið verður þá að vera fyrir neðan ákveðið mark sem er útreiknað miðað við verðlag í viðkomandi landi.

Í umsögn um staðinn segir að um sé að ræða afslappaðan, skemmtilegan og vinaléan stað sem bjóði upp á nýstárlegar útgáfur af hefðbundnum íslenskum réttum sem tilvaldir séu til að deila. Réttirnir séu vel útláttnir, bragðmiklir og á sanngjörnu verði.



NOSTRA

Veitingastaðurinn Nostra hlaut tvo krossa en í umsögn eru gestir hvattir til að láta ytra byrði byggingarinnar ekki fæla sig frá, því að innan sé veitingastaðurinn minimalískur og nútímalegur. Maturinn sé úr besta mögulega hráefni, borinn fram á einstakan hátt og bragðið frábært.



SUMAC

Þetta, að sögn Michelin, líflega brasserie hlaut tvo krossa og fær hrós fyrir innréttingar. Íslenskt hráefni undir áhrifum frá Mið-Austurlöndum, allt frá Norður-Afríku til Libanons. Sérstaklega er mælt með meze-réttunum sem ætlað er að deila.

GRILLIÐ

Veitingastaðurinn sem sagður er staðsettur á toppi 50 ára hótels hlýtur jafnframt tvo krossa. Sérstaklega er talað um loftskreytingarnar með stjórnumerkjunum en þó eru lesendur fullvissaðir um að útsýnið muni frekar fanga athyglina, sérlega við sólarlag. Norrænir réttir bornir fram á skapandi hátt af ungu teyminu.

MATUR OG DRYKKUR

Staðurinn sem lýst er sem litlum og einföldum fær einn kross. Gamlar uppskriftir ganga í endurnýjun lífdaga og útkoman er ljúffengir réttir með skapandi tvísti.

ÓX

Hinn vel faldi veitingastaður Óx hlaut tvo krossa en matsæðillinn er sambland nýrrar og eldri matargerðar með áherslu á innlent hráefni. Réttirnir eru frumlegir og fallega frambornir og bragðast frábærlega.

VOX

Veitingastaðurinn Vox á Hilton hlaut tvo krossa og þykir því þægilegur. Sérstaklega er minnst á vinsældir hádegishlaðborðsins og smakkseðlana sem boðið er upp á á kvöldin. Matreiðslan er sögð bæði skapandi og nýstárleg.

bjork@frettabladid.isw



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Matarmiklar súpur
FULLELDAÐAR
Aðeins að hita

**MINNA PLAST
MINNI MENGUN**



1 kg

Umhverfisvænni
UMBÚÐIR
Sömu góðu súpurnar

1.598
kr. 1 kg

Mexíkósk Kjúklingasúpa, 1 kg
Ungversk Gúlassúpa, 1 kg
Íslensk Kjötsúpa, 1 kg



2
brauð í pakka

129
kr. pk.

Hvítlauksbrauð
Frosin, 2 stk. í pakka



BONUS EKKERT BRUÐI

SIMBA®



Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

Við höfum búið til eina þróðustu dýnu heims

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

Fáðu betri svefn
- sama hvert svefnmynstur þitt er.

SIMBA STÆRÐIR	VERÐ
Dýna 80 x 200 cm	69.900
Dýna 90 x 200 cm	79.990
Dýna 90 x 210 cm	82.900
Dýna 100 x 200 cm	84.900
Dýna 120 x 200 cm	94.990
Dýna 140 x 200 cm	104.990
Dýna 160 x 200 cm	124.990
Dýna 180 x 200 cm	139.990
Dýna 180 x 210 cm	149.990
Dýna 200 x 200 cm	154.990



Komdu og kynntu þér Simba í næstu Dormaverslun eða á www.simba.is

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtgördum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast

**LÍFIÐ ER Á
FRÉTTABLAÐIÐ.IS**

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Guðrún Ýr fór á Þjóðhátíð í fyrsta sinn í fyrra og segist vonast eftir betra veðri í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Af unglíngalandsmóti á stóra sviðið í Eyjum

Tónlistarkonan **Guðrún Ýr Eyfjörð**, söngkona bandsins GDNR, er ein þeirra sem tilkynnt var í dag að kæmu fram á Þjóðhátíð í Eyjum nú í ár og segist hún spennt að koma fram á stóra sviðinu.

Guðrún Ýr upplifði sína fyrstu Þjóðhátíð í fyrra og segist full eftirvæntingar fyrir komandi verslunarmannahelgi en jafnframt vonast til að fá betra veður en síðast. „Ég fór í fyrsta skipti á Þjóðhátíð í fyrra, við vorum að spila á Bar 900 og fengum bílað veður. Fyrstu kynni mín af Þjóðhátíð voru því frekar blaut,“ segir Guðrún og hlær en hún og fleiri tónlistarmenn gistu í tjaldi í eina nótt. „Það var ansi kalt og blautt,“ viðurkennir Guðrún og býst við að gista í húsi nú í ár. „Það er virkilega spennandi að fá tækifæri til að koma fram á stóra sviðinu fyrir framan svona margt fólk.“

Kepti í fótbolta og frjálsum um verslunarmannahelgar
Guðrún upplifði eins og fyrr segir sína fyrstu Þjóðhátíð á síðasta ári, þá sem skemmtikraftur. Fram að því segist Guðrún hafa stundað unglíngalandsmótin um verslunarmannahelgina eða ferðast um landið með fjölskyldu sinni. „Á unglíngarárunum var ég alltaf að keppa í fótbolta og frjálsum á Unglíngalandsmótum um verslunarmannahelgina, svo hafa þetta aðallega verið ferðalög með fjölskyldunni eða Innipúkinn í bænum. Þjóðhátíð í fyrra var í raun í fyrsta sinn sem ég upplifði alvöru skrall um þessa helgi. Það var mjög mikil upplifun fyrir mig og verður örugglega bara skemmtilegra núna.“



Guðrún Ýr upplifði sína fyrstu Þjóðhátíð í fyrra.

ÞAD ER VIRKILEGA SPENNANDI AÐ FÁ TÆKIFÆRI TIL AÐ KOMA FRAM Á STÓRA SVIÐINU FYRIR FRAMAN SVONA MARGT FÓLK.

Tilnefnd til Nordic Music Prize
Plata GDNR, Hvað ef, er tilnefnd til Nordic Music Prize sem plata ársins en verðlaunin verða afhent í Ósló undir lok mánaðar. Tvær plötur íslensks tónlistarfólks eru tilnefndar en plata tónlistarkonunnar GYDA, Gyðu Valtýsdóttur, Evolution, hlaut einnig tilnefningu. Íslenska tónlistarfólkið keppir við ekki minni nöfn en Robyn og Jenny Wilson frá Svíþjóð, auk tónlistarfólks frá hinum Norðurlöndunum.

„Það var eiginlega smá sjokk að fréttastærta tilnefningu og auðvitað mikill heiður. Ég fer með flugi út á afhendinguna en ég var aðeins að gúgla hátíðina og sé að þetta er alveg „smóking fint“,“ segir Guðrún. Þó hún sé ekki búin að ákveða hverju hún klæðist á stóra kvöldinu segir hún það „allt í vinnslu“.

Forsala á Þjóðhátíð hefst í dag, miðvikudag, en fyrstu nöfnin sem tilkynnt er að komi fram á hátíðinni eru auk GDNR Herra Hnetu-smjör, tónlistarmaðurinn Huginn og raftónlistartvíeykið ClubDub. Fleiri tónlistarmenn verða tilkynntir á næstu vikum en aðstandendur lofa stærstu Þjóðhátíð til þessa.

bjork@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Guðaf Bjarnason guðaf@frettabladid.is, Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava Ó'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is **FÓLK/SERBLÓÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnar@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is **FÓLK OG SERBLÓÐ EFNÍ:** Benedikt Boas Hinriksson benediktboas@frettabladid.is **RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vidar@frettabladid.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir guðruninga@frettabladid.is

GRÆN FJÁRMÖGNUN TIL BETRI FRAMTÍÐAR

Orkuveita Reykjavíkur vinnur með umhverfinu

Nú í febrúar gaf OR út sín fyrstu grænu skuldabréf til fjármögnunar á verkefnum sem hafa jákvæð umhverfis- og loftslagsáhrif.

Meðal verkefna sem skuldabréfaútgáfan mun fjármagna eru:

- **CarbFix** niðurdælingarverkefnið við Hellsheiðarvirkjun
- **Snjallmælavæðing** á veitusvæði Veitna
- 40% léttara kolefnisspor 2023
- Innviðir fyrir **orkuskipti** í samgöngum

Útgáfan markar stórt skref í að samþætta fjármögnun, samfélagsábyrgð og sameiginlega baráttu okkar allra fyrir bættu umhverfi. Við höfum sett okkur metnaðarfull markmið í umhverfis- og loftslagsmálum og vinnum að þeim af heilum hug.

Nánari upplýsingar um græn skuldabréf og verkefni framundan á or.is.

40.000
• RAFBÍLAR FYRIR ÁRSLOK
2023

40%
• LÉTTARA KOLEFNISSPOR
2023



BAKÞANKAR

Jónu Hrnar
Bolladóttur



Segðu mér sögu

Einn af mínum ógleymanlegu fermingarsonum sat við morgunverðarborðið með móður sinni og það vildi svo til að það var viðtal við mig í morgunútvarpi. Þegar því var lokið sagði pilturinn: Hún Jóna Hrónn er alltaf að æfa sig í að verða gömul. Af hverju segir þú það? spurði mamman. Hún er alltaf að segja sögur, ansaði hann. Blessaður drengurinn var búinn að sitja hjá mér í fermingarfræðslu og hlýða á biblíusögurnar heilan vetur. Í dæmisögum Jesú er sterkur undirtónn af jákvæðri sálfræði sem varpar ljósi á styrkleika, veikleika, tilfinningar og gildi. Það er t.d. mikilvægt fyrir nútímaunglinga að heyra söguna af mannum sem byggði á bjargi og hinum sem byggði á sandi; það besta í lífinu kostar oft mikla þrautseigju. Sá sem ætlar létt í gegnum lífið missir af því.

Við þekkjum það hvernig sömu sögur eru sífellt endurteknar innan fjölskyldna. Þetta eru sögur af barnsfæðingum, bílakaupum, flutningum, fyndnum tilsvörum barna, gaman- og áfallasögur. Fjölskylda sem hættir að segja sögur gliðnar með tímanum. Sama gildir um þjóðfélagið. Ef sögurnar þagna missir samfélagið af sjálfu sér. Hver einasti fréttatími er sögustund. Minningarorð við jarðarfari er hluti af sagnahefð okkar. Svo eigum við þjóðsögur, ævintýri, rapp-texta og ótal fleiri sagnaform sem hjálpa okkur að skilja lífið. Blái hnötturinn, Gosi og sagan af Ríka bóndanum fjalla um það þegar fólk gleymir raunverulegum lífsgildum og verður græðgi að bráð. Rauðhetta, Vesalingarnir og píslarsaga Krists kenna okkur margt um eðli ofbeldismenningar. Dýrin í Hálsaskógi, hjónaband Hallgerðar og Gunnars á Hliðarenda og sagan af Týnda syninum varpa ljósi á hefnd og fyrirgefningu ... Höldum áfram að segja sögur.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

FYRIR SVANGA FERÐALANGA

TORTILLA OG GOS* COMBO VERÐ: **499 KR**

Kvikk
ON THE GO

*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni. Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

GAMAN Í SUMAR!

SÓLARFERÐIR • SIGLINGAR • FÓTBOLTI • BORGIR • SÉRFERÐIR
HREYFI- OG LÍFSTÍLSFERÐIR • TÓNLEIKAR OG HÓPAFERÐIR

Nýjung hjá Gaman



★★★★
H10 Salou Princess
Salou
VERÐ FRÁ **79.900**
á mann m.v. 2 fullorðna
FERÐATÍMABIL **31. MAÍ – 7. JÚNÍ**
Morgunverður innifalinn

Aðeins fyrir fullorðna



★★★★
H10 Delfin Salou
Salou
VERÐ FRÁ **69.900**
á mann m.v. 2 fullorðna
FERÐATÍMABIL **15. – 22. MAÍ**
Morgunverður innifalinn



Góður kostur



★★★★
H10 Mediterranean Village
Salou
VERÐ FRÁ **102.900**
á mann m.v. 2 fullorðna
FERÐATÍMABIL **3. – 10. JÚNÍ**
Morgunverður innifalinn



Lítið og notalegt



★★★★
GHT Sa Riera
Tossa de Mar
VERÐ FRÁ **71.900**
á mann á mann m.v. 2 fullorðna
FERÐATÍMABIL **31. MAÍ – 7. JÚNÍ**
Morgunverður innifalinn

Frábær staðsetning



★★★★
Gran Hotel Reyomar
Tossa de Mar
VERÐ FRÁ **89.900**
á mann m.v. 2 fullorðna
FERÐATÍMABIL **15. – 22. MAÍ**
Morgunverður innifalinn

Alltaf vinsælt



★★★★
Anabel
Lloret de Mar
VERÐ FRÁ **94.900**
á mann m.v. 2 fullorðna
FERÐATÍMABIL **3. – 10. JÚNÍ**
Morgunverður innifalinn



Skoðaðu úrvalið á gaman.is!

Gaman
Ferðir

Innifalið í verði er flug, skattar, 20 kg taska, handfarangur og gisting. Verðdæmi miðast við börn 2–11 ára.

www.gaman.is / 560 2000 / Bæjarhraun 14, 220 Hafnarfirði / gaman@gaman.is